

AÐALSKIPULAG SUÐURNESJABÆJAR 2022-2034

Greinargerð – Tillaga

24. október 2022



AÐALSKIPULAG SUÐURNESJABÆJAR 2022-2034

Greinargerð - Tillaga

24. október 2022



Samþykktir

Aðalskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2021 m.s.br., var samþykkt í bæjarstjórn Suðurnesjabæjar

þann _____

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun

þann _____

Ath. Fyrirvari vegna Keflavíkurflugvallar

Önnur skipulagsgögn

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034. Aðalskipulagsuppdráttur – Tillaga. Dags. 24. október 2022. Sveitarfélagsuppdráttur í mælikv. 1:20.000, Garður, þéttbýli í mælikv. 1:10.000 og Sandgerði, þéttbýli í mælikv. 1:10.000. Blaðstærð A0.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034. Valkostagreining og umhverfismatsskýrsla. Dags. 24. október 2022 – A4.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034. Skýringaruppdráttur 1 – Göngu- og hjólaleiðir. Dags. 24. október 2022 – A3.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034. Skýringaruppdráttur 2 – Vegir í náttúru Íslands. Dags. 24. október 2022 – A3.

EFNISYFIRLIT

<i>Efnisyfirlit</i>	iii	3.5 Byggðamynstur og gatnanet	20
Inngangur	6	3.6 Viðhorf íbúa til umhverfis og þjónustu.....	22
1 <i>Aðalskipulag</i>	7	3.7 Gæði byggðar og sjálfbærni daglegs lífs	22
1.1 Tildrög	7	3.8 Valkostir um þróun byggðar	24
1.2 Tilgangur og markmið endurskoðunar	7	3.9 Íbúðarbyggð	25
1.3 Lagaumgjörð skipulagsgerðar	7	3.10 Miðsvæði	26
1.4 Yfirlit yfir Skipulagssvæðið	8	3.11 Frístundasvæði	26
Afmörkun aðalskipulags	8	3.12 Markmið og stefna – Byggð	28
Staðhættir og umhverfisaðstæður	8	4 <i>Lífriki og landslag</i>	30
1.5 Framsetning.....	9	4.1 Fyrirliggjandi stefna um lífríki og landslag	30
1.6 Vinnuferli	9	4.2 Landslag	30
Umsagnir, samráð og þátttaka hagsmunaaðila	9	4.3 Náttúruverndarsvæði	31
Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög	10	4.4 Hverfisvernd náttúruminja	31
1.7 Afgreiðsla skipulagsins (uppfært síðar)	11	4.5 Markmið og stefna – Lífríki og landslag	34
1.8 Helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi	11	5 <i>Náttúruvá og öryggi</i>	35
1.9 Eftirfylgni og vöktun	12	5.1 Fyrirliggjandi stefna um náttúruvá og öryggi	35
Helstu áherslur	13	5.2 Veðurfar	35
2 <i>Leiðarljós og meginmarkmið</i>	14	5.3 Sjávarflóð	36
2.1 Leiðarljós	14	5.4 Greining á þörf fyrir sjóvarnir	36
2.2 Meginmarkmið	15	5.5 Aftakaveður	37
Sjálfbært og aðlaðandi samfélag	15	5.6 Jarðskjálftar og eldsumbrot	38
Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf	15	5.7 Markmið og stefna – Náttúruvá og öryggi	38
Traustir og hagkvæmir innviðir	16	6 <i>Menningar- og búsetuminjar</i>	39
Vel menntað og heilbrigt samfélag	16	6.1 Fyrirliggjandi stefna um menningar- og búsetuminjar	39
Sjálfbært og aðlaðandi samfélag	17	6.2 Fornleifar	40
3 <i>Byggð</i>	18	6.3 Búsetu- og menningarlandslag	40
3.1 Fyrirliggjandi stefna um byggð	18	6.4 Byggingararfur og húsfriðun	40
3.2 Loftlagsbreytingar og viðbrögð við þeim	18	6.5 Verndarsvæði í byggð	40
3.3 Núverandi byggð	19	6.6 Sögustaðir	40
3.4 Íbúápróun	19	6.7 Markmið og stefna – Menningar- og búsetuminjar	42
		7 <i>Auðlindir</i>	43
		7.1 Fyrirliggjandi stefna um auðlindir	43
		7.2 Orka	43
		7.3 Neysluvatn	43
		7.4 Loftgæði	44

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

7.5	Hljóðvist.....	44
7.6	Markmið og stefna – Auðlindir	45
Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf		46
8	Atvinna.....	47
9	Verslun- og önnur þjónusta.....	50
10	Iðnaðar- og athafnasvæði.....	53
11	Afþreyingar- og ferðapjónusta.....	56
12	Hafnarsvæði.....	59
12.3	Sandgerðishöfn	60
13	Orkuvinnsla	61
14	Efnistaka og vinnsla	62
14.1	Fyrirliggjandi stefna um efnistöku og vinnslu.....	62
14.2	Efnistökusvæði	62
14.3	Efnislosunarsvæði.....	62
14.4	Markmið og stefna – Efnistaka og vinnsla.....	62
15	Landbúnaður, landgræðsla og skógrækt	64
15.1	Fyrirliggjandi stefna um landbúnað, landgræðslu og skógrækt	64
15.2	Landbúnaðarsvæði	64
15.3	Landgræðsla og skógrækt	64
15.4	Markmið og stefna – Landbúnaður, landgræðsla og skógrækt.....	66
Traustir og hagkvæmir innviðir		68
16	Veitur og fjarskipti.....	69
17	Samgöngur.....	73
17.1	Fyrirliggjandi stefna um samgöngur	73
17.2	Göngu-, hjóla- og reiðleiðir	73
17.3	Vegir og gatnakerfi	75
17.4	Valkostir um legu ofanbyggðavegar í Garði	76
17.5	Keflavíkurflugvöllur	78
17.6	Almenningasamgöngur	79
17.7	„Vegir í náttúru Íslands“	79

17.8	Markmið og stefna – Samgöngur	80
18	Sorphirða og endurvinnsla	82
Vel menntað og heilbriggt samfélag		84
19	Samfélagsþjónusta.....	85
19.3	Skólar og íþróttahús	85
20	Útivist, íþróttir og opin svæði.....	89
Stefna um landnotkun		93
21	Almenn atriði.....	94
22	Landnotkun	95
22.1	Íbúðarbyggð (ÍB)	95
22.2	Miðsvæði (M)	100
22.3	Verslun og þjónusta (VP)	102
22.4	Samfélagsþjónusta (S)	105
22.5	Athafnasvæði (AT)	108
22.6	Iðnaðarsvæði (I).....	111
22.7	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	113
22.8	Frístundabyggð (F).....	114
22.9	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	115
22.10	Íþróttasvæði (ÍÞ)	117
22.11	Kirkjugarðar og grafreitir (K)	119
22.12	Opin svæði (OP)	120
22.13	Hafnir (H).....	122
22.14	Landbúnaðarsvæði (L).....	123
22.15	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL).....	125
22.16	Óbyggð svæði (ÓB).....	127
22.17	Vötn, ár og sjór (V)	128
22.18	Strandsvæði (ST)	129
22.19	Varnar- og öryggissvæði (VÖ)	130
22.20	Flugvöllir (FV)	131
22.21	Vegir, götur og stígar (VE)	132
22.22	Veitur og helgunarsvæði (VH)	136

Takmarkanir á landnotkun	140
23 Verndarákvæði.....	141
23.1 Náttúruvá (NV)	141
23.2 Varúðarsvæði (VA)	142
23.3 Minjavernd (MV)	144
23.4 Vatnsverndarsvæði og Vatnsból (VF, VG, VB)	147
23.5 Hverfisvernd (HV)	149
23.6 Náttúruvernd (ÖN)	152
23.7 Hindranaflétir flugvalla (HF).	153
24 Heimildir.....	154
25 Viðaukar.....	157
25.1 Viðauki 1. Friðlýst og friðuð hús og hús sem verða eldri en 100 ára á skipulagstímabilinu.....	157
25.2 Viðauki 2. Vegir í náttúru Íslands.....	160
25.3 Viðauki 3. Göngu- og hjólaleiðir	165

INNGANGUR

1 AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034 er nýtt aðalskipulag fyrir Suðurnesjabæ og er heildarendurskoðun á *Aðalskipulagi Garðs 2013-2030* og *Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024*.

1.1 TILDRÖG

Þann 10. júní 2018 tók til starfa sameinað sveitarfélag Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs. Aðdragandi sameiningar sveitarfélaganna nær aftur til ársins 2016 þegar samþykkt var að hefja óformlega vinnu við könnun á kostum þess og ókostum að sveitarfélögin sameinuðust. Þann 11. nóvember 2017 kusu íbúar sveitarfélaganna um sameiningartillögu. Niðurstaða kosningarinnar voru að sameining sveitarfélaganna var samþykkt, bæði í Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Garði. Nýtt sveitarfélag tók til starfa þann 10. júní 2018 og fékk síðar nafnið Suðurnesjabær.

Á fundi framkvæmda- og skipulagsráðs 18. desember 2018 var samþykkt áætlun um verkferli fyrir gerð aðalskipulags sameinaðs sveitarfélags og var hún samþykkt á fundi bæjarstjórnar 9. janúar 2019. Um var að ræða hugmyndasamkeppni um framtíð Suðurnesjabæjar í tengslum við mótun nýs aðalskipulags. Í kjölfarið var valið teymi til að taka að sér að vinna að gerð nýs aðalskipulags fyrir Suðurnesjabæ.

1.2 TILGANGUR OG MARKMIÐ ENDURSKOÐUNAR

Tilgangurinn með gerð aðalskipulagsins er að skapa heildstæða umgjörð um skipulagsmál svo hægt verði að takast á við nýjar og krefjandi áskoranir í skipulagsmálum. Markmiðið er að móta heildstæða og skýra framtíðarsýn fyrir nýtt sameinað sveitarfélag. Markmiðið er einnig að móta stefnu sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið og stuðlar að lífsgæðum og sjálfbærni daglegs lífs íbúa í Suðurnesjabæ. Með því að marka nýja stefnu um fyrirkomulag byggðar og framtíðarnotkun lands skapast vettvangur fyrir samvinnu og samstarfs meðal íbúa og hagsmunaaðila í hinu nýja sveitarfélagi.

1.3 LAGAUMGJÖRD SKIPULAGSGERÐAR

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034 er unnið samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt síðarnefndu lögunum er aðalskipulagið háð umhverfismati áætlana. Umhverfismatið, þ.m.t. kynningar- og samráðsferlið og greiningarvinna, er unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins.

1.4 YFIRLIT YFIR SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Afmörkun aðalskipulags


Nýtt aðalskipulag tekur til alls lands innan marka Suðurnesjabæjar þ.e. til þéttbýlisins og dreifbýlisins, ef frá er talið svæði á Keflavíkurflugvelli þar sem gildir *Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030*. Suðurnesjabær er um 84 km² að stærð, sjá Mynd 1. Mörk sveitarfélagsins liggja að Reykjanesbæ.

Gert er ráð fyrir að nýtt aðalskipulag fyrir Suðurnesjabæ taki gildi árið 2022 og marki stefnu til tólf ára. Jafnframt falli úr gildi *Aðalskipulag Garðs 2013-2030* og *Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024*. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar er eftir sem áður í gildi.

Staðhættir og umhverfisaðstæður

Sveitarfélagið Suðurnesjabær tekur til lands á Miðnesi sem afmarkast af Helguvík, Selvík, Keflavíkurflugvelli og Ósaboðnum í suðri. Sveitarfélagið einkennist af grónu landi á láglandi norðan til en melum og sandlandi sunnan til, þ.e. vestan Keflavíkurflugvallar. Land við ströndina stendur almennt séð lágt, einkum frá Garði, norður fyrir Garðskaga og suður með ströndinni að Ósaboðnum. Tveir þéttbýlisstaðir eru í Suðurnesjabæ, Sandgerði og Garður og þar býr megin þorri íbúa sveitarfélagsins.

Strandsvæðin og tjarnir frá Ósaboðnum og norður fyrir Garðskaga og að Garðshöfn eru á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts strandgróðurs, einstaks og fjölbreytts fuglalífs, margbreytilegra fjörugerða og auðugs lífríkis. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði og þar er fjölbreytt fuglalíf árið í kring.¹ Á landi, þ.e. á Miðnesi og svæði austan Keflavíkurflugvallar að Ósi (Rosmhvalanes) er sílamáfsvarp.²



Skýringar

- Afmörkun Keflavíkurflugvallar
- Önnur sveitarfélög
- Afmörkun aðalskipulags
- Þéttbýli

Mynd 1 Afmörkun aðalskipulags Suðurnesjabæjar.

¹ Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021A.

² Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021B.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Berggrunnur svæðisins er grágrýti, þ.e. basísk og ísúr hraunlög og setlög frá síðari hluta ísaldar, yngri en 0,8 milljón ára. Hraunin einkennast af jökulrákuðum klöppum og klapparholtum.³

1.5 FRAMSETNING

Aðalskipulagið er sett fram sem greinargerð og skipulagsuppdrættir auk umhverfismatsskýrslu. Uppdrættirnir eru á einu blaði í stærð A0, þ.e. sveitarfélagsuppdráttur og þéttbýlisuppdrættir. Auk þess er skipulaginu skilað á starfrænu formi til Skipulagssstofnunar.

Greinargerðinni er skipt upp í átta meginhluta. Í inngangi er lýst afmörkun aðalskipulagsins, helstu gögnum og aðferðum við skipulagsvinnuna. Leiðarljós og meginmarkmið aðalskipulagsins eru í kaflanum „*Helstu áherslur*“. Stefna aðalskipulagsins er sett fram eftir málaflokkum, þ.e. í köflunum „*Sjálfbært og aðlaðandi samfélag*“, „*Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf*“, „*Traustir og hagkvæmir innviðir*“ og „*Vel menntað og heilbriggt samfélag*“. Þar er lýst forsendum og sett fram markmið og leiðir fyrir einstök viðfangsefni. Þá er gerð grein fyrir almennum og sértækum ákvæðum fyrir landnotkunarflokka í sérstökum kafla „*Stefna um landnotkun*“. Að lokum er kafli um takmörkun á landnotkun, þ.e. viðbótarákvæði sem varða takmörkun á landnotkun annarra landnotkunarflokka.

Uppdrættir aðalskipulagsins eru eftirfarandi:

- Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Aðalskipulagsuppdráttur – Tillaga. 24. október 2022. Sveitarfélagsuppdráttur. Mælikv. 1:20.000.
- Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Aðalskipulagsuppdráttur – Tillaga. 24. október. Garður, þéttbýli. Mælikv. 1:10.000.
- Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Aðalskipulagsuppdráttur – Tillaga. 24. október. Sandgerði, þéttbýli. Mælikv. 1:10.000.

Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um áhrif aðalskipulagsins á umhverfi og samfélag. Umfjöllun um einstaka þætti umhverfismatsins er flétuð inn í greinargerðina en nánari upplýsingar um umhverfismatið, svo sem forsendur þess, aðferðir og niðurstöður, er að finna í umhverfismatsskýrslu. Umhverfisskýrsla aðalskipulagsins er sett fram í eftirfarandi skjali:

- Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034. Valkostagreining og umhverfismatsskýrsla. Dags. 24. október 2022.

1.6 VINNUFERLI

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar ber ábyrgð á gerð aðalskipulagsins, en framkvæmda- og skipulagsráð fjallar um aðalskipulagsvinnuna í umboði sveitarstjórnar í samræmi við skipulagslög og skipulagsreglugerð. Fjölmarginir aðrir aðilar koma að skipulagsgerðinni og lögð er áhersla á að allar upplýsingar séu aðgengilegar og ferlið sé gegnsætt.

Í vinnuferlinu er sérstök verkefnisstjórn sem heldur utan um aðalskipulagsvinnuna, en hún er skipuð formanni framkvæmda- og skipulagsráðs, bæjarstjóra og sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs. Ráðgjafar frá Verkís vinna með verkefnisstjórninni og sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs er tengiliður ráðgjafa við Suðurnesjabæ.

Umsagnir, samráð og þátttaka hagsmunaaðila

Aðalskipulagsvinnan var kynnt í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Þar er gert ráð fyrir kynningu á skipulags- og matslýsingu, kynningu skipulagstillögu á vinnslustigi og auglýsingu skipulagstillögu.

Samvinna við íbúa, hagsmunaaðila og umsagnaraðila – helstu áfangar og viðburðir:

³ Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021C.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

- ♦ **Kynning skipulags- og matslýsingar.** Lýsingin var samþykkt í sveitarstjórn 3. mars 2021 og kynnt í framhaldinu. Hún var aðgengileg á vef Suðurnesjabæjar og kortavefsjá sem og á skrifstofu sveitarfélagsins.

- Opið var fyrir athugasemdir frá 16. mars til og með 31. mars 2021. Á sama tíma var lýsingin send til umsagnar.
- Beint streymi var frá íbúafundi vegna lýsingarinnar 25. mars 2021. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu, þ.e. hertra sóttvarnareglna, var ekki hægt að taka á móti gestum í sal. Auk þess var sérstök kynning sett á vef Suðurnesjabæjar og opnað fyrir hugmyndir og ábendingar í gegnum hugmyndagáttina *Betri Suðurnesjabæ* og kortasvæði til að merkja inn hugmyndir.

Kynning vinnslutillögu. Vinnslutillagan ásamt umhverfismatsskýrslu var samþykkt í framkvæmda- og skipulagsráði til kynningar 16. mars 2022. Vinnslutillagan var kynnt 22. mars til og með 14. apríl 2022 og jafnframt var hún send til umsagnar til umsagnaraðila, auk Skipulagsstofnunar.

- Vinnslutillagan var kynnt og birt á vef Suðurnesjabæjar 22. mars 2022 og auglýsing um tillöguna var birt í Víkurfréttum. Jafnframt var tillagan aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins.
 - Kynningarfundur var haldinn 5. apríl 2022 í Samkomuhúsinu í Sandgerði.
 - Vinnslutillagan var send stofnunum til umsagnar 22. mars 2022.
- ♦ **Afgreiðsla og auglýsing skipulags** (uppfært síðar)
 - Framkvæmda- og skipulagsráð lagði til við sveitarstjórn þann ____ að aðalskipulagið yrði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr.

skipulagslaga. Sveitarstjórn samþykkti fundargerð nefndarinnar þann ____.

- Skipulagsstofnun fékk tillögu að aðalskipulaginu til yfirferðar ____ og skilaði stofnunin umsögn sinni þann ____.

Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög

Eftirtaldir aðilar fengu skipulagslýsinguna og skipulagstillöguna til umsagnar.

- ♦ **Opinberar stofnanir**

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Veðurstofa Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Ferðamálastofa
- Orkustofnun
- Skógræktin
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Landgræðslan
- Kirkjugarðaráð
- Samgöngustofa
- Póst- og Fjarskiptastofnun
- Hafrannsóknarstofnun/Fiskistofa

- Landhelgisgæslan
- ◆ **Opinber fyrirtæki**
 - Landsnet
 - Kadeco, þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
 - HS veitur
 - Míla
 - Isavia
 - Reykjaneshöfn
- ◆ **Nærliggjandi sveitarfélög og samtök þeirra**
 - Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS)
 - Reykjanesbær
 - Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja
 - Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
 - Reykjanes - jarðvangur

Hér verður greint frá þeim athugasemdum sem kunna að verða gerðar á vinnslustigi.

1.7 AFGREIÐSLA SKIPULAGSINS (UPPFÆRT SÍÐAR)

Þann 28. apríl 2022 lagði framkvæmda- og skipulagsráð það til við sveitarstjórn að aðalskipulagstillagan yrði auglýst. Þann 4. maí 2022 samþykkti bæjarstjórn Suðurnesjabæjar að auglýsa aðalskipulagstillöguna. Aðalskipulagið var sent Skipulagsstofnun til yfirferðar þann _____. Þann _____ fjallaði sveitarstjórn aftur um aðalskipulagstillöguna og samþykkti að auglýsa hana með þeim breytingum sem höfðu verið gerðar eftir yfirferð Skipulagsstofnunar. Skipulagstillagan ásamt umhverfismatsskýrslu var auglýst frá _____ til og með _____. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

- ◆ Listi- síðar

Auk þess sendu eftirfarandi stofnanir inn ábendingar og athugasemdir:

- ◆ Listi - síðar

Afgreiðsla og mögulegar breytingar eftir auglýsingu.

- ◆ Síðar

1.8 HELSTU BREYTINGAR FRÁ GILDANDI AÐALSKIPULAGI

Nýtt aðalskipulag felur í sér fjölmargar almennar stefnubreytingar og nýjar áherslur sem tengjast einkum breyttri stefnu hins opinbera sem birtist m.a. í nýjum áætlunum eða löggjöf. Sem dæmi eru innleidd tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem Samráðsvettvangur á Suðurnesjum leggur áherslu á að vinna með og innleiða. Suðurnesjabær er einnig heilsueflandi samfélag og leitast er við að samþætta þá stefnu inn í aðalskipulagið.

Í aðalskipulaginu er m.a. áhersla á loftlagsvæna byggð, lýðheilsusjónarmið, vöxt atvinnulífs, sjálfbæra þróun byggðar í þéttbýli og uppbyggingu vistvænna samgangna. Lögð eru drög að því að styrkja þéttbýlið með því að miðsvæðin fá aukið vægi og að land innan núverandi þéttbýlismarkna er betur nýtt og samhliða því að ný svæði eru tekin undir íbúðarbyggð. Svæðinu milli þéttbýlisstaðanna er gefið aukið vægi hvað varðar íbúðarbyggð og aðra uppbyggingu á nýjum svæðum. Auk þess er aukið áhersla á vistvænar samgöngur m.a. með uppbyggingu göngu- og hjólastíga. Með þeim hætti er leitast við að skapa skilyrði til að byggja upp fjölbreytta nærþjónustu í göngufæri. Slík stefna er talin geta aukið lífsgæði íbúa auk þess að styðja lýðheilsusjónarmið og stuðla að loftlagsvænni byggð.

Áfram er þó gert ráð fyrir uppbyggingu verslunar- og þjónustu við Rósaselstorg og athafnasvæða í Rockville, en dregið umtalsvert úr umfangi atvinnusvæða norðan Keflavíkurflugvallar. Gert er ráð fyrir að aðalskipulagið verði samræmt við Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar þegar hún lítur dagsins ljós.

Í aðalskipulaginu er sérstök áhersla á uppbyggingu göngu- og hjólastíga og samfelldra opinna svæða í og við þéttbýlisstaðinna, við ströndina vestan og

sunnan Keflavíkurflugvallar og vestan Bergvíkur. Þessi stefna er mikilvægur liður í að skapa tækifæri til útiveru og hreyfingar og efla ferðaþjónustu. Auk þess er uppbygging göngu- og hjólastíga um strandsvæðin liður í að stjórna umferð um þau og stuðla þannig að verndun mikilvægs lífríkis við ströndina.

1.9 EFTIRFYLGNI OG VÖKTUN

Í aðalskipulaginu er ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun vegna framfylgdar skipulagsins, umfram það sem getið eru um í tillögunni og varða áskoranir í umhverfismálum og eru í vöktun af yfirvöldum, eða kann að verða skilyrt í umhverfismati framkvæmda á síðari stigum. Á hinn bóginn eru fjölmargir þættir sem kalla á eftirfylgni hvað varðar umhverfisáhrif og sett hafa verið almenn og sértæk ákvæði um það efni í greinargerð aðalskipulagsins. Þar ber hæst eftirfylgni vegna uppbyggingar á og við viðkvæm búsvæði við ströndina, á Miðnesheiði og við vötn í sveitarfélaginu. Einnig eftirfylgni vegna mögulegrar grunnvatnsmengunar og annarra mengandi efna þar sem gæta þarf varúðar í og við framkvæmdir eða notkun lands á og í nágrenni við gamla sorphauga.

Hvað varðar samfélagslega þætti er einkum þörf á eftirfylgni vegna umferðaröryggismála á umferðarpungum götum í gegnum þéttbýli og að tryggja örugg göngutengsl og aðgengi að opnum svæðum í jaðri byggðar, þ.e. þveranir á ofanbyggðavegum. Einnig er mikilvægt að fylgja eftir áherslum aðalskipulagsins um loftlagsvæna byggð og eflingu þéttbýlisins sem vettvang daglegra athafna og aðlaðandi nærumhverfis.

HELSTU ÁHERSLUR

2 LEIÐARLJÓS OG MEGINMARKMIÐ

2.1 LEIÐARLJÓS

Í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar er eftirfarandi haft að leiðarljósi, auk markmiða skipulagslaga og leiðarljóss landsskipulagsstefnu.

Suðurnesjabær stefnir að því að vera sterkt samfélag með áherslu á sjálfbærni daglegs lífs og góð tengsl íbúanna. Í því felst að skipulag byggðar stuðli að vandaðri umgjörð um líf fólks, þ.e. skapi góð skilyrði fyrir fjölskylduvænt, öruggt, skemmtilegt og heilsueflandi samfélag þar sem eru fjölbreyttir menningarstraumar, en sterk tengsl við söguna. Einnig að aðalskipulagið skapi svigrúm fyrir öflugt atvinnulíf og þróttmikið mennta-, menningar- og íþróttastarf.

Snertifletir aðalskipulagsins við málefni fjölskyldunnar eru fjölmargir og taka m.a. til umgjarðar daglegs lífs íbúa, húsnæðismála, þjónustu, atvinnu, skólastarfs, íþróttar og tómstundastarfs og menningarstarfsemi. Í aðalskipulaginu er því rík áhersla á sjálfbærni daglegs lífs og góð tengsl íbúanna, sem helgast m.a. af vinnu Suðurnesjabæjar með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Þessa áherslu má einnig rekja til þess að rúmlega 20% íbúa sveitarfélagsins eru af erlendum uppruna og því mikilvægt að skapa skilyrði fyrir aukin tengsl fólks og aðstæður sem skapa sterkt samfélag.

Í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar koma saman fjölmargir þræðir í stefnumótun Suðurnesjabæjar. Það á við stefnu sveitarfélagsins í einstökum málaflokkum eins og í ungmenna-, íþróttar- og öldrunarmálum, málefnum fatlaðs fólks, fjölskyldu- og velferðarmálum, skólamálum og ferða-, safna-, og menningarmálum. Sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum; Suðurnesjabær auk Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar og Voga, ásamt Isavia, Kadeco og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, hafa stofnað samstarfsverkefnið *Suðurnesjavettvang*, þar sem Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru höfð að leiðarljósi. Í aðalskipulaginu er unnið sérstaklega

með heimsmarkmiðin og áherslur sem Suðurnesjavettvangur hefur valið að vinna með, sbr. Mynd 2. Tiltekin markmið sem hafa skýr tengsl við skipulagsgerð eru samþætt inn í aðalskipulagið, sbr. viðfangsefni aðalskipulagsins. Hið sama gildir um áherslur *Svæðisskipulags Suðurnesja*, *Sóknaráætlunar Suðurnesja*, *Áfangsstaðarins Reykjanes* og *Reykjanes Geopark*.



Mynd 2 Heimsmarkmiðin. Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem Samráðsvettvangur á Suðurnesjum leggur áherslu á að vinna með og innleiða. Tiltekin markmið sem hafa skýr tengsl við skipulagsgerð eru samþætt inn í aðalskipulagið.

2.2 MEGINMARKMIÐ

Í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar er eftirfarandi meginmarkmið lögð til grundvallar stefnu í einstökum málaflokkum aðalskipulagsins.

Sjálfbært og aðlaðandi samfélag

Eftirfarandi markmið eru lögð til grundvallar stefnu aðalskipulags um sjálfbært og aðlaðandi samfélag:

- ♦ Auka samkeppnishæfni Suðurnesjabæjar með tilliti til sérstöðu svæðisins og gæðum byggðar.
- ♦ Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins og fjölskylduvænu umhverfi þar sem er áhersla á:
 - Blómlegt mannlíf og fjölbreytta og lifandi menningu.
 - Fjölbreytta húsnæðiskosti í takt við þarfir íbúa á hverjum tíma.
 - Nærþjónustu í göngufæri innan bæjarkjarna og aðgengi fyrir alla.
 - Virka ferðamáta, umferðaröryggi og lýðheilsusjónarmið.
 - Tækifæri til heilsuefningar og íþróttar.
- ♦ Stuðla að varðveislu náttúru- og menningarminja og landslags sem hefur verndargildi og styrkja ímynd Suðurnesjabæjar.
- ♦ Skipulag byggðar verði hagað með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga.
- ♦ Uppbygging byggðar og notkun lands stuðli að sveigjanleika gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum og seiglu samfélagsins til að geta svarað breyttum aðstæðum og þörfum.

- ♦ Nýting náttúruauðlinda verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði kappkostað að varðveita fjölbreytni og hreinleika náttúrunnar.
- ♦ Lögð er áhersla á náttúruverndarsjónarmið við skipulag strandsvæða og stuðlað að aðgengi að þeim svæðum til útivistar.

Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf

Eftirfarandi markmið eru lögð til grundvallar stefnu aðalskipulags um blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf:

- ♦ Skipulag í Suðurnesjabæ stuðli að uppbyggingu atvinnulífs og atvinnuþróun sem byggir á styrkleikum og sérstöðu, svo sem sjávarauðlindinni og náttúrugæðum svæðisins, staðsetningu í jaðri höfuðborgarsvæðisins og nálægð við alþjóðaflugvöllinn.
- ♦ Sveitarfélagið verði öflugt atvinnusvæði þar sem unnið er að innleiðingu hringrásarhagkerfisins, byggt á þeim stöðum sem fyrir eru og nýjar atvinnugreinar efldar.
- ♦ Nýsköpun og nýjar atvinnugreinar hafi góð skilyrði til að vaxa og aukin áhersla verði á alþjóðleg tengsl og þróun ýmis konar skapandi greina og uppbyggingu á sérfræðipækkingu.

Traustir og hagkvæmir innviðir

Eftirfarandi markmið eru lögð til grundvallar stefnu aðalskipulags um trausta og hagkvæma innviði:

- ♦ Innviðir í Suðurnesjabæ auki lífsgæði íbúa og þjóni atvinnulífi og styrki samkeppnishæfni sveitarfélagsins.
- ♦ Áhersla er á vistvænar samgöngur og virka ferðamáta innan þéttbýlis, milli Sandgerðis og Garðs, við Flugstöð Leifs Eiríkssonar og ný atvinnusvæði norðan flugvallarsvæðisins.
- ♦ Stuðla að góðum almenningssamgöngum innan sveitarfélags og við þéttbýlisstaðina á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðið.
- ♦ Áhersla er á sjálfbæra innviði, þ.e. blágrænar lausnir, opin græn svæði og veitukerfi sem þjóna íbúum og atvinnulífi á hagkvæman hátt og stuðli jafnframt að heilnæmi umhverfis.
- ♦ Stuðla að orkuskiptum í samgöngum.

Vel menntað og heilbrigt samfélag

Eftirfarandi markmið eru lögð til grundvallar stefnu aðalskipulags um vel menntað og heilbrigt samfélag:

- ♦ Í Suðurnesjabæ verði aðstæður svo dafni auðugt mannlíf og fjölskylduvænt, barnvænt og heilsueflandi samfélag.
- ♦ Lögð er áhersla á menntun, nýsköpun, alþjóðleg tengsl og uppbyggingu sérfræðipækkingar á sviði sjálfbærni og skapandi greina.
- ♦ Góð skilyrði verði fyrir fjölmenningslegu samfélag og mismunandi þjóðfélagshópa með tilliti til aldurs, efnahags og þjóðernis.
- ♦ Áhersla er á sjálfbærni daglegs lífs íbúa og grunnþjónustu í göngufæri í þéttbýli.
- ♦ Góðar aðstæður fyrir íþróttaiðkun, tónlistarmenntun og útivist.

SJÁLFBÆRT OG AÐLAÐANDI SAMFÉLAG

3 BYGGÐ

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um þróun og fyrirkomulag byggðar með tilliti til búsetuskilyrða, lífsgæða íbúa, lýðheilsu og sjálfbærni.

3.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM BYGGÐ

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær. Stuðla að heilbrigðu lífinni og vellíðan fyrir alla frá vögu til grafar og draga úr lífstílstengdum sjúkdómum. Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga.

Landsskipulagsstefna

Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar. Í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu⁴ eru einnig áherslur sem um loftlagsvæna byggð, svo sem 20 mínútna bæinn og græna innviði.

Húsnæðisáætlun Suðurnesjabæjar

Meginmarkmið með gerð húsnæðisáætlunar er að stuðla að auknu húsnæðisöryggi heimila. Hún er sett fram í samhengi við aðrar áætlanir sem hafa áhrif á skipulag, fjármögnun og rekstur húsnæðismála. Mikilvægur eiginleiki húsnæðisáætlunar er að greina aðstæður en umfangsmeiri ákvarðanir og stefnumörkun um byggðapróun í heild til lengri tíma er í skipulagsáætlunum.

3.2 LOFTLAGSBREYTINGAR OG VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞEIM

Loftslagsmál eru eitt af helstu áherslumálum nýrrar ríkisstjórnar Íslands 2021, sbr. *Sáttmála nýrrar ríkisstjórnar*.⁵ Í *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum*⁶ hafa stjórnvöld skilgreint fjölmargar aðgerðir í málaflokknum, en tvö helstu áhersluatriðin eru orkuskipti í samgöngum og átak í kolefnisbindingu. *Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum*,⁷ er unnin á grunni laga um loftslagsmál nr. 70/2012 og í henni eru sett fram framtíðarsýn og markmið um samhæfingu, vinnulag og eftirfylgni.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur einnig ákveðið að vinna tillögu að viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu þar sem m.a. verður sett fram stefna og leiðbeiningar um hvernig bæta megi skipulagsgerð til að stuðla að og tryggja viðtækar og viðeigandi aðgerðir í loftslagsmálum í tengslum við landnýtingu og hið byggða umhverfi.⁸ Tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu hefur verið lög fram á Alþingi en hefur ekki verið samþykkt. Í tillögunni kemur m.a. fram að aðgerðir í skipulagsgerð sem snúa að loftslagsmálum geta falið í sér samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu þeirra. Einnig aðgerðir til að bregðast við loftslagsbreytingum, svo sem vegna sjávarflóðahættu.

⁴ Alþingi. 2021.

⁵ Stjórnarráðið. 2021.

⁶ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020.

⁷ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2021.

⁸ Skipulagsstofnun. 2019.

3.3 NÚVERANDI BYGGÐ


Í Suðurnesjabæ eru tveir þéttbýlisstaðir, þ.e. Sandgerði og Garður og þar býr megin þorri íbúa sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi Garðs var skilgreint um 410 ha lands undir þéttbýli og í aðalskipulagi Sandgerðis voru um 290 ha undir þéttbýli. Um er að ræða allt land innan marka þéttbýlis en hluti þess er byggingarland.

Í sveitarfélaginu er einnig byggð í dreifbýli, en hún er fyrst og fremst bundin við ströndina á vestanverðu Miðnesi, sbr. Mynd 3 (á kortinu eru þó ekki talin öll íbúðar- og frístundahús á svæðinu).

3.4 ÍBÚAÞRÓUN

Í gagnagrunni Hagstofu Íslands er að finna margs konar upplýsingar um íbúa og íbúaðróun í Suðurnesjabæ, m.a. um fjölda og samsetningu. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar bjuggu 3.225 íbúar í Suðurnesjabæ (þá Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Garði) í byrjun árs 2010, sbr. Mynd 4. Í árslok 2021 (1. desember) voru íbúar í Suðurnesjabæ alls 3744, þ.e. konur 1.751 og karlar 1993.⁹ Íbúum í sveitarfélaginu fækkaði í kjölfar bankahrunsins en frá árinu 2016 hefur þeim fjölgað um 25%.

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar er aldurssamsetning íbúa í Suðurnesjabæ svipuð og íbúasamsetning landsmanna í heild. Fjöldi yngri barna (0-9 ára) er nokkuð meiri en landsmeðaltalið og hið sama gildir um fjölda fólks á fertugsaldri. Hlutfall íbúa af erlendum uppruna (erlendir ríkisborgarar samkvæmt gögnum Hagstofunnar) var um 20% af íbúum Suðurnesjabæjar í ársbyrjun 2021 og hefur fjölgað um 65% frá ársbyrjun 2015.




Skýringar

- Íbúðarhús
- Frístundahús
- Þéttbýli
- Afmörkun aðalskipulags
- Afmörkun Keflavíkurflugvallar

Mynd 3 Byggð í Suðurnesjabæ.

⁹ Hagstofa Íslands. 2021.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga



Mynd 4 Fjöldi íbúa í Suðurnesjabæ 1. janúar hvers árs.¹⁰

Í *Húsnæðisáætlun Suðurnesjabæjar 2021-2025*¹¹ kemur fram að mikil óvissa ríki um íbúapróun næstu ára vegna COVID-19 faraldursins og áhrifa hans á atvinnulíf og efnahag á svæðis- og landsvísu. Í staðbundinni mannfjöldaspá Hagstofunnar hefur verið miðað við að kjarnasvæðin á Suðurnesjum fylgi landmeðaltali í íbúafjölgun. Ef gert er ráð fyrir íbúafjölgun í takt við lágspá Hagstofu Íslands fyrir árið 2021 (0,63%), en eftir það samkvæmt miðspá (rúmlega 1,9%) þá verða íbúar Suðurnesjabæjar tæplega 3.900 í árbyrjun 2025, þ.e. þeim mun fjölga um kringum 250 manns á næstu 4 árum.

¹⁰ Hagstofa Íslands. 2021.


Spá um íbúapróun til loka skipulagstímabilsins er háð mikilli óvissu, en miðað við miðspá Hagstofu Íslands, sbr. *Húsnæðisáætlun Suðurnesjabæjar 2021-2025*, má áætla að íbúum fjölgi um rúmlega 800 á skipulagstímabilinu og þeir verði um 4450 í byrjun árs 2034.

3.5 BYGGÐAMYNSTUR OG GATNANET

Í Garði er ákveðinn þéttbýliskjarni upp af gömlu höfninni, en dreifðari byggð þaðan og út á Garðskaga. Ásýnd byggðar og byggðamynstur ber annars vegar merki landbúnaðar og sjósóknar, þ.e. svæðið frá Útskálum að Skagatá. Svæðið er sérstakt að þessu leyti þar sem stök hús mynda einstakt þétt 19. aldar byggðarmynstur og heildstætt menningar- og búsetulandslag, sem haldist hefur nokkuð óbreytt. Hins vegar er ný samfelld, lágreist og tiltölulega þétt byggð í næsta nágrenni við þjónustukjarnann, sjá Mynd 5.

Ásýnd byggðar og byggðamynstur í Sandgerði, þ.e. lögun og yfirbragð byggðar, ber glögg einkenni þéttbýlismyndunar frá síðustu öld með sterk tengsl við sjávarútveg og uppbyggingu út frá höfninni. Almennt er byggðin lágreist þar sem íbúabyggðin og þjónustan tekur við af athafnasvæðum við höfnina. Eldri og söguleg byggð er tiltölulega þétt með sterkt og fjölbreytt yfirbragð, en nýjustu íbúðahverfin eru einsleitari og teygja sig lengra upp í heiðina, sjá Mynd 5.

¹¹ Suðurnesjabær. 2021.



Mynd 5 Núverandi byggð og gatnanet í Garði og Sandgerði.

3.6 VIÐHORF ÍBÚA TIL UMHVERFIS OG ÞJÓNUSTU

Samkvæmt könnun sem Gallup framkvæmdi í lok árs árið 2021 og byrjun árs 2022 eru um 73% íbúa í Suðurnesjabæ ánægðir með gæði umhverfis í nágrenni við heimili sitt og um 83% íbúa eru ánægðir með sveitarfélagið sem stað til að búa á og einungis 6% voru óánægðir.¹² Um 68% íbúa eru ánægðir með þjónustu við barnafjölskyldur og aðstöðu til íþróttaiðkunar. Íbúakönnun landshlutanna 2020¹³ sýnir á hinn bóginn að íbúar Suðurnesjabæjar eru marktækt óánægðari en aðrir íbúar landsins með aðgengi að heilsugæslu, enda er engin heilbrigðisþjónusta í sveitarfélaginu.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gaf árið 2021 út skýrslu um rannsókn um lífsgæði, líðan og viðhorf íbúa á Suðurnesjum. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að afla þekkingar á þeim sviðum sem helst þarf að efla eða breyta áherslum til að stuðla að auknum lífsgæðum íbúa. Niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir íbúa Suðurnesja og rýnihópa meðal íbúa sýndu að þátttakendur lýstu mikilli ánægju með að búa á Suðurnesjum. Niðurstöður sýna einnig að skýr tengsl eru á milli virkni íbúa og líðan, þ.e. þeim mun virkari sem íbúar eru þeim mun betur líður þeim og þeim mun líklegri eru þeir til frekari virkni.¹⁴

3.7 GÆÐI BYGGÐAR OG SJÁLFBÆRNI DAGLEGS LÍFS

Mikilvægur þáttur í sjálfbærni byggðar er að tengja íbúðarbyggð, verslun og þjónustu og atvinnustarfsemi í þágu sjálfbærni daglegs lífs, lýðheilsu og aukinna lífsgæða. Samkvæmt greiningu á korti er verulegur hluti núverandi íbúða/íbúðarhúsa í Garði og Sandgerði í 10 mínútna göngufjarlægð¹⁵ frá matvöruverslun (um 1 km), sbr. meðfylgjandi kort (Mynd 6). Meginþorri íbúða á báðum stöðum er innan 20 mínútna göngufjarlægðar (um 2 km) frá matvöruverslun.


Fjölmargir aðrir þættir en göngufjarlægð og göngutengsl hafa áhrif á gönguhæfi byggðar. Meðal þátta sem koma helst til álita í Suðurnesjabæ eru þættir eins og umferð og öryggi gangandi vegfarenda, framboð á þjónustu, gæði umhverfis, skjólmyndun og gróður.

¹² Gallup. 2022.

¹³ Vífill Karlsson og Helga María Pétursdóttir. 2021.

¹⁴ Ásdís A. Arnalds o.fl. 2021.


¹⁵ Göngufjarlægð innan þéttbýlis. Almennt er miðað við gönguhraða á bilinu 5-6 km/klst. Hér er miðað við 6 km/klst. sem er eðlilegt miðað við styttri vegallengdir en í herra lagi fyrir 20 km göngufjarlægð.



Mynd 6 Göngufjarlægðir í matvöruverslun í Garði og Sandgerði.

3.8 VALKOSTIR UM ÞRÓUN BYGGÐAR


Í tengslum við sameiningu sveitarfélaganna Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs var unnin sviðsmyndagreining um framtíðarumhverfi samfélags og atvinnulífs á svæðinu. Sviðsmyndirnar voru mótaðar af helstu óvissupáttum og drifkröftum sem hafa áhrif á samfélagsþróun og atvinnulífssuppbbyggingu til framtíðar. Valdir voru tveir drifkraftar sem taldir voru hafa mest áhrif á framgang svæðisins, þ.e. íbúasamsetning (fjölbreytt/fábreytt) annars vegar og hins vegar staða atvinnulífs (frumvinnsla/úrvinnsla), sbr. Mynd 7.¹⁶



Mynd 7 Helstu drifkraftar sem taldir eru hafa mest áhrif framgang svæðisins samkvæmt sviðsmyndagreiningu KPMG.

¹⁶ KPMG. 2017.

Í greiningunni eru skilgreindar fjórar sviðsmyndir sem gefin eru nöfn sem vísa til mögulegs ástands árið 2030, sbr. meðfylgjandi mynd (Mynd 8).



Mynd 8 Sviðsmyndir um framtíðarumhverfi samfélags og atvinnulífs skv. greiningu KPMG.

Í greiningu KPMG er svo lýst nánar áhrifum einstakra sviðsmýnda og líklegri stöðu tiltekinna þátta árið 2030, þ.e. atvinnulíf/frumkvöðla, grunnþjónusta, íbúasamsetning og menntun, íþróttir og tómstundastarf, húsnæðismál og stjórnsýsla.

Greiningin dregur vel fram ávinninginn af því að sameina sveitarfélögin, en ekki síður stóru myndina í þróun samfélagsins til framtíðar.

Suðurnesjabær ákvað að skoða sérstaklega valkosti um þróun þéttbýlis, þ.e. vöxt þéttbýlisstaðanna Garðs og Sandgerðis og samspil þess við samgöngur. Slík nálgun hafði einnig borið á góma í hugmyndasamkeppni um framtíð Suðurnesjabæjar í tengslum við mótun nýs aðalskipulags. Markmiðið með greiningunni var að varpa ljósi á hvaða valkostir um stefnu koma til álita með það fyrir augum að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar í aðalskipulaginu. Beitt var aðferðum SVÓT-greiningar og umhverfismats áætlana. Um var að ræða ýkta valkosti og því ólíklegt að tiltekinn valkostur verði útfærður einn og sér. Greiningin dró þó fram ákveðin umhverfisáhrif, styrkleika og tækifæri sem hægt er að vinna með áfram í aðalskipulagsvinnunni. Eftirfarandi valkostir voru skoðaðir:

- **Núll-kostur.** Að ekki komi til frekari stefnumótunar í aðalskipulagi. Fyrirliggjandi þróunarsvæði í aðalskipulagi verði nýtt. Gatnakerfið verði í sama horfi og nú og ekki verði ráðist í frekari uppbyggingu hjóla- og gönguleiða.
- **A - Vöxtur inn á við.** Vöxtur þéttbýlis verði einkum inn á við. Núverandi byggð verði endurskipulögð og þétt með því að nýta betur land innan marka núverandi þéttbýlis. Byggt verði upp (svo sem tvær til fjórar hæðir) og vannýtt svæði nýtt. Um væri að ræða umtalsverða þéttingu byggðar. Áhersla verður á gönguvænt umhverfi innan þéttbýlis.
- **B - Tenging milli Garðs og Sandgerðis.** Vexti þéttbýlis verði einkum beint að svæðum milli núverandi þéttbýlisstaða og nýtt land brotið undir byggð. Nýrri þjónusta verði einkum komið fyrir á þróunarsvæði milli Sandgerðis og Garðs. Megin áherslan í samgöngum verði á að styrkja samgöngur milli staðanna, svo sem hjóla- og gönguleiðir.

- **C - Vöxtur út á við.** Vöxtur þéttbýlis verði einkum út á við og nýrri uppbyggingu beint að hentugum svæðum í jaðri núverandi byggðar. Nýtt land verði brotið undir byggð. Megin áherslan í samgöngum verði á að létta á umferð um þéttbýlið með hjáleið og styrkja hjóla- og gönguleiðir innan þéttbýlis.

Vísað er til niðurstaðna greiningarinnar í umhverfismatsskýrslu, en þar eru dregin fram jákvæð og neikvæð áhrif þessara ýktu valkosta, en unnið er með þá í stefnumörkun aðalskipulagsins, en Framkvæmda- og skipulagsráð fjallaði um valkostagreininguna m.a. á fundi sínum, 19. janúar 2022. Ráðið lagði til að horft verði til þeirra þátta í stefnukosti B sem snúa að nýtingu þess lands sem þegar hefur verið skipulagt og jafnframt að nýtt byggingarland verði skipulagt utan núverandi þéttbýlis í jaðri núverandi byggðar, á því svæði sem liggur milli þéttbýlisstaðanna Garðs og Sandgerðis. Einnig verði horft til þéttingar núverandi byggðar þannig að eldri svæði verði að einhverju leyti betur nýtt.

Í framhaldi af samþykkt Framkvæmda- og skipulagsráðs voru greind nánar þau svæði sem koma til greinar fyrir nýja íbúðarbyggð. Meðal áskorana sem blasa við til framtíðar er að nýta betur land innan núverandi þéttbýlis og jafnframt viðhalda þeim gæðum sem felast í að búa í þéttbýli í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Einnig hvernig hægt er að skapa loftslagsvænni byggð, stuðla að félagslegum samskiptum íbúanna (innan þéttbýlisstaðanna og milli þeirra), styðja við lýðheilsuþætti og jafnframt auka gæði byggðarinnar.

3.9 ÍBÚÐARBYGGÐ

Samkvæmt gögnum Þjóðskrár Íslands voru 1.242 íbúðir í Suðurnesjabæ í upphafi árs 2021.¹⁷ Í *Húsnæðisáætlun Suðurnesjabæjar 2021-2025* kemur fram að Ítarlegri gögn frá 2020 sýna færri íbúðir sem má rekja til eldri gagna og mun á skráningu. Samkvæmt þeim voru 1.199 íbúðir í sveitarfélaginu, þar af 1.094 í sérbýli.

¹⁷ Þjóðskrár Íslands. 2021.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Í *Húsnæðisáætlun Suðurnesjabæjar 2021-2025* kemur einnig fram að uppbyggingarhraðinn undanfarin ára hafi verið hægari en aðalskipulagsáætlanirnar gerðu ráð fyrir. Á undanförunum 4 árum hafi bæst við 73 nýjar íbúðir í sameinuðu sveitarfélagi Suðurnesjabæ og því hafi að jafnaði bæst við rúmlega 17 íbúðir bæst við árlega í sveitarfélaginu að nær öllu leyti í sérbýli en fjöldi íbúða í fjölbýli hefur nærri staðið í stað. Mest hefur verið byggt af þriggja og fjögurra herbergja íbúðum á liðnum árum og meira en 60% íbúða eru af þeirri stærð. Samkvæmt húsnæðisáætlun liggur ekki fyrir nákvæmlega hversu stór leigumarkaðurinn er í sveitarfélaginu.

Samkvæmt *Húsnæðisáætlun Suðurnesjabæjar 2021-2025* eru 46 íbúðir í sveitarfélaginu sem úthlutað hefur verið á félagslegum forsendum eða vegna fötlunar, þ.e. er um 3,8% af heildaríbúðarstofni. Af þeim eru 33 íbúðir í eigu sveitarfélagsins, en 13 í eigu annarra aðila.

Miðað er við að fjölgun íbúa verði um 250 manns á gildistíma *Húsnæðisáætlunar Suðurnesjabæjar 2021-2025*. Það þýðir að fjölskyldum muni fjölga um 95 miðað við 2,6 einstaklinga í fjölskyldu. Dreifing í aldri og eftir fjölskyldustærð tekur að öðru leyti mið af landsmeðaltali. Talið er líklegt að eftirspurn eftir leiguhúsnæði muni vaxa um 15-20 íbúðir með þeirri íbúafjölgun sem reiknað er með. *Húsnæðisáætlun Suðurnesjabæjar 2021-2025* gerir því ráð fyrir 95 íbúðum á næstu fjórum árum, þar af 40 íbúðum í fjölbýli, 45 íbúðum í par- eða raðhúsum og 10 einbýlishúsum. Að sama skapi má reikna með að þörf verið fyrir um 300 nýjar íbúðir á næstu 12 árum, þ.e. á skipulagstímabili aðalskipulagsins, miðað við að íbúum fjölgi um 800 á sama tíma.


Í aðalskipulagi hafa verið skipulögð ný íbúðarsvæði, auk þéttingarsvæða á eldri íbúðarsvæðum, sbr. Mynd 9. Að hluta til hafa þessi áform komið til framkvæmda. Árið 2021 var úthlutað lóðum fyrir 99 íbúðir. Mikil eftirspurn er eftir lóðum og ekkert land byggingarland er tiltækt skv. skipulagi. Enn er þó svigrúm til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis á þegar skipulögðu landi innan þéttbýlis, en ljóst er að þörf er á nýjum íbúðarsvæðum í og við þéttbýlisstaðina.

3.10 MIÐSVÆÐI

Í eldra aðalskipulagi (Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030) eru skipulögð tvö miðsvæði í Garði, þ.e. *Bæjarmiðja* og *Miðsvæði sunnan og austan Heiðartúns*. Þessi svæði eru ekki skilgreind sem þéttingarsvæði. Í eldra aðalskipulagi (Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024) eru skipulögð þrjú miðsvæði í Sandgerði, þ.e. *Miðbæjargata*, *Sjávarbraut* og *Sjávarheimar* og megin þorri þeirra eru skilgreind sem þéttingarsvæði, sjá Mynd 9.

3.11 FRÍSTUNDASVÆÐI

Samkvæmt gögnum Þjóðskrár Íslands voru 31 frístundahús í Suðurnesjabæ í byrjun árs 2021 (þ.e. frístundahús á öllum matsstigum). Í aðalskipulagi Sandgerðis var gert ráð fyrir uppbyggingu frístundabyggðar í Náttuga, skammt frá golfvælinum. Auk þess var lögð áhersla á staðsetningu frístundabyggðar á þeim svæðum þar sem gömlu þéttbýlishverfin voru. Ekki var gert ráð fyrir frístundabyggð í aðalskipulagi Garðs.



Mynd 9 Miðsvæði, íbúðarbyggð og möguleg þéttingarsvæði í Sandgerði og Garði skv. eldri aðalskipulögum.

3.12 MARKMIÐ OG STEFNA – BYGGÐ

Markmið

- ◆ Styrkja byggðarmynstur, innviði og yfirbragð byggðar í þéttbýli með það að markmiði að stuðla að gæðum í hinu byggða umhverfi og hvetja til notkunar virkra ferðamáta.
- ◆ Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun og að auka kolefnisbindingu.
- ◆ Uppbygging íbúðarhúsnæðis verði í samræmi við þarfir íbúa á hverjum tíma og til framtíðar.
- ◆ Skapa samfellda, vandaða og áhugaverða byggð á miðsvæðum þar sem getur þrífist fjölbreytt starfsemi.
- ◆ Frístundabyggð gefi notendum kost á góðum tækifærum til útiveru umleið og gætt er að því að slík byggð skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til náttúru- og menningarminja.
- ◆ Styrkja sérkenni svæða og staðaranda og öll uppbygging byggðar vinni með tengsl við sögu og atvinnulíf svæðisins.
- ◆ Stuðla að verndun og friðun skilgreindra bygginga, byggðar og búsetulandslags.

Útfærsla stefnu

Stefna um byggð verður einkum framkvæmd með eftirfarandi aðgerðum í skipulagi:

- ◆ Skipulag byggðar miði að því að nýta það land sem þegar hefur verið skipulagt fyrir byggð í þéttbýli og jafnframt að skipuleggja nýtt byggingarland utan núverandi þéttbýlis en í tengslum við það. Svæðinu milli þéttbýlisstaðanna væri gefið aukið vægi hvað varðar íbúðarbyggð, sbr. valkost B í valkostagreiningu. Rík áhersla er á að ný byggð falli vel að náttúru og landslagi. Fyrirkomulag nýrrar

uppbyggingar og þjónustu styrki bæjarbrag og þá starfsemi og samfélag sem fyrir er.

- ◆ Skipulag þéttbýlis taki mið af hugmyndinni um 20 mínútna bæinn.
- ◆ Miðsvæðin eru endurskilgreind og afmörkun þeirra breytt með það að markmiði að styrkja þau og auka fókus á þeirra hlutverk.
- ◆ Æskilegt er að á skipulagstímabilinu verði farið í hugmyndasamkeppni um skipulag fyrir miðsvæðin í Garði og Sandgerði, þar sem hugað verði að styrkingu þeirra og þróunarmöguleikum.
- ◆ Ný íbúðarsvæði eru skilgreind á skipulagsuppdrætti innan núverandi þéttbýlis og í jaðri þess. Mörk þéttbýlis eru uppfærð m.t.t. þess. Eldri hverfi eru að mestu fullbyggð en farið hefur verið yfir möguleg uppbyggingarsvæði og fjölda nýrra íbúða bætt inn í ákvæðatöflur.
- ◆ Uppbyggingu íbúðarbyggðar er forgangsraðað m.t.t. þeirra uppbyggingarverkefna sem eru í gangi og tækifæra til að nýta betur land innan núverandi þéttbýlis. Eftirfarandi áfangaskipting verður höfð til viðmiðunar við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á skipulagstímabilinu (Tafla 3.1) en hluti af þeim íbúðum sem eru taldar í 1. áfanga eru nú í undirbúningi en eru ekki fullgerðar. Íbúðarsvæðið sunnan Sandgerðisvegar (ÍB-10) og Klapparhverfi og Teigahverfi í Garði (ÍB-9) hafa verið deiliskipulögð og uppbygging er hafinn. Áhersla er á að þau hverfi verði fullbyggð áður en hafist verður handa við uppbyggingu á nýjum hverfum.
- ◆ Reiknað er með að uppbygging á stærri nýjum íbúðarsvæðum verði í áföngum, sbr. ÍB-24 og ÍB-12, og þau hverfi byggist út frá núverandi byggð. Einnig er áætlað land fyrir íbúðarbyggð umfram það sem talin er þörf fyrir á skipulagstímabilinu og þannig er litið til lengri tíma hvað varðar þróun þéttbýlisstaðanna. .

Tafla 3.1 Áfangaskipting á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Suðurnesjabæ.

Áfangi	Uppbygging í Garði	Uppbygging í Sandgerði	Áætlaður fjöldi nýrra íbúða alls
1.	Lokið við uppbyggingu á ÍB-9, ÍB-11 og ÍB-21. Einnig stakir innfyllingarreitir t.d. á ÍB-5	Lokið við uppbyggingu á ÍB-10. Einnig stakir innfyllingarreitir innan ÍB-8	350
2.	Uppbygging á og við miðsvæði og stakir innfyllingarreitir t.d. á ÍB-3, ÍB-5, ÍB-7, ÍB-16 og ÍB-26	Uppbygging á og við miðsvæði og stakir innfyllingarreitir t.d. ÍB-2, ÍB-4, ÍB-6, ÍB-8 og ÍB-22	130
3.	Uppbygging á nýju íbúðarsvæði, þ.e. fyrsti áfangi af ÍB-24	Uppbygging á nýju íbúðarsvæði, þ.e. fyrsti áfangi ÍB-12	120

- ♦ Skilgreint er nánar hvaða starfsemi er heimil á íbúðarsvæðum.
- ♦ Á skipulagstímabilinu verði kannaðri möguleikar á fjölbreyttari íbúðarkostum svo sem smáíbúðabyggð (e. tiny houses) eða vistþorpi.
- ♦ Í tengslum við deiliskipulagsgerð verði unnið að greiningu og endurskipulagningu á vannýttum svæðum innan núverandi þéttbýlis með tilliti til uppbyggingar.
- ♦ Í aðalskipulagi verði heimild fyrir tveimur íbúðarhúsum og þremur frístundahúsum á jörðum í dreifbýli.

Stefna um byggð er útfærð nánar með afmörkun fyrir Íbúðarbyggð (ÍB), Miðsvæði (M) og Frístundabyggð (F) á skipulagsuppdrætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum fyrir Íbúðarsvæði (kafli 22.1), Miðsvæði (kafli 22.2) og Frístundabyggð (kafli **Error! Reference source not found.**).

Einnig er vísað til stefnu um verslunar- og þjónustu svæði og iðnaðar- og athafnasvæði.

Helstu stefnubreytingar

Í aðalskipulaginu er leitast við að móta nýja stefnu um þróun byggðar í þéttbýli með sjálfbærnisjónarmið að leiðarljósi. Skapað er svigrúm til vaxtar þéttbýlisins inná við og eftir atvikum eru skilgreind ný svæði fyrir íbúðarbyggð. Stefnan er að bjóða upp á fjölbreytta búsetukosti, í samræmi við Húsnæðisáætlun Suðurnesjabæjar. Aukin áhersla er einnig á loftlagsvæna byggð, lýðheilsusjónarmið og sjálfbærni daglegs lífs íbúa. Breytt afmörkun og styrking miðsvæða er auk þess lykilaðgerð í að efla nærþjónustu, bæta enn frekar bæjarmyndina og auka samkeppnishæfni þéttbýlisstaðanna sem áhugaverðan stað til að búa á í jaðri höfuðborgarsvæðisins.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnunni er ætlað að styðja við þá stefnu Suðurnesjabæjar sem heilsueflandi samfélags og bæta enn frekar búsetuskilyrði í sveitarfélaginu. Stefnan veitir svigrúm til vaxtar en áhrifin á náttúrufarslega þætti ráðast af umfangi nýrrar byggðar á nýju landi og hvort vistgerðir með hátt verndargildi fara undir byggð. Áhrifin á landslag er almennt séð jákvæð enda verði vandað til við nýja uppbyggingu, þ.e. í samræmi við náttúru og landslag. Áhrif af styrkingu miðbæjar á landslag og ásýnd eru talin verulega jákvæð á samfélag og atvinnulíf. Áhrifin á loftlagsmál eru annars vegar jákvæð þar sem áhersla er á loftlagsvæna byggð, með áherslu á nærþjónustu í göngufæri og hóflega útpenslu byggðar. Hins vegar eru neikvæð áhrif á loftlagsmál vegna losunar jarðvegs þegar nýtt land er brotið undir byggð.

4 LÍFRÍKI OG LANDSLAG

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um lífríki og landslag með tilliti til sjálfbærrar landnotkunar og nýtingu lands og umhverfisgæða.

4.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM LÍFRÍKI OG LANDSLAG

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð. Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

Landsskipulagsstefna


Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og landslags.

Lög um náttúruvernd

Þau mynda lagaramma um náttúruvernd á Íslandi og samkvæmt þeim er m.a. gerð náttúruminjaskrá, þ.e. listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst.

4.2 LANDSLAG

Land í Suðurnesjabæ er heilt yfir láglent, vel gróið norðan til en melar og sandlendi sunnan til, þ.e. vestan og sunnan Keflavíkurflugvallar. Land við ströndina stendur almennt séð lágt, einkum frá Garði, norður fyrir Garðskaga og suður með ströndinni að Ósabotnum, sjá Mynd 10.



Skýringar



Mynd 10 Landslag og hæð lands í Suðurnesjabæ.

Berggrunnur svæðisins er grágrýti, þ.e. basísk og ísúr hraunlög og setlög frá síðari hluta ísaldar, yngri en 0,8 milljón ára. Hraunin einkennast af jökulrákuðum klöppum og klapparholtum.¹⁸

Í Suðurnesjabæ er hægt að greina þrjár megin landslagsheildir, þ.e. heiðina (eða Miðnesheiði), byggðina við ströndina og fjörunar. Miðnesheiði er flöt án áberandi kennileita í landslagi og liggur á gömlu basalti. Jarðvegur er að mestu ólífrænn móajarðvegur, aðallega gerður úr gosösku. Jarðvegurinn er þykkari nær sjó en á miðju nesinu. Á miðri heiðinni er Keflavíkurflugvöllur. Miðnesheiðin er allvel gróin, en á sléttunni sunnan flugvallar er gróðurlaus mói og nokkur allstór svæði eru röskuð vegna efnistöku o.fl. Um heiðina liggja gamlar þjóðleiðir. Leiðirnar lágu á milli fyrrum verslunar- og útgerðastaða.

Svæðin með ströndinni einkennast af búsetulandslagi mótuðu af landbúnaði og sjávarútvegi í aldanna rás. Byggðin er einkum í vikum og vogum meðfram ströndinni, húsín eru staðsett á hæðardrögum og lágsvæðin ræktuð í skjóli garða. Þéttbýlisstaðirnir Garður og Sandgerði eru staðsettir á þessu búsetusvæði milli heiðar og fjöru. Byggðin nyrst í Garði ber t.d. vitni um búsetumynstur strandmenningar, sjávarbænda, kvikfjárbúskaps og ræktunar. Með ströndinni sunnan Garðskaga eru víða byggðakjarnar eða hverfi utan þéttbýlis, svo sem við Þóroddsstaði, Hvalnes og Stafnes. Hlaðna garða er víða að finna í byggðinni og setja mark á umhverfið. Gamlar þjóðleiðir liggja meðfram ströndinni. Skagagarðurinn, þ.e. leifar af mjög löngum og háum garði síðan á fyrri hluta Þjóðveldisaldar (870-1000) sést enn skammt norð-austur af Kolbeinsstöðum. Hann girti nyrsta hluta Rosmhvalsnæs frá öðrum hlutum Suðurnesja.

Í fjörum í Suðurnesjabæ, einkum frá Garði og suður með ströndinni, er fjölbreytt lífríki og mikilvæg fuglasvæði. Við ströndina er að finna grunna voga og vikur, grýtta eða sand- og leirbornar fjörur. Einnig klettafjörur og brimkatlar. Ströndin er vinsælt útivistarsvæði og þar er einnig stunduð æðardúnstekja.

¹⁸ Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021C.

¹⁹ Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021A.

4.3 NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Ósar, fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi eru á náttúruminjaskrá, þ.e. skilgreind sem aðrar náttúruminjar (C-hluti), sbr. einnig meðfylgjandi kort (Mynd 11).

Auk þess er samfelld svæði við ströndina í tillögum til B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjölbreytts strandgróðurs, einstaks og auðugs fuglalífs, margbreytilegra fjörugerða og fjölbreytts lífríkis. Samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið 12,9 km² og afmarkast af tjörnum frá Ósabotnum og norður fyrir Garðskaga og að bryggju í Garði. Það er vinsælt útivistarsvæði og þar er fjölbreytt fuglalíf árið í kring. Á fartíma á vorin eru stórir hópar vaðfugla í fjörum og hefur sanderla náð alþjóðlegum verndarviðmiðum, en henni hefur fækkað á þessum slóðum á síðari árum. Svæðið er einnig alþjóðlega mikilvægt fyrir æðarvarp og straumendur og sendlinga á vetrum.¹⁹


Á landi, þ.e. á Miðnesi og svæði austan Keflavíkurflugvallar að Ósi (Rosmhvalanes) er sílamáfsvarp.²⁰

4.4 HVERFISVERND NÁTTÚRUMINJA

Í aðalskipulagi Sandgerðis voru skilgreind tvö hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja, þ.e. fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi og æðarvarp við Fuglavík sunnan Sandgerðis. Í aðalskipulagi Garðs var einnig um að ræða hverfisvernd strandlengjunnar frá Garðhúsavík að Selsvík, sjá 13.

²⁰ Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021B.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga



Skýringar

Tillögur NÍ að B-hluta Náttúruminjaskrár

Kalmanstjörn-Garðskagi

Aðrar náttúruminjar skv. núverandi náttúruminjaskrá

Ósar (nr. 107)


Fjörur og tjarnir á Rosmihvalanesi (nr. 108)

Þéttbýli

Afmörkun aðalskipulags

Afmörkun Keflavíkurflugvallar

Mynd 11 Aðrar náttúruminjar og tillögur NÍ til B-hluta náttúruminjaskrár.



Skýringar

Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa

Leirur

Sjávarfítjar


Vötn

Þéttbýli

Afmörkun aðalskipulags

Afmörkun Keflavíkurflugvallar

Mynd 12 Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa skv. gögnum NÍ.



Mynd 13 Náttúruminjar og hverfisvernd náttúruminja í Sandgerði og Garði.

4.5 MARKMIÐ OG STEFNA – LÍFRÍKI OG LANDSLAG

Markmið

- ♦ Vernda náttúrulegt umhverfi í sveitarfélaginu þ.m.t. landslag, líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og jarðveg.
- ♦ Takmarka uppbyggingu á viðkvæmri strandlengjunni og á lágsvæðum.
- ♦ Nýta möguleika sem felast í sérstæðri náttúru og fuglalífi til að byggja upp þjónustu fyrir ferðamenn og efla þannig og styrkja fjölbreytt atvinnulíf.
- ♦ Gott aðgengi að svæðum til útivistar.

Útfærsla stefnu

Stefna um lífríki og landslag verður einkum framkvæmd með eftirfarandi aðgerðum í skipulagi:

- ♦ Hafa samráð við viðkomandi stofnanir um nauðsynlega uppbyggingu á strandlengjunni og á lágsvæðum með tilliti til áhrifa á mikilvæg vistkerfi og búsvæði fugla.
- ♦ Hlúa að og viðhalda svæðum á náttúruminjaskrá.

Stefnan um lífríki og landslag er útfærð nánar með afmörkun fyrir Hverfisvernd (HV) og Náttúruvernd (ÖN) á skipulagsupprætti og ákvæðum um takmarkanir á landnotkun, þ.e. Hverfisvernd (kafla 23.5) og Náttúruvernd (23.6).

Helstu stefnubreytingar

Stefnan um lífríki og landslag er í aðalatriðum sú sama og í fyrir aðalskipulögum, en hún er uppfærð og aukið og tekið er mið af nýjum lögum um náttúruvernd og stefnumörkun stjórnvalda í málaflokknum. Einnig er tekið mið af nýjum gögnum Náttúrufræðistofnunar um náttúrufar

svæðisins. Afmörkun hverfisverndar vegna náttúruverndar á aðalskipulagi er í aðalatriðum hin sama, en aukið er við ákvæðum um hverfisvernd.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á náttúrufarslega þætti eins og líffræðilega fjölbreytni og viðhalda vistgerðum með hátt verndargildi. Gott aðgengi að náttúru svæðisins, einkum strandsvæðanna, hefur jákvæð áhrif á heilsu, stuðlar að möguleikum til útivistar og hreyfingar. Stefnan hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf enda hefur lífríki og landslag svæðisins mikið aðdráttarafl.

5 NÁTTÚRUVÁ OG ÖRYGGI

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um viðbrögð við loftslagsbreytingum og náttúruvá og með hvaða hætti brugðist er við henni í skipulagi.

5.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM NÁTTÚRUVÁ OG ÖRYGGI

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara. Byggja viðnámspolna innviði.

Landsskipulagsstefna

Skipulag stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.

Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum


Að íslenskt samfélag og lífríki búi að viðnámsþrótti gagnvart loftslagsvá og að aðlögun að loftslagsbreytingum sé fastur þáttur í áætlunum og starfsemi hins opinbera.

5.2 VEÐURFAR

Veðurathuganir í Suðurnesjabæ eru á Keflavíkurflugvelli og við Garðskagavita. Samkvæmt gögnum Veðurstofu Íslands er ársúrkoma á Keflavíkurflugvelli á bilinu 697 – 1325 mm á árunum 2000 til 2020. Mesta

sólarhringsúrkoma á því tímabili er 49 mm. Í Garði eru suðaustan-, austan áttir algengar og þeim fylgir úrkoma. Norðnorðaustan- og norðaustan áttir eru algengastar, sbr. meðfylgjandi mynd (Mynd 14), en þeim fylgir almennt þurrt veður. Þar sem Miðnesið er láglent og lítið um mishæðir á landi, er dreifing vindálags nokkuð jafnt eftir áttum.

Veðurfar í Suðurnesjabæ mótast mjög af hlýjum sjónum úti fyrir og meðalhiti ársins er því tiltölulega hár.



Mynd 14 Tíðni vindátta í Garði, meðaltal árunna 2000-2020.²¹

²¹ Veðurstofa Íslands. 2020A.

5.3 SJÁVARFLÓÐ

Byggð í Suðurnesjabæ getur stafað hættu af landbroti og sjávarflóðum, enda stendur land við ströndina víða lágt og ölduálag er hátt og áveðurs. Lög um sjóvarnir nr. 28/1997 kveða á um að byggð svæði og svæði þar sem til staðar eru dýrmæt mannvirki eða menningarminjar skulu að jafnaði njóta forgangs við gerð sjóvarna.

Samkvæmt lögum um samgönguáætlun skal gera áætlun um sjóvarnir í samgönguáætlun. Við gerð áætlana um sjóvarnir skal Vegagerðin hafa samvinnu og samráð m.a. við hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Ríkissjóður greiðir stærsta hluta kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir við sjóvarnir. Landeigendur og sveitarfélög, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu, greiða einnig hluta og skiptist kostnaður á milli landeigenda í samræmi við stærð þess lands og strandlengju sem verja á.

Í aðalskipulagi Sandgerðisbæjar var stefna um að takmarka uppbyggingu á viðkvæmri strandlengjunni og á lágsvæðum sem skilgreind hafa verið í samráði við Vegagerðina. Auk þess eru svæði, þar sem er flóðahætta, merkt á skipulagsupprátt, sbr. einnig Mynd 16.

Frá þeim tíma sem aðalskipulagið var í mótnun hefur orðið til ný þekking á sjávarflóðum, áhrif hnattrænnar hlýnunar á hækkun sjávarstöðu, auk landhæðabreytinga vegna jarðskorpuhreyfinga. Árið 2018 gaf Vegagerðin út skýrsluna „Lágsvæði, viðmiðunarreglur fyrir landhæð“. Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um sjávarhæðir og innbyrðis afstöðu lands og sjávar og viðmiðunarreglur til ákvörðunar á lágmarkslandhæð á byggðum svæðum upp við ströndina.²² Þar kemur m.a. fram að mesta sjávarhæð í Reykjavík reiknaðist +5,24 m og mesti munur á sjávarföllum og flóðaspá reiknaðist 0,82 m sem er nánast sama hækkun og fékkst þegar djúp lægð gekk yfir í janúar 1990. Þessi mismunur er áhlaðandi sem stafar af samvirkandi þáttum vinds og loftþrýstings. Ölduáhlaðandinn er hins vegar ekki með. Svipaður mismunur og í Reykjavík fékkst í Sandgerði.

²² Vegagerðin. 2018.

²³ Efla. 2022.


5.4 GREINING Á ÞÖRF FYRIR SJÓVARNIR

Verkfræðistofan Efla hefur unnið fyrir Suðurnesjabæ að greiningu á helstu flóðasvæðum í sveitarfélaginu þar sem öll strandlínan, um 30 km, er greind, sbr. Mynd 15. Niðurstöður greiningarinnar veitir mikilvægar upplýsingar sem unnt er að byggja á við ákvörðun um mótvægisáðgerðir og við forgangsroðun verkefna er snúa að sjóvörnum og við gerð skipulagsáætlana.²³



Mynd 15 Dæmi um greiningu Eflu á landrofi við Sjávarbraut og Sjávangötu í Sandgerði. Línurnar sýna mismundandi strandlínur árin 1954 til 2021.²⁴

²⁴ Efla.2022.



Mynd 16 Sjóvarnir og greining á flóðahættu.

Við greiningu á mögulegum sjávarflóðum voru til skoðunar sviðsmyndir um veður eða storma svo og áhlaðandi eða aukinnar hækkunar sjávarborðs sem getur orðið vegna nokkurra mismunandi og oft samverkandi þátta eins og t.d. vegna loftþrýstingsbreytinga, vinds og öldu, sjá Mynd 16. Greiningunni var skipt upp í þrjá þætti, þ.e. flóðasvæði, hæð sjávarkamb og landrof, sem skoðaðir voru sérstaklega út af fyrir sig og svo í samhengi við hvorn annan.

Niðurstöður á forgangsöröðun flóðasvæða voru settar fram í greiningunni, en hún byggir á einkunnagjöf út frá ágjöf öldu með gefnum forsendum.

5.5 AFTAKAVEÐUR

Í skýrslu vísindanefndar um Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi kemur m.a. fram að með hlýnandi loftslagi megi vænta meiri veðuröfga. Samkvæmt skýrslunni teljast dagar með aftakaveðri dagar þar sem vindhraði fer yfir 20 m/s á a.m.k. 45% veðurstöðva á öllu landinu. Í skýrslunni kemur einnig fram að þanþol íslensks þjóðfélags gagnvart aftakaveðri er mun meira nú en fyrrum, þ.e. frá tímum landbúnaðarsamfélagsins. Einnig kemur fram að almennt efnahagslegt þol hafi stórukað en tjónnæmi sé enn umtalsvert, sérstaklega ef litið er á afkomu einstakra atvinnugreina, fyrirtækja og einstaklinga.²⁵

Í skipulagi snúast viðbrögð við hættu af aftakaveðrum einkum að mögulegri aukinni tíðni aftakaveðra, áhrifum á grunninnviði og þoli þeirra til að takast á við slíka atburði þegar þeir verða. Í samhengi Suðurnesjabæjar er einkum um að ræða hættu annars vegar af samspili vinds og loftþrýstings (þ.e. áhlaðanda) og sjávarfalla hins vegar.

Land í Suðurnesjabæ er tiltölulega flatt og því er almennt ekki hættu á að staðbundin skilyrði skapist sem valdi hættulegum vindsveipum.

²⁵ Halldór Björnsson o.fl. 2018.

5.6 JARÐSKJÁLFTAR OG ELDSUMBROT

Byggð í Suðurnesjabæ er skammt frá hinu virka gosbelti á Reykjanesskaga. Jarðskjálftahætta er til staðar á öllu svæðinu. Fjögur virk eldstöðvakerfi liggja með sprungureinum suðvestur Reykjanesskaga og skaginn tengir saman hryggjakerfi Atlantshafsins og gosbelti Íslands. Jarðskjálftar geta því verið tíðir eftir miðjum skaganum.

Á árinu 2021 gaus í fyrsta sinn í um sjö aldir á Reykjanesskaganum. Þar áður er talið að fjögur til fimm söguleg eldgos hafa orðið á Reykjanesskaga á árunum 875 til 1340. Á suðvesturhluta Reykjanesskagans liggur Reykjanessvartsengisreinin þar sem hraun rann síðast árið 1226. Söguleg hraun hafa ekki náð út á Rosmhvalanes.

Um burðarvirki mannvirkja gildir byggingarreglugerð nr. 112/2012 og þar er vísað til íslenskra þolhönnunarstaðla (Eurocodes) ásamt íslenskra þjóðarviðauka. Lárétt hröðun í jarðskjálftum á Íslandi hefur verið skilgreind í staðlinum.

5.7 MARKMIÐ OG STEFNA – NÁTTÚRUVÁ OG ÖRYGGI

Markmið

- ◆ Íbúar Suðurnesjabæjar búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár.
- ◆ Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga, einkum m.t.t. breytinga á sjávarhæð og landsigi.
- ◆ Sjóvörnum verði byggðar upp og haldið við þar sem hætta er á sjávarflóðum við byggð.
- ◆ Auka viðnámsþol og seiglu samfélagsins gagnvart náttúruhamförum.

Útfærsla stefnu

Stefna um náttúruvá og öryggi verður einkum framkvæmd með eftirfarandi aðgerðum í skipulagi:

- ◆ Sjóvarnir eru auðkenndar á uppdrætti og sett er um þau stefna.

- ◆ Endurskoðuð er afmörkun og ákvæði fyrir flóðasvæði m.t.t. nýrra gagna um hættu af völdum sjávarflóða.
- ◆ Áfram verði unnið að heildstæðu mati á ástandi sjóvarna með allri strandlengju sveitarfélagsins og greind verði þörf á uppbyggingu þeirra með tilliti til áhrifa loftslagsbreytinga til framtíðar og hækkandi sjávarstöðu.
- ◆ Á skipulagstímabilinu verði áfram unnið að öflun upplýsinga um hættu af völdum sjávarflóða og þær nýttar til að útfæra byggð og skipuleggja mótvægisáðgerðir. Hugað verði að því að skilgreina nánar samfélagslega mikilvæga innviði m.t.t. útfærslu byggðar.
- ◆ Á skipulagstímabilinu verði greind viðkvæmni samfélagsins gagnvart náttúruhamförum. Sérstaklega verði hugað að möguleikum til öflunar neysluvatns ef núverandi vatnsöflun brestur.

Stefnan um náttúruvá og öryggi er útfærð með afmörkun fyrir Náttúruvá (NV) og varúðarsvæði (VA) og viðbótarákvæðum fyrir Náttúruvá (kafli 23.1) og viðbótarákvæðum fyrir varúðarsvæði (kafli 23.2). Einnig er vísað til stefnu um Byggð (kafli 3), Hafnarsvæði (kafli 12) og Veitur og fjarskipti (kafli 16).

Helstu stefnubreytingar

Um er að ræða ýtarlegri stefnu um náttúruvá tengt hættu af völdum sjávarflóða, í ljósi nýrra gagna um lágsvæði í sveitarfélaginu. Hugað er að mótvægisáðgerðum svo sem hvað varðar mikilvæga samfélagslega innviði. Einnig er áhersla á að auka þol samfélagsins gagnvart náttúruhamförum sem kunna að eiga sér stað utan marka sveitarfélagsins.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og auka viðnám og þol gegn umhverfisbreytingum, svo sem af völdum loftslagsbreytinga. Stefnan er einnig líkleg til að auka viðnámsþol samfélagsins gagnvart náttúruvá og auka öryggi fólks. Áhrifin á náttúrufarslega þætti og landslag verða háð útfærslu sjóvarna.

6 MENNINGAR- OG BÚSETUMINJAR

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um fornleifar, búsetu- og menningarlandslag, húsfriðun og sögustaði og útfærslu landnotkunar og fyrirkomulags byggðar með tilliti til þess.

6.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM MENNINGAR- OG BÚSETUMINJAR

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna




Vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.

Landsskipulagsstefna

Tekið verði tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn verði nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda.

Lög um menningarminjar

Þau mynda lagaramma um menningarminjar á Íslandi og þeim er ætlað að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Samkvæmt lögunum skal við skipulagsgerð sveitarfélaga, þ.e. í aðal- eða deiliskipulagi, gera grein fyrir friðuðum og friðlýstum húsum og minjum, vinna að skráningu menningarminja í samráði við Minjastofnun og marka eftir atvikum stefnu um verndun svæða eða einstakra húsa eða minja. Í Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands er að finna upplýsingar um fornleifaskráningu og friðlýst hús og mannvirki í landinu.



Skýringar

- Fornleifar skv. gildandi ASK
- Friðaðar fornleifar (MÍ)
- Skráð fornleifaverkefni (MÍ)
- Friðlýstar fornleifar (MÍ)

Mynd 17 Yfirlit yfir fornleifastaði og fornleifaverkefni.

6.2 FORNLEIFAR

Til menningarminja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, mannvirki og hvers konar nytjahlutir. Einnig aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar.

Í Minjavefsjá er gerð grein fyrir friðlýstum og friðuðum fornleifum. Friðlýstar fornleifar eru m.a. í Básendum (leifar Básendakaupstaðar) og Lögrétta (forn hringur í Stafnestúni norðan bæjar), sjá 17 og Mynd 18.

Fjölmargar friðaðar fornleifar eru í Suðurnesjabæ samkvæmt Minjavefsá og dæmi um það eru bærinn Skálareykir og Skagagarðurinn, Kirkjustaðurinn Útskálur, Garðskagaviti eldri, hlaðin tóft íshúss sem íslensk-færeyska félagið lét reisa skammt ofan flæðarmáls í Fúlu, Tjarnargata 7, Gamla Sandgerði, Efri Flankastaðir og Hvalsneskirkja. Á Minjaskrá Minjastofnunar eru upplýsingar um menningarminjar en auk þess liggja fyrir tvær húsakannanir, þ.e. „Byggða- og húsakönnun við Skagabraut og lðngarða febrúar 2018“ og „Sandgerðisbær Byggða- og húsakönnun september 2018“.

6.3 BÚSETU- OG MENNINGARLANDSLAG

Til búsetu- eða menningarlandslags telst allt landslag þar sem ummerki mannsins sjást. Hugtakið er oftast tengt landslagi mótuðu af hefðbundnum landbúnaði eða sjávarútvegi fyrri tíma. Í lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) er búsetulandslag skilgreint sem hluti fornleifa og ber því að vernda á sama hátt og aðrar fornleifar.

Landsskipulagsstefna leggur m.a. áherslu á að varðveita sérstæða náttúru, menningu og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Í Suðurnesjabæ er rík áhersla á varðveislu búsetu- og menningarlandslags og tengingu við söguna. Þessi stefna hefur m.a. verið sett fram í hverfisvernd í aðalskipulagi og með verndarsvæði í byggð sbr. kafla 6.5.

6.4 BYGGINGARARFUR OG HÚSFRIDUN

Í töflu (Tafla 25.1) í viðauka (Viðauki 1) eru tilgreindar byggingar eða byggingarhlutar sem njóta friðunar eða munu njóta friðunar á skipulagstímabilinu samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012, en ekki er lagt mat á varðveislugildi þeirra. Öll hús sem eru skráð í Þjóðskrá og falla undir ákvæði ofangreindra laga eru tilgreind í töflunni, eða rúmlega 60 hús.

6.5 VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

Í Suðurnesjabæ eru tvö svæði sem njóta verndar skv. lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 og reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016, sbr. afmörkun á Mynd 18. Annars vegar er það svæðið í Garði, frá Útskálum að Skagatá í Útgarði.²⁶ Hins vegar er það svæðið í Sandgerði, Krókskotstún – Landakotstún.²⁷ Verndaráætlun fyrir þessi svæði hafa hlotið staðfestingu ráðherra. Markmið laga um verndarsvæði í byggð er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi. Lögin gilda um byggð innan þéttbýlis og byggðakjarna utan þéttbýlis sem ástæða er til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis.


6.6 SÖGUSTAÐIR

Í Suðurnesjabæ eru fjölmargir áhugaverðir staðir sem vinsælt er að heimsækja. Dæmi um það er byggðasafnið á Garðskaga en safnið er alhliða byggða- og sjóminjasafn, sbr. kafla 19.4 Menningarstarfsemi. Annað dæmi er Hvalsneskirkja sem byggð var árið 1887 úr tilhöggnum steini. Hallgrímur Pétursson, eitt mesta sálmaskáld Íslendinga, þjónaði m.a. í Hvalsnessókn.

Í Suðurnesjabæ eru auk þess fjölmargar gamlar gönguleiðir sem afmarkaðar eru á aðalskipulagsuppdretti.

²⁶ Suðurnesjabær. 2019A.

²⁷ Suðurnesjabær. 2019B.



Mynd 18 Menningarminjar í Sandgerði og Garði.

6.7 MARKMIÐ OG STEFNA – MENNINGAR- OG BÚSETUMINJAR

Markmið

- ♦ Vernda sérstætt búsetulandslag og landslagsheildir sem mótast hafa í Suðurnesjabæ og ráðast hafa af samspili sjávarútvegs og landbúnaðar.
- ♦ Staðinn verði vörður um byggingaarf svæðisins og tekið tillit til hans við mannvirkjagerð.
- ♦ Sérstaða svæðisins í landslagi, sögu og menningu verði dregin fram við umhverfismótun og mannvirkjagerð, svo sem á áfangastöðum ferðamanna.

Útfærsla stefnu

Stefna um menningar- og búsetuminjar verður einkum framkvæmd með eftirfarandi aðgerðum í skipulagi:

- ♦ Í deiliskipulagi verði sérstaklega hugað að menningar- og búsetuminjum og fornleifaskráning fari fram á deiliskipulagsstigi.
- ♦ Í deiliskipulagi verði leitast við að útfæra stefnu um varðveislu gamalla húsa sem talin eru hafa hátt verndargildi. Mat á verndargildi húsa sem eru eldri en 100 ára verði unnið í samráði við Minjastofnun Íslands.
- ♦ Á skipulagstímabilinu verði hugað að verndun menningar- og búsetuminja fyrir ágangi náttúrunnar, svo sem við uppbyggingu sjóvarna.
- ♦ Á skipulagstímabilinu verði skilgreindir staðir í Suðurnesjabæ sem tengjast merkur atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum, svo og mannvirki sem bera vitni um búsetu og menningu sem er horfin. Í þeirri stefnumótun verði m.a. markmiðið að styrkja staðaranda og stuðla að áhugaverðu umhverfi fyrir íbúa og gesti og styður við ferðaþjónustu og fleiri atvinnuvegi.

Stefnan um menningar- og búsetuminjar er útfærð nánar með afmörkun fyrir svæðið fyrir minjavernd á skipulagsupprætti (MV) og sem ákvæði um takmörkun á landnotkun, þ.e. ákvæði um Minjavernd, sbr. kafla 23.3. Einnig er vísað til stefnu um hverfisvernd sem er útfærð nánar með afmörkun fyrir svæðið á skipulagsupprætti (HV) og með ákvæði um takmörkun á landnotkun, þ.e. Hverfisvernd sbr. kafla 23.5.

Helstu stefnubreytingar

Áfram er lögð áhersla á að nýta menningararfinn til að styrkja sjálfsmynd samfélagsins og til hagsbóta fyrir atvinnulíf á svæðinu. Sveitarfélagið býr yfir verðmætum menningarminjum og gildandi lög um minningarminjar mynda umgjörð um vernd þeirra. Um þessar menningarminjar gilda eftir atvikum hverfisvernd og önnur ákvæði sem er ætlað að stuðla að verndun þeirra.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnunni er ætlað að stuðla að varðveislu menningarminja, landslags og landslagsheilda. Verndun menningarverðmæta er ætlað að styrkja sjálfsmynd samfélagsins og efnahagslegan grunn og styðja við til jákvæða atvinnuþróun og fjölbreytni atvinnulífs. Stefnan er í samræmi við þá stefnu sem stjórnvöld hafa markað um verndun menningarminja og verndarsvæði í byggð. Í heildina mun stefnan styrkja þol samfélagsins gegn samfélags- og umhverfisbreytingum, styrkja staðaranda og styðja við jákvæða upplifun og útivist í Suðurnesjabæ.

7 AUÐLINDIR

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um orkumál, neysluvatn, loftgæði og hljóðvist og útfærslu landnotkunar og fyrirkomulags byggðar með tilliti til þess.

7.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM AUÐLINDIR

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna. Auka hlutfall endurnýjanlegrar orku og bæta orkunýtingu. Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess.

Landsskipulagsstefna

Skipulagsgerð stuðli að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum, svo sem varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, hljóðvist og loftgæði.

Vatnaáætlun

Markmið laganna um stjórn vatnamála nr. 36/2011 er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma-vernd vatnsauðlindarinnar.

Áætlun um loftgæði á Íslandi

Meginmarkmið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir

Markmiðið er að kortleggja og meta hávaða og leggja grunn að aðgerðum til að draga úr ónæði og truflunum af völdum hávaða.

Svæðisskipulag Suðurnesja

Markar m.a. stefnu um veitur og samgöngur.

7.2 ORKA

Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun)²⁸ er bindandi við gerð skipulagsáætlana. Hún tekur til landsvæða og virkjanakosta sem verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur fjallað um og hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða uppsett varmafl 50 MW eða meira. Í Suðurnesjabæ eru engar fyrirhugaðar virkjanir sem falla undir rammaáætlun. Öll raforka sem nýtt er á svæðinu er aðflutt.

Suðurnesjabær fær heitt vatn frá orkuverinu í Svartsengi en það er leitt í að aðveitustöð við Fitjar í Reykjanesbæ og þaðan í Garð og Sandgerði.

7.3 NEYSLUVATN

Suðurnesjabær fær neysluvatn úr vatnsbóli við Árnarétt Garði og sameiginlegu vatnstökusvæði fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum í Lágum í Grindavík. Í gildandi aðalskipulagi Sandgerðisbæjar og sveitarfélagsins Garðs er landsvæði skilgreint sem vatnsverndarsvæði. Rík áhersla hefur verið á að tryggja öruggt aðgengi að neysluvatni og viðhalda núverandi vatnsverndarsvæðum, sbr. stefnu Svæðisskipulags Suðurnesja. Með því er tryggt neysluvatn til vara ef vatnsöflun frá Lágum í Grindavík brestur.

Vatnaáætlun er nú í kynningarferli en búið er að flokka vatnshlot í Suðurnesjabæ á grundvelli reglugerðar um flokkun þeirra. Ástand vatnshlota í sveitarfélaginu er metið og grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 2 er flokkað í hættu samkvæmt álagsgreiningu, þ.e. vatnshlot í hættu vegna slæms efnafraðilegs ástands. Í áætluninni kemur fram að meðal álagspátta sé gamall urðunarstaður á Stafnesi. Samkvæmt Vatnaáætlun er hafin

²⁸Sbr. lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

greiningarvinna á því hvaðan álagið kemur og aðgerðir vegna vatnshlots hafa verið skilgreindar í aðgerðaráætlun og gert er ráð fyrir vöktun vatnshlots í vöktunaráætlun.

Tvær aðgerðir í aðgerðaáætlun í tenglum við Vatnaáætlun snúa að Rosmhvalanesi 2. Þær eru: F5- Yfirlitsvöktun í Rosmhvalanesi 2 og F6- Kortlagning á álagi og starfsemi í tengslum við Rosmhvalanes 2. Aðgerðirnar verða unnar í samstarfi við ÍSOR, ISAVIA, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Umhverfisstofnun og fleiri aðila á árunum 2022-2024.

Fyrir liggja upplýsingar um gamalt sorpurðunarsvæði á Miðnesheiði norðan flugvallar og vestan Sandgerðisvegar. Ákveðnar vísbendingar eru um mengun grunnvatns af þess völdum, en frekari rannsókna er þörf til að ákvarða umfang og eðli slíkrar mögulegrar mengunar.

7.4 LOFTGÆÐI

Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029²⁹ var gefin út árið 2017 og er meginmarkmið hennar að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi. Loftgæðaáætlunin tekur til þeirra þátta er varða loftgæði utandyra. Í henni koma fram mælanleg markmið, upplýsingar um loftgæði og tímaáætlun, aðgerðir og stefnumörkun til að bæta loftgæði.

Umhverfisstofnun fylgist með loftgæðum á öllu landinu og á árinu 2020 kom út skýrslan *Loftgæði á Íslandi; Ársskýrsla 2019*.³⁰ Skýrslan er gefin út í samræmi við áætlun um loftgæði. Mælingar Umhverfisstofnunar taka til stærstu þéttbýlisstaða og stóriðnaðarsvæða og mældur er styrkur helstu mengunarefna í lofti, svo sem svifryks, brennisteinsdíoxíðs, brennisteinsvetnis og köfnunarefnisdíoxíðs. Skýrslan tekur ekki til Suðurnesjabæjar eða nágrennis Keflavíkurflugvallar.

Í Sandgerði og Garði eru á vegum Isavia framkvæmdar mælingar á loftgæðum og niðurstaðan, þ.e. staða loftgæða, er uppfærð jafn óðum á vef

Umhverfisstofnunar. Þessir mælar voru settir upp eftir að eldgos hófst í Geldingardal.

7.5 HLJÓÐVIST

Við skipulagsgerð skal hljóðstig vegna umferðar ökutækja, flugumferðar og atvinnustarfsemi vera undir skilgreindum mörkum sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Skv. reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlunir nr. 1000/2005 skal sveitarstjórn gera hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði en veghaldarar og rekstraraðilar flugvalla fyrir stóra vegi og flugvelli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að aðgerðaráætlun sé gerð til að draga úr áhrifum hávaða, þar sem það á við. Reglugerðin kveður einnig á um það að skipulagsáætlunir séu í samræmi við niðurstöður hávaðakortlagningar.

Helstu umferðaræðar í og við þéttbýlið í Sandgerði og Garði eru Garðskagavegur (45) og Sandgerðisvegur (429). Umferð um þá vegi³¹ er undir þeim viðmiðum sem sett eru í reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlana, þ.e. um hvað telst stór vegur. Í tengslum við gerð aðalskipulags er því ekki talin þörf á gerð hávaðakorts fyrir þéttbýlið og stofnvegina um þéttbýlið.

Keflavíkurflugvöllur fellur undir viðmið reglugerðar um kortlagningu hávaða og náði er fylgst með hljóðvíst í tengslum við hann. Tekin hefur verið saman skýrsla um kortlagningu hávaða skv. tilskipun EU 2002/49/EC, þ.e. frá Reykjanesbraut og Keflavíkurvegi í gegnum Reykjanesbæ og við Keflavíkurflugvöll.³² Auk þess hefur Isavia haft hljóðmælingakerfi frá árinu 2017 til að fylgjast með hvaða flug valda hávaða svo bregðast megi við. Þrír fastir hljóðmælar og einn færanlegur er í nærliggjandi byggð við flugvöllinn. Hljóðmælingunum er miðlað jafnóðum á vef Keflavíkurflugvallar.

²⁹ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020.

³⁰ Umhverfisstofnun. 2019.

³¹ Vegagerðin. 2020.

³² Vegagerðin og Isavia. 2017.

7.6 MARKMIÐ OG STEFNA – AUÐLINDIR

Markmið

- ◆ Stuðla að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.
- ◆ Tryggt sé nægt neysluvatn og öruggt aðgengi að því.
- ◆ Endurskoða afmörkun vatnsverndarsvæða þar sem horft er til samspils náttúru, nýtingar, vatnsöryggis og fyrirhugaðrar byggðar.
- ◆ Vinna markvisst að umhverfisgæðum og styrkja sjálfbæra ímynd sveitarfélagsins.
- ◆ Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst og stuðlað verði að aukinni orkunýtni.

Útfærsla stefnu

- ◆ Vinna með yfirvöldum að aðgerðaráætlun vegna mengunar grunnvatns á þeim stöðum í Suðurnesjabæ sem Vatnaáætlun tilgreinir. Landnotkun og nýtingu lands verði hagað í samræmi við það og afmarkað verði varúðarsvæði eftir því sem við á og upplýsingar um mengun grunnvatns gefa tilefni til.
- ◆ Á aðalskipulaginu eru fjar- og nærsvæði vatnsverndar aðlöguð að landi og samhæfð. Á skipulagstímabilinu verði áfram unnið að endurskoðun á afmörkun vatnsverndarsvæða í Suðurnesjabæ í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Við endurskoðunina verði tekið mið af fyrirliggjandi gögnum um vatnsauðlindina, þróun byggðar o.fl.

Stefna um neysluvatn er útfærð nánar með afmörkun á skipulagsupprætti (VF, VG og VB) og ákvæðum umtökmörkun á landnotkun, þ.e. Vatnsverndarsvæði og Vatnsból (kafli 23.4). Stefna um orku, ef til kemur, er útfærð nánar með markmiðum um orkuvinnslu og skipulagsákvæðum um lðnaðar- og athafnasvæði (kafli 10) og afmörkun á skipulagsupprætti (I).

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrri aðalskipulögum. Áfram er lögð rík áhersla á vatnsöflun og heilnæmi umhverfis. Vatnsvernd er yfirfarin og fest í sessi til framtíðar. Vatnsból við Skálareyki er aflagt. Áform um nýtingu vindorku liggja ekki fyrir en Suðurnesjabær þarf að taka afstöðu til þess hvort slík orkuvinnsla kemur til álita og þá hvar slíkt væri mögulegt sbr. hæðartakmarkanir á mannvirkjum.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og stuðla að sjálfbærni byggðarinnar hvað varðar þol samfélagsins gangvart umhverfis- og samfélagsbreytingum. Stefnan er einnig líkleg til að hafa jákvæð áhrif á loftlagsmál og atvinnulíf með áherslu á græna orku og orkunýtni. Stefnan hefur óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar og útivist að því gefnu að ekki verði af nýtingu vindorku, en slík vinnsla hefði augljóslega áhrif á náttúrufarslega þætti eins og fugla, en ekki síður landslag og ásýnd lands.

BLÓMLEGT OG FJÖLBREYTT ATVINNULÍF

8 ATVINNA

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um atvinnumál, uppbyggingu atvinnulífs og atvinnusvæði og útfærslu landnotkunar og fyrirkomulags byggðar með tilliti til þess.

8.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM ATVINNU

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla. Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun. Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð.

Landsskipulagsstefna

Stefnan leggur m.a. áherslu á samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf og ferðapjónustu í sátt við náttúru og umhverfi. Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum.

Í átt að hringrásarhagkerfi

Markmiðið er að bæta nýtingu auðlinda, m.a. með áherslu á græna nýsköpun.

Svæðisskipulag Suðurnesja

Svæðisskipulagið leggur m.a. áherslu á öflugt atvinnulíf og fjölbreytt framboð starfa sem forsendu blómlegrar byggðar og aukinna lífsgæða


íbúanna. Suðurnesin verði eitt atvinnusvæði og samkeppnishæfni þess styrkt með áherslu á sterka innviði og gott aðgengi að auðlindum ásamt virkjun atvinnumöguleika sem tengjast alþjóðlegum flugvelli, umferð um þetta helsta hlið landsins að umheiminum, og sjávarútvegi.

Sóknaráætlun Suðurnesja

Áætlunin leggur m.a. áherslu á fjölgun starfa og fjölbreytni atvinnulífs.

8.2 ATVINNUÞRÓUN

Í gögnum Vinnuálastofnunar eru upplýsingar um atvinnuleysi í einstökum sveitarfélögum. Samkvæmt gögnum Vinnuálastofnunar var óverulegt atvinnuleysi í Suðurnesjabæ frá ársbyrjun 2018 og fram á mitt sama ár.



Mynd 19 Áætlað atvinnuleysi í Suðurnesjabæ, þ.e. atvinnulausir sem hlutfall af áætluðu vinnuafli á vinnumarkaði.³³

Eftir það fer atvinnuleysi vaxandi fram í byrjun árs 2020, en í lok árs voru atvinnulausir orðnir 335 sem samsvarar til rúmlega 17% af áætluðu vinnuafli

³³ Vinnuálastofnun. 2022.

á vinnumarkaði, sbr. Mynd 19. Þessa aukningu á árinu 2020 má rekja til Covid 19 farsóttarinnar. Frá þeim tíma hefur atvinnuleysið minnkað umtalsvert og var tæplega 8% í lok árs 2021.³⁴

8.3 VÆGI ATVINNUGREINA OG FJÖLBREYTNÍ ATVINNULÍFS

Eitt af markmiðum *Sóknaráætlunar Suðurnesja 2020-2024* um atvinnu og nýsköpun er að fjölga nýskráðum fyrirtækjum um 5% og auka hlutdeild skapandi greina og hátækni í veltu atvinnulífs um 20%. Í gögnum Hagstofunnar eru ekki upplýsingar um atvinnubátttöku og fjölda starfa eftir starfsgreinum í Suðurnesjabæ. Þó er ljóst að megin þorri starfa í sveitarfélaginu tengjast starfsemi í þéttbýlisstöðunum Garði og Sandgerði og Keflavíkurflugvelli.

Keflavíkurflugvöllur

Undanfarin ár og áratugi hafa umsvif á Keflavíkurflugvelli og tengdum greinum orðið mikilvægasti þátturinn í atvinnulífi Suðurnesjabæjar, sbr. greiningu Byggðastofnunar á atvinnulífi á Suðurnesjum. Áform eru um frekari atvinnuuppbyggingu á flugvallarsvæðinu sbr. samkeppni um þróun svæðisins til ársins 2050 sem er á vegum Kadeco þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Í Sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2024 er einnig áhersla á að markaðssetja áfangastaðinn enn frekar, m.a. fyrir minni skemmtiferðaskip og skiptifarþega um Keflavíkurflugvöll.

Sjávarútvegur

Fiskveiðar og vinnsla fiskafurða hefur lengi verið umfangsmikil atvinnugrein í Suðurnesjabæ. Gögn um landaðan afla í Sandgerði eru á vef Hagstofu Íslands og samkvæmt því hefur landaður afli dregist verulega saman frá aldamótum, þ.e. bæði heildarafli og þorskur. Eigi að síður er útgerð og fiskvinnsla enn mikilvægur þáttur í atvinnulífi í Suðurnesjabæ.

Þjónusta

Í Garði og Sandgerði eru dagvöruverslanir, bensínstöðvar og veitingastaðir. Auk þess er þar fjölbreytt opinber þjónusta eða grunnþjónusta, sbr. kafla 19. Á Keflavíkurflugvelli, þ.e. í Leifsstöð er rekin fjölbreytt flóra verslana, s.s. sérverslanir og lyfjaverslanir auk veitingastaða.

Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er einn mikilvægasti atvinnuvegur í Suðurnesjabæ enda er helsta gáttin inn í landið í gegnum Keflavíkurflugvöll. Gisti- og veitingaþjónusta og tjaldsvæði eru í Sandgerði og Garði. Auk þess er gisti- og veitingaþjónusta á og við Keflavíkurflugvöll.

8.4 ÞJÓNUSTU- OG VINNUSÓKN


Í greiningu Byggðastofnunar á vinnusóknarsvæði og almenningssamgöngum kemur fram að vinnusóknarsvæði Suðurnesjabæjar nær til höfuðborgarsvæðisins, þ.e. í 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík sbr. Mynd 20.³⁵

Í þjónustukönnun sem Byggðastofnun lét gera árið 2018 kemur fram að meirihluti íbúa í Garði og Sandgerði (nú Suðurnesjabæ) sótti vinnu út fyrir sína heimabyggð.³⁶

³⁴ Vinnumálastofnun. 2022.

³⁵ Byggðastofnun. 2021.

³⁶ Byggðastofnun. 2021.



Mynd 20 Skilgreining Byggðastofnunar á suðvestursvæði í u.þ.b. 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.³⁷

8.5 MARKMIÐ OG STEFNA – ATVINNA

Markmið

- ♦ Styrkja stoðir atvinnulífs í Suðurnesjabæ og auka framboð og fjölbreytileika starfa í sveitarfélaginu.
- ♦ Nýta sérstöðu Keflavíkurflugvallar sem vaxandi atvinnusvæðis með sterk alþjóðleg tengsl.
- ♦ Efla og byggja upp atvinnustarfsemi í tengslum við sjávarútveg, ferðaþjónustu og flugtengda starfsemi.
- ♦

Útfærsla stefnu

- ♦ Suðurnesjabær, í samstarfi við Kadeco þróunarfélags Keflavíkurflugvallar o.fl., vinni að uppbyggingu atvinnustarfsemi á og við Keflavíkurflugvöll, Helguvíkursvæðinu og Rockville með alþjóðlegt samhengi. Vinnusóknarsvæði þeirrar starfsemi taki eftir atvikum til Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins, en greiðar samgöngur verði tryggðar við þéttbýlisstaðina í Suðurnesjabæ.
- ♦ Suðurnesjabær vinni jafnframt að uppbyggingu atvinnusvæða í og við núverandi þéttbýli með það fyrir augum að bjóða íbúum upp á valkost um atvinnu í nálægð við heimili og eftir atvikum í göngufæri.

Stefnan um atvinnu er útfærð nánar í köflum 9 til 14. Einnig er vísað til stefnu um miðsvæði, sbr. kafla 3.10.

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan um atvinnumál er sú sama og í fyrri aðalskipulögum. Aukin áhersla er á fjölbreytni atvinnulífs til að gera samfélagið hæfara til að bregðast við samfélags- og efnahagslegum áföllum. Einnig að skapa svigrúm fyrir vöxt atvinnulífs í sveitarfélaginu svo að íbúum gefist kostur að sækja vinnu í nærumhverfinu og með þeim hætti stytta ferðatíma til og frá vinnu og auka lífsgæði fólks.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum. Stefnan hefur óveruleg áhrif á náttúru og menningarminjar, en er líkleg til að draga úr ferðaþörf til vinnu og losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við það.

³⁷ Byggðastofnun. 2021.

9 VERSLUN- OG ÖNNUR ÞJÓNUSTA

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um verslun og þjónustu og útfærslu landnotkunar og fyrirkomulags byggðar með tilliti til þess.

9.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM VERSLUN OG ÞJÓNUSTU

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Gera borgir og íbúðarsvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær. Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðla að heilbrigðu lífi og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar.

Landsskipulagsstefna


Stefnan leggur áherslu á að blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.

Svæðisskipulag Suðurnesja

Skilgreind eru sameiginleg atvinnusvæði og tilgangurinn er m.a. að skapa sterkari og heildstæðari kjarna, sem eykur samkeppnishæfni Suðurnesja og stuðlar að aukinni aðsókn fyrirtækja og stofnana.

Heilsueflandi samfélag

Heildræn nálgun sem Suðurnesjabær vinnur að í samstarfi við Embætti landlæknis, en það felur m.a. í sér framboð, aðgengi og gæði hvað varðar matvæli og að stuðla að heilsusamlegum lífnaðarháttum hvað varðar næringu.



Skýringar

Miðsvæði skv. ASK
Verslun og þjónusta skv. ASK

Þéttbýli
Vegir

Mynd 21 Verslunar- og þjónustusvæði og miðsvæði samkvæmt eldri aðalskipulögum.

9.2 STAÐSETNING NÚVERANDI VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Sem fyrr segir eru matvöruverslanir í Garði og Sandgerði, auk veitingastaða og annarrar smáverslana og þjónustu. Ef frá er talin verslun og þjónusta á Keflavíkurflugvelli er megin þorri verslunar- og þjónustustarfsemi í Suðurnesjabæ í þéttbýlisstöðunum tveimur.

Í eldri aðalskipulögum er einnig gert ráð fyrir umfangsmiklum verslunar- og þjónustusvæðum við Rósaselstorg annars vegar og hins vegar á Miðnesheiði við Sandgerðisveg, sbr. Mynd 21.

9.3 GILDI DAGVÖRUVERSLUNAR Í GÖNGUFÆRI

Almennt gildir að því fjölmennari sem þéttbýlisstaðir eru, þeim mun líklegri er að þeir geti staðið undir fjölbreyttri og öflugri starfsemi, hvort sem það er opinber þjónusta, menningarlíf eða verslun og þjónusta. Að sama skapi er fjölbreytt þjónusta líkleg til að styrkja samkeppnishæfni og þol samfélagsins gegn breytingum.

Í skipulagi þéttbýlis er almennt aukin áhersla á möguleika íbúa til að ferðast fótgangandi í sínu nærumhverfi. Lýðheilsusjónarmið í skipulagi hefur fengið aukið vægi, sbr. tillögu Skipulagsstofnunar að viðauka við landsskipulagsstefnu. Vaxandi þörf er fyrir samþættingu daglegra athafna íbúa og hreyfingar, til að fyrirbyggja vaxandi offitu og lífsstílstengda sjúkdóma. Aðgengi að hollri fæðu er einnig mikilvægt atriði út frá lýðheilsusjónarmiði.

9.4 MARKMIÐ OG STEFNA – VERSLUN OG ÖNNUR ÞJÓNUSTA

Markmið

- ♦ Efla verslun og þjónustu sem eykur lífsgæði íbúa og ánægju ferðamanna, bæði innan þéttbýlisins og í tengslum við flugvallarsvæðið.
- ♦ Styrkja þéttbýlisstaðina sem viðkomustaði ferðamanna þar sem í boði er fjölbreytt úrval þjónustu.
- ♦ Dagvöruverslun verði tryggðir þróunarmöguleikar miðsvæðis í Garði og Sandgerði.

Útfærsla stefnu

- ♦ Á skipulagstímabilinu vinni Suðurnesjabær að nánari stefnumörkun um verslunar- og þjónustusvæðin við Rósaselstorg, þ.e. rammahluta aðalskipulags, þar sem verði útfærð stefna m.a. um tilhögun uppbyggingar, nýtingarhlutfall, yfirbragð byggðar, rýmisþörf og mögulega áfangaskiptingu uppbyggingar. Einnig tilhögun veitna, hvernig fráveitumál verða leyst svo og notkun blágrænna ofanvatnslausna. Tekið verði mið af framtíðarsýn og áformum um uppbyggingu atvinnustarfsemi á og við Keflavíkurflugvöll, sbr. vinnu á vegum Kadeco þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, þ.e. væntanlegar niðurstöður þróunaráætlunar nærumhverfis Keflavíkurflugvallar og endurskoðað svæðisskipulag Suðurnesja. Þegar þessar áætlanir liggja fyrir verður aðalskipulagið uppfært.
- ♦ Á skipulagstímabilinu, svo sem í tengslum við endurskipulagningu miðsvæða, verði skapað svigrúm fyrir uppbyggingu gístiaðstöðu, þ.e. hótél- og/eða gistiheimilisgistingu.
- ♦ Suðurnesjabær, í samstarfi við rekstraraðila dagvöruverslunar í Garði og Sandgerði, framkvæmi greiningu á rýmisþörf fyrir vöxt þjónustunnar til framtíðar.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

- ♦ Nýtt verslunar- og þjónustusvæði er skilgreint við Garðskaga og Gauksstaði í Garði, en í ferli er gerð deiliskipulags fyrir það svæði. Vísað er til uppdráttar, greinargerða og umhverfismats í tengslum við það ferli.

Stefnan um verslun og þjónustu er útfærð nánar með afmörkun fyrir verslun og þjónustu á skipulagsupprætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum sbr. kafla 22.3. Stefna um verslun og þjónustu er einnig útfærð í stefnu um miðsvæði sbr. kafla 3.10.

Helstu stefnubreytingar

Stefnan er talsvert breytt frá eldri aðalskipulögum þar sem breytt er umfangi verslunar- og þjónustusvæða, þ.e. svæðin norðan flugvallarsvæðisins og á og við Rockville-svæðið eru felld niður. Bætt er við nýju verslunar- og þjónustusvæði við Hvalsneskirkju, við Gauksstaði og á Garðskaga í Garði. Lögð er áhersla á dagvöruverslun í þéttbýlinu sem þjóni daglegum þörfum íbúa í göngufæri.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan hefur jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á samfélagslega þætti, atvinnu og þjónustu, þ.e. eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum, eflir nærþjónustu og skapar fjölmörg störf í sveitarfélaginu. Stefnan hefur líklega óveruleg áhrif á náttúru og menningarminjar, en áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda er neikvæð vegna losunar jarðvegs ef áform um uppbyggingu við Rósaselstorg verða að veruleika. Efling þjónustunnar í göngufæri og aukið gönguhæfi byggðarinnar hvetur einkum íbúa í þéttbýlinu til hreyfingar og bættrar lýðheilsu.

10 IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um iðnaðar- og athafnasvæði og útfærslu landnotkunar og fyrirkomulags byggðar með tilliti til þess.

10.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna




Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla. Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð.

Svæðisskipulag Suðurnesja

Suðurnesin verði eitt atvinnusvæði og samkeppnishæfni þess styrkt með áherslu á sterka innviði og gott aðgengi að auðlindum ásamt virkjun atvinnumöguleika sem tengjast alþjóðlegum flugvelli, umferð um þetta helsta hlið landsins að umheiminum, og sjávarútvegi.

10.2 NÚVERANDI IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI

Í eldri aðalskipulögum eru skilgreind athafnasvæði norðan Keflavíkurflugvallar, á Rockville svæðinu og svo innan þéttbýlismarka Garðs og Sandgerðis, sbr. Mynd 22. Uppbygging á athafnasvæðum norðan Keflavíkurflugvallar og á Rockville svæðinu hefur ekki komið til framkvæmda.



Skýringar

- Iðnaðarsvæði skv. ASK
- Athafnasvæði skv. ASK
- Þéttbýli

Mynd 22 Iðnaðar- og athafnasvæði skv. eldri aðalskipulögum.

Iðnaðarsvæði eru vestan Keflavíkurflugvallar, við Berghóla eða svæði álversins, á Rockville svæðinu og svo á afmörkuðum svæðum innan þéttbýlis. Uppbygging á iðnaðarsvæðum á Rockville svæðinu hefur ekki komið til framkvæmda.

10.3 MARKMIÐ OG STEFNA – IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI

Markmið

- ♦ Styrkja uppbyggingu hátækni iðnaðar, græns iðnaðar, nýsköpunar og starfsemi sem vinnur á forsendum hringrásarhagkerfisins.
- ♦ Efla framboð á fjölbreyttum iðnaðar- og athafnalóðum.
- ♦ Áhersla á nýtingu landsins gæða og þeirra hráefna sem til staðar eru til atvinnusköpunar með áherslu á hringrásarhagkerfi.
- ♦ Tengja atvinnusvæði norðan Keflavíkurflugvallar við önnur atvinnusvæði í Suðurnesjabæ.

Útfærsla stefnu

- ♦ Á skipulagstímabilinu verði unnið áfram að því að skapa athafnasvæðinu á Rockville hlutverk sem svæðis fyrir sértæka athafnastarfsemi, en til staðar eru innviðir á svæðinu sem nýtast fyrir slíka starfsemi. Þegar Þróunaráætlun liggur fyrir verður skipulag svæðisins uppfært í samræmi við áætlunina. Komi til uppbyggingar verði í deiliskipulagi útfærð stefna m.a. um tilhögun uppbyggingar, yfirbragð byggðar, eðli og umfang starfseminnar, rýmisþörf og mögulega áfangaskiptingu uppbyggingar.
- ♦ Iðnaðarsvæði norðan Vítatorgs verði fundið nýtt hlutverk sem athafnasvæði.
- ♦ Áhersla er á að iðnaðar- og athafnasvæði í nálægð við íbúðarbyggð innan þéttbýlis verði í sátt við íbúa. Í almennum ákvæðum er skilgreind nálægðarregla, þ.e. framkvæmda- og skipulagsráði er falið að meta sérstaklega, í þeim tilfellum sem mögulega mengandi

starfsemi er fyrirhuguð í nálægð við íbúðarbyggð innan þéttbýlis, hvort fyrirhuguð starfsemi fari saman við nærliggjandi íbúðarbyggð. Til grundvallar slíku mati verði bestu fánleg gögn um starfsemina og umhverfisáhrif hennar.

- ♦ Svæði við gömlu höfnina í Garði verði skilgreint sem athafnasvæði, þ.e. fyrir hreinlega starfsemi og matvælavinnslu.
- ♦ Svæði við höfnina í Sandgerði sem skilgreint hefur verið sem miðsvæði og hafnarsvæði, þ.e. milli Strandgötu og Sjávarbrautar, verði skilgreint sem athafnasvæði, þ.e. fyrir hreinlega starfsemi og matvælavinnslu.
- ♦ Áfram verði unnið að uppbyggingu iðnaðarstarfsemi í Bergvík.

Stefnan um iðnaðar- og athafnasvæði er útfærð nánar með afmörkun fyrir iðnaðar- og athafnasvæði á skipulagsupphætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum sbr. kafla 22.5 og 22.6. Stefnan um auk þess er útfærð með stefnu um samgöngur í kafla 17.

Helstu stefnubreytingar

Endurskoðuð er stefna um athafnasvæðin norðan flugvallarsvæðisins og á og við Rockville svæðið. Umfang þessara svæða er breytt miðað við nýjar forsendur og áherslu Suðurnesjabæjar um uppbyggingu atvinnulífs. Athafnasvæðin skammt norðan Keflavíkurflugvallar eru felld niður og umfang Rockville svæðisins er minnkað umtalsvert. Umfang iðnaðarsvæða við Bergvík er endurskoðað og þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins við Bergvík er felld út. Bætt er við athafnasvæði við gömlu höfnina í Garði. Einnig var bætt við athafnasvæði norðan Vítatorgs og á svæðinu milli Strandgötu og Sjávarbrautar í Sandgerði.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti þar sem sköpuð eru fjölmörg störf í sveitarfélaginu. Stefnan hefur líklega óveruleg áhrif á náttúru og menningarminjar, en áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda er neikvæð vegna losunar jarðvegs ef áform um uppbyggingu á Rockville svæðinu og í Bergvík verða að veruleika. Um er að ræða stór atvinnusvæði með atvinnusókn á stóru svæði með samfélagsleg áhrif út fyrir mörk sveitarfélagsins.

11 AFÞREYINGAR- OG FERÐAÞJÓNUSTA

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um ferðaþjónustu og afþreyingarsvæði og útfærslu landnotkunar og fyrirkomulags byggðar með tilliti til þess.

11.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM AFÞREYINGAR- OG FERÐAÞJÓNUSTU

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur. Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla.

Landsskipulagsstefna

Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.

Svæðisskipulag Suðurnesja


Svæðisskipulagið leggur m.a. áherslu á að auka þjónustu við ferðamenn og nýta sérstöðu svæðisins til uppbyggingar ferðaþjónustu.

Áfangastaðáætlun Reykjaness

Áherslan er m.a. á að kynna ímynd Reykjanessins og styrkleika svæðisins fyrir völdum markhópum. Einnig að búa til framúrskarandi upplifun fyrir gesti og ýta undir fjárfestingar og vöruþróun í ferðaþjónustu.

11.2 ÞRÓUN FERÐAÞJÓNUSTU

Mikill vöxtur hefur verið í ferðaþjónustu í Suðurnesjabæ þar sem helsta gáttin inn í landið er í gegnum Keflavíkurflugvöll. Gisti- og veitingaþjónusta er í Sandgerði og Garði og tjaldsvæði er við Byggðaveg í Sandgerði. Auk þess hefur verið tjaldstæði við Garðskagavita og íþróttamiðstöð í Garði.



Mynd 23 Fjöldi gistinguáttá á hótélum og gistiheimilum á Suðurnesjum.³⁸

Í gögnum Hagstofu Íslands eru tölur um gistinguáttur ekki sundurgreindar eftir sveitarfélögum en aðgengilegar eru upplýsingar um gistinguáttur fyrir Suðurnes í heild, sbr. Mynd 23. Ljóst er að mikill samdráttur varð á fjölda gistinguáttá í kjölfar heimsfaraldurs Covid 19, en spár Ferðamálastofu gera ráð fyrir að fjöldi ferðamann vaxi hratt á næstu árum.

³⁸ Hagstofa Íslands. 2022A.

Í Áfangastaðaáætlun Reykjaness er markmiðið að byggja upp og þróa sjálfbæran gæðaáfangastað með öflugri ferðaþjónustu og náttúruperlum sem börnin okkar geta verið stolt af. Unnið skal út frá styrkleikum svæðisins til að byggja upp og þróa annars vegar gæðaáfangastaðinn Reykjaness og hins vegar þjónustu við alþjóðaflugvöllinn.


11.3 HELSTU ÁFANGASTAÐIR FERÐAMANNA

Í Suðurnesjabæ eru fjölmargir áhugaverðir viðkomustaðir ferðamanna sbr. meðfylgjandi kort (Mynd 24). Eftirsóknarverðir eiginleikar liggja í nálægðinni við hafið og tengslum við söguna. Það á við gömlu útgerðar- og verslunarstaðina Bäsenda og Þórshöfn. Um er að ræða afar merkileg og eftirsóknarverð minja- og náttúruvæði. Svæðið við Þórshöfn opnaðist að nýju við brotthvarf varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Hvalsneskirkja á Hvalsnesi var vígð árið 1887 og er talin ein merkasta steinkirkja landsins. Hvalsnes hefur frá fornu fari verið kirkjustaður.

Skagagarðurinn eru leifar af mjög löngum og háum garði síðan á fyrri hluta þjóðveldisaldar (870-1000). Hann var byggður úr torfi og grjóti til að aðskilja húsdýr, tún og akra. Garðurinn er mjög siginn og hefur víða horfið með öllu. Skagagarðurinn forni sést vel frá Skagabraut, þar sem er áfangastaður með upplýsingum um hann.

Þá er Garðskagi einn fjölfarnasti ferðamannastaðurinn í Suðurnesjum, en þar eru Garðskagaviti og byggðasafn.



Skýringar

- Rosmhvalanes sem áhugaverður áfangastaður
- Áfangastaðir áfangastaðaáætlunar
- Áhugaverðir staðir innan Geopark
- Þéttbýli

Mynd 24 Áfangastaðir ferðamanna og áhugaverðir ferðamannastaðir.

11.4 MARKMIÐ OG STEFNA – AÐPREYINGAR- OG FERÐAÞJÓNUSTA

Markmið

- ♦ Öflug og sjálfbær ferðaþjónusta, þ.e. ferðaþjónusta sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna en gengur ekki á náttúru- og menningarminjar.
- ♦ Nýta minjar um búsetu og atvinnulíf til eflingar ferðaþjónustu.
- ♦ Markvisst verði byggðir upp fáir en áhugaverðir staðir með sterkan staðaranda sem laða að ferðamenn.
- ♦ Tekið verði tillit til öryggis ferðamanna við uppbyggingu innviða á afþreyingar- og ferðaþjónustustöðum.

Útfærsla stefnu

- ♦ Metin verði þörf fyrir uppbyggingu núverandi afþreyingar- og ferðaþjónustustaða. Einnig verði metin þörf fyrir skilgreiningu nýrra ferðaþjónustustaða.
- ♦ Þrír nýir áfangastaðir ferðamanna eru skilgreindri í aðalskipulagi, þ.e. sunnan Hvalsness og í tengslum við stefnumörkun um nýtt opið svæði frá Stafnesi og austur með ströndinni að mörkum Reykjanesbæjar. Á þessum stöðum er reiknað með greiðri aðkomu, bílastæðum og upplýsingaskiltum. Í deiliskipulagi þarf auk þess að huga að göngutengslum við nærliggjandi svæði.
- ♦ Sérstaklega verði skoðaðir möguleikar til miðlunar á einstöku lífríki strandsvæðanna í Suðurnesjabæ, svo sem í tengslum við og í samstarfi við rannsóknar- og þekkingarsetra. Sérstök áhersla verði á aðstöðu til fuglaskoðunar og miðlunar upplýsinga um sjálfbærni svæðisins.

Stefnan um afþreyingar- og ferðaþjónustusvæði er útfærð nánar með afmörkun fyrir afþreyingar- og ferðaþjónustusvæði á skipulagsupprætti,

almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum sbr. kafla 22.9. Stefnan er einnig útfærð með markmiðum um opin svæði sbr. kafla 20.

Helstu stefnubreytingar

Um er að ræða nýjan landnotkunarflokk skv. skipulagsreglugerð og því er um að ræða nýja stefnu. Tekið er mið af stefnumörkun stjórnvalda og Suðurnesjabæjar á þessu sviði en nálægðin við flugvöllinn og sá fjöldi ferðamanna sem koma þar að jafnaði skapar mörg tækifæri á þessu sviði. Reiknað er með að fjölbreyttur hópur ferðamanna sækir svæðið heim. Tjaldsvæði er í Sandgerði og við Garðskaga, en svæðið við íþróttamiðstöðina í Garði er tekið til annarra nota tengt samfélagsþjónustu (S-2). Skilgreindir eru þrír nýir áfangastaðir, þ.e. einn skammt sunnan Hvalsness og tveir sunnan Keflavíkurflugvallar.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og stuðla að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélagabreytingum. Stefnan hefur að einhverju marki jákvæð áhrif á atvinnu og mjög jákvæð áhrif á öryggi.

12 HAFNARSVÆÐI

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um hafnaraðstöðu og útfærslu landnotkunar og fyrirkomulags byggðar með tilliti til þess.

12.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM HAFNARSVÆÐI

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna




Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla. Byggja upp viðnámsþolna innviði.

Landsskipulagsstefna

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.

12.2 ÞRÓUN SJÁVARÚTVEGS Í SUÐURNESJABÆ

Fiskveiðar og vinnsla fiskafurða hefur lengi verið umfangsmikil atvinnugrein í Suðurnesjabæ. Gögn um landaðan afla í Sandgerði eru á vef Hagstofu Íslands. Samkvæmt Hagstofunni var landaður heildar afli (allar tegundir) í Sandgerðishöfn um 40 þúsund tonn árið 2000 og þar af var þorskur tæplega 13 þúsund tonn. Árið 2020 var landaður afli alls um 12 þúsund tonn og þar af þorskur rúmlega 8 þúsund tonn. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar lagðist



Mynd 25 Hafnarsvæðið í Sandgerði samkvæmt eldra aðalskipulagi.

höfnin í Garði af sem löndunarhöfn um aldamótin, í.þ.m. er enginn afli skráður þar frá árinu 2000.³⁹

12.3 SANDGERÐISHÖFN

Um Sandgerðishöfn gildir hafnarreglugerð nr. 638/2014. Mörk hennar á landi eru samkvæmt reglugerðinni lína sem dregin er með austur lóðamörkum við Hafnargötu 8-9 í Vitann og með austur lóðamörkum Norðurgarðs 4. Landsvæði hafnarinnar skiptast í, hafnarbakka og bryggjur, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði, götur og lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

Sandgerðishöfn hefur gengist undir miklar endurbætur á undanförunum áratugum en nýir varnargarðar hafa verið byggðir og eldri breikkaðir auk þess sem höfnin sjálf og innsiglingarrennan hafa verið dýpkaðar. Þar er nú öll helsta þjónusta sem þörf er á í fullkominni höfn. Þar eru m.a. um 290 m viðlegurými við Norðurgarð og 240 m við Suðurbryggju. Einnig fimm flotbryggjur með rými fyrir 70 smábáta. Stofnbraut liggur um þéttbýlið í Sandgerðisbæ og tengir Sandgerðishöfn við þjóðvegakerfið. Á Mynd 25 er sýnd afmörkun hafnarsvæðisins skv. eldra aðalskipulagi.

12.4 HÖFNIN Í GARÐI

Í aðalskipulagi hefur verið skilgreint hafnarsvæði í Garði. Höfnin hefur ekki verið nýtt sem fiskihöfn á umliðnum árum. Hins vegar er á hafnarsvæðinu fiskvinnsla.

12.5 MARKMIÐ OG STEFNA – HAFNARSVÆÐI

Markmið

- ♦ Efla Sandgerðishöfn sem löndunar- og útflutningshöfn og eina mikilvægustu stoð atvinnulífs í bæjarfélaginu.

- ♦ Styrkja hafnarsvæðið með áherslu á mikilvægi þess fyrir sveitarfélagið.
- ♦ Vönduð mannvirkjagerð og umgengni verði til fyrirmyndar á hafnarsvæðum.

Útfærsla stefnu

- ♦ Hafnarsvæðinu í Garði verði breytt í athafnasvæði og opin svæði.
- ♦ Afmörkun hafnarsvæðisins í Sandgerði verði breytt í samræmi við nýja afmörkun miðsvæðis og afmörkun hafnarinnar í hafnarreglugerð.
- ♦ Opnað verði fyrir uppbyggingu útsýnisstaða fyrir ferðamenn á hafnarsvæðinu til að stjórna betur umferð ferðamanna um svæðið og mæta eftirspurn um slíkan stað.

Stefnan um hafnarsvæði er útfærð nánar með afmörkun fyrir hafnir á skipulagsuppdraetti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum sbr. kafla 22.13

Helstu stefnubreytingar

Áfram er áhersla á að efla Sandgerðishöfn sem mikilvæga stoð í atvinnulífi Suðurnesjabæjar. Afmörkun hafnarsvæðisins er þó breytt í samræmi við hafnarreglugerð. Hafnarsvæðið í Garði er felld út af aðalskipulagi enda hefur hafnarreglugerð fyrir svæðið verið felld niður.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnunni er ætlað að styðja við fjölbreytta haftengda starfsemi. Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og stuðla að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélagsbreytingum þar sem áhersla er á uppbyggingu aðstöðu á einum stað sem þjónar vel atvinnulífinu. Áhrif á loftlagsmál og náttúru- og menningarminjar eru líklega óveruleg.


³⁹ Hagstofa Íslands. 2022B.

13 ORKUVINNSLA

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um orkuvinnslu og öflun heits vatns.

13.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM ORKUVINNSLU

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Byggja upp viðnámsþolna innviði.

Svæðisskipulag Suðurnesja

Stuðlað verði að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu auðlinda á Suðurnesjum til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins og komandi kynslóðir.

13.2 ÖFLUN HEITS VATNS

Í Suðurnesjabæ er hitaveitudreifikerfið í eigu og rekstri á vegum HS Veitna. Heita vatnið er framleitt í orkuverinu í Svartsengi og við framleiðslu þess er ferskvatn hitað upp með jarðvarma. Heita vatnið er svo leitt í lögnum, samsíða ferskvatnslögnum, að aðveitustöðinni við Fitjar í Reykjanesbæ. Stofnlögn liggur frá Fitjum um Reykjanesbæ og í Suðurnesjabæ. Stofnlögn hitaveitu liggur innan sveitarfélagsins norðan Sandgerðisvegur í Sandgerði og í Garð. Stofnlögn hitaveitu til Sveitarfélagsins Garðs er vestan Rockville svæðisins.

13.3 RAFORKA

Rafmagnsdreifikerfið er í eigu og rekstri á vegum HS Veitna og orkan kemur einkum úr virkjuninni í Svartsengi og Reykjanesvirkjun. Í Suðurnesjabæ fer ekki fram orkuvinnsla og þar eru engar virkjanir.

13.4 MARKMIÐ OG STEFNA – ORKUVINNSLA

Markmið

- ♦ Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst og stuðlað verði að aukinni orkunýtni.

Útfærsla stefnu

- ♦ Á skipulagstímabilinu verði kannaðir möguleikar á virkjun vindorku í Suðurnesjabæ. Í þeirri vinnu verði sérstaklega tekið mið af þeim hæðartakmörkunum sem gilda í umhverfi Keflavíkurflugvallar, svo og öðrum viðmiðum sem Suðurnesjabær og stjórnvöld á landsvísu setja fyrir staðsetningu vindorkugarða.

Ekki er um að ræða orkuvinnslu í Suðurnesjabæ og ekki er um að ræða afmörkun orkusvæða á uppdrætti eða ákvæði um það efni.

Helstu stefnubreytingar

Óbreytt stefna um orkuvinnslu og öflun heits vatns og raforku.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa óveruleg áhrif á þá þætti sem voru til skoðunar.

14 EFNISTAKA OG VINNSLA

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um efnistöku- og efnislosunarsvæði og endurvinnslu og útfærslu landnotkunar með tilliti til þess.

14.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM EFNISTÖKU OG VINNSLU

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting, dregið verulega úr soun.

Svæðisskipulag Suðurnesja

Stuðlað verði að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu auðlinda á Suðurnesjum til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins og komandi kynslóðir.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi

Innleiðing hringrásarhagkerfisins og auka endurvinnslu lífræns úrgangs með gas- og/eða jarðgerð.

14.2 EFNISTÖKUSVÆÐI

Efnispörf í Suðurnesjabæ er mikil á skipulagstímabilinu, m.a. vegna áætlana um stækkun íbúðarbyggðar og atvinnuuppbyggingu. Í sveitarfélaginu er ekki um að ræða eiginlegar efnisnámur eða efnistökusvæði. Til staðar eru nokkrar ófrágengnar námur sem í sumum tilfellum hafa verið nýttar í efnislosun. Efni hefur einkum verið sótt í meginefnistökusvæði fyrir sveitarfélög á Suðurnesjum, þ.e. við Stapafell, Súlur og Rauðamel.

14.3 EFNISLOSUNARSVÆÐI

Í eldri aðalskipulögum eru skilgreind fáein efnislosunarsvæði sem í flestum tilfellum eru gamlar og ófrágengnar efnisnámur.

14.4 MARKMIÐ OG STEFNA – EFNISTAKA OG VINNSLA

Markmið

- ♦ Öll efnistaka og efnislosun fari fram með skipulegum hætti og nýting jarðefna miði að því að hámarka virði þeirra og draga úr soun.
- ♦ Stuðlað verði að endurvinnslu og endurnýtingu jarðefna og dregið úr myndun úrgangs.
- ♦ Öllum eldri námum, sem ekki eru sýndar á aðalskipulagsupprætti, verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfi og náttúruleg gæði verði endurheimt.

Útfærsla stefnu

- ♦ Á skipulagstímabilinu verði gerð gangskör að ganga frá eldri námum og landmótun í samræmi við gæði umhverfis, svo sem í jaðri byggðar.
- ♦ Losun lífræns úrgangs veri komið í ákveðin farveg í endurvinnslustöð í samræmi við áætlun um meðhöndlun úrgangs.

Stefnan um efnistöku og vinnslu er útfærð nánar með afmörkun fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæði á skipulagsupprætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum sbr. kafla 22.7.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Helstu stefnubreytingar

Í aðalatriðum er um að ræða óbreytta stefnu en kveðið er fastar að um vandaðan frágang eldri svæða í jaðri þéttbýlisins.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti vegna bættrar ásýndar lands við þéttbýlið. Sterkari tök á úrgangsmálum og áhersla á endurvinnslu og endurnýtingu ætti að hafa jákvæð áhrif á loftlagsmál.

15 LANDBÚNAÐUR, LANDGRÆÐSLA OG SKÓGRÆKT

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um landbúnaðarland, landgræðslu og skógrækt og útfærslu landnotkunar með tilliti til þess.

15.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM LANDBÚNAÐ, LANDGRÆÐSLU OG SKÓGRÆKT

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg. Grípa til aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

Landsskipulagsstefna

Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.

15.2 LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Í eldri aðalskipulögum eru afmörkuð svæði fyrir landbúnað á afmörkuðum svæðum milli Garðs og Sandgerðis og sunnan Sandgerðis að Stafnesi. Í Suðurnesjabæ eru 59 skráð lögbýli samkvæmt lögbýlaskrá Þjóðskrár Íslands⁴⁰ og þar af eru sex eyðibýli.

⁴⁰ Þjóðskrár Íslands. 2020.

⁴¹ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. 2021.

Í landsskipulagsstefnu er lagt til að flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum í sveitarfélögum. Vorið 2021 voru gefnar út leiðbeiningar fyrir flokkun landbúnaðarlands m.t.t. hæfni til ræktunar.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur gefið út leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands, þ.e. *Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar*.⁴¹ Í leiðbeiningunum eru sett fram viðmið fyrir flokkun landbúnaðarlands þar sem m.a. eru skilgreindir fjórir gæðaflokkar landbúnaðarlands:

I. Mjög gott ræktunarland.

II. Gott ræktunarland.

III. Sæmilegt ræktunarland.

IV. Lélegt ræktunarland.

Flokkun landbúnaðarlands samkvæmt leiðbeiningunum hefur ekki farið fram í Suðurnesjabæ. Fyrirliggjandi opinber grunngögn hafa reynst ófullnægjandi til að byggja á við flokkunina. Nauðsynlegt hefur reynst að sannreyna undirliggjandi gögn áður en til flokkunar kemur. Reiknað er með að leiðbeiningarnar, og þau viðmið sem þar er að finna, verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu lands á landbúnaðarsvæðum, svo sem við breytingar á aðalskipulagi þar sem land er tekið úr landbúnaðarnotum. Það á einnig við um deiliskipulagsgerð innan landbúnaðarsvæða.

15.3 LANDGRÆÐSLA OG SKÓGRÆKT


Landgræðslustarf í Suðurnesjabæ á sér langa sögu en sandgræðslugirðingar voru sem dæmi settar upp í og við Sandgerði árið 1939.⁴² Í dreifbýlinu má einnig víða sjá ummerki landgræðslustarfs og viðbrögð við sandfoki. Dæmi um það eru hlaðnir garðar sem víða má sjá austan byggðar í dreifbýli sunnan Sandgerðis.

⁴² Andrés Arnalds. 1988.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Allur gróður í Suðurnesjabæ hefur tekið miklum framförum á umliðnum áratugum og samkvæmt vistgerðarkortum Náttúrufræðistofnunar Íslands er land víðast hvar vel gróið, en þó eru lítt grónir melar, klappir og sandlendi sunnan til, þ.e. vestan og sunnan Keflavíkurflugvallar.

Í eldra aðalskipulagi í Suðurnesjabæ (aðalskipulag Sandgerðisbæjar) hefur verið rík áhersla á skógrækt. Skilgreint hefur verið ræktarsvæði austan Sandgerðis þar sem lögð var áhersla á eflingu ræktunar og rannsókna á íslenskum garð- og landslagsplöntum og varðveislu þessara plantna á ræktarsvæðum. Einnig hefur verið gert ráð fyrir skógrækt á opnum svæðum, svo sem við Langholt og Rósaselsvötn.



Mynd 26 Skógrækt í Suðurnesjabæ samkvæmt gögnum Skógræktarinnar.

15.4 MARKMIÐ OG STEFNA – LANDBÚNAÐUR, LANDGRÆÐSLA OG SKÓGRÆKT

Markmið

- ♦ Mjög góðu landbúnaðarlandi og landslagsgæðum á landbúnaðarsvæðum verði viðhaldið.
- ♦ Hlunnindanýting verði tryggð á landbúnaðarsvæðum svo sem æðarrækt.
- ♦ Efla skógrækt á svæðinu með áherslu á gildi skóglendis til útivistar, skjóls og landbóta.
- ♦ Ný skógræktarsvæði falli vel að búsetulandslagi í dreifbýli og stuðli að líffræðilegum fjölbreytileika.
- ♦ Stuðlað verði að viðhaldi landbúnaðarlandslags, s.s. með góðu viðhaldi mannvirkja.
- ♦ Uppgræðsla lands og vistheimt stuðli að fjölbreytni gróðurs.

Útfærsla stefnu

- ♦ Á skipulagstímabilinu verði unnið að því að styrkja gróður og skjólmyndun með skógrækt. Annars vegar verði um að ræða skjólskógrækt í tengslum við opin svæði eða á sérstökum skógræktarsvæðum. Hins vegar verði stuðlað að vexti og varðveislu náttúrulegra skóga og kjarrlendis.
- ♦ Aukin áhersla verði á skógrækt til útivistar, skjóls og landbóta. Einnig verði útfærðar hugmyndir um skilgreind trjáæktunarsvæði eða „tree nursey“ og þeim fundin staður í Suðurnesjabæ.
- ♦ Reiknað er með að leiðbeiningar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, og þau viðmið sem þar er að finna, verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu lands á landbúnaðarsvæðum í sveitarfélaginu. Suðurnesjabær telur fyrirbyggjandi opinber grunngögn ófullnægjandi til að byggja á við

flokkun landbúnaðarlands og frekari stefnumörkun aðalskipulagsins í heild um landbúnaðarland. Nauðsynlegt hefur reynst að sannreyna undirliggjandi gögn og slíkt er óframkvæmanlegt á þessu stigi.

- ♦ Gert ráð fyrir að framkvæmd verði flokkun landbúnaðarlands við gerð deiliskipulags á landbúnaðarsvæðum og þegar land er tekið úr landbúnaðarnotum. Jafnframt er áætlað að á skipulagstímabilinu verði hafin vinna við flokkun landbúnaðarlands í Suðurnesjabæ með sérstaka áherslu á þau svæði þar sem eru tún eða land sem hentar sérstaklega vel til ræktunar sbr. gæðaflokka I og II skv. leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar. Einnig verði áhersla á svæði þar sem fyrirhuguð er uppbygging eða áform eru um skógrækt. Suðurnesjabær mun fara í ofngreinda vinnu við flokkun landbúnaðarlands á fyrri hluta skipulagstímabilsins, þ.e. 2024-2028. Gerður er fyrirvari á að opinber grunngögn séu fullnægjandi til að byggja á við flokkunina. Þegar flokkun landbúnaðarlands er lokið skal aðalskipulaginu breytt með tilliti niðurstöðu flokkunarinnar.
- ♦ Sett eru sérstök ákvæði um heimild til uppbyggingar íbúðar- og frístundahúsa á jörðum, þar sem tekið er mið af stærð jarða.

Stefnan um landbúnað, landgræðslu og skógrækt er útfærð nánar með afmörkun fyrir landbúnaðarsvæði og skógræktarsvæði á skipulagsupprætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum sbr. kafla 22.14 og 22.15.

Helstu stefnubreytingar

Í aðalatriðum er um að ræða óbreytta stefnu en afmörkun landbúnaðarsvæða á skipulagsupprætti hefur verið uppfærð þannig að svæðin umfaðmi byggðina í dreifbýlinu. Einnig er sett inn heimild til uppbyggingar á landbúnaðarsvæðum. Auk þess er aukin áhersla á skógrækt

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

til skjólmyndunar og útivistar. Auk þess eru mótuð stefna um uppbyggingu íbúðar- og frístundahúsa á jörðum.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að styrkja byggð í dreifbýlinu. Svigrúm er fyrir hlunnindanýtingu, skógrækt og uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum. Almennt er áhersla á að viðhalda búsetulandslagi og ásýnd lands með tilliti til framkvæmda og skógræktar. Stefnan hefur að einhverju leyti í för með sér jákvæð áhrif á loftslagsmál til lengri tíma litið, þó svo að ekki sé gert ráð fyrir umfangsmikilli skógrækt á skipulagstímabilinu.

TRAUSTIR OG HAGKVÆMIR INNVIÐIR

16 VEITUR OG FJARSKIPTI

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um fjarskipti og veitur, þ.e. vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu og rafveitu og útfærslu landnotkunar með tilliti til þess.

16.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM VEITUR OG FJARSKIPTI

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir. Auka orkunýtingu og styrktir verði innviðir og tækni, nýtt í því skyni að veita nútímalega og sjálfbæra orkuþjónustu. Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga.

Landsskipulagsstefna

Stefnan leggur áherslu á að skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum m.a. varðandi vatnsvernd, vatnsveitu og fráveitu. Gera þurfi ráð fyrir landrými, aðstöðu og aðgerðum til að tryggja vatnsból, fráveitu og aðra þætti sem varða heilnæmt umhverfi og skoða möguleika á sjálfbærum eða blágrænum ofanvatnslausnum.

Í ljósi loftslagsvá - Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum

Uppbygging vatns- og fráveitukerfa taki mið af áhrifum loftslagsbreytinga og hönnunarforsendur verði samræmdar.

Svæðisskipulag Suðurnesja

Flutningskerfi raforku og annarra þjónustukerfa á Suðurnesjum verði samræmt með áherslu á hagkvæmni, þjónustugæði og afhendingaröryggi. Tryggt verði öruggt aðgengi að neysluvatni á Suðurnesjum.


16.2 RAFVEITA

Í Suðurnesjabæ er rafmagnsdreifikerfið í eigu og rekstri á vegum HS Veitna. Háspennustrengir, sem fæða þéttbýlisstaðina, liggja frá tengivirkinu Fitjar í Reykjanesbæ meðfram Reykjanesbraut og þaðan til Garðs annars vegar og Sandgerðis hins vegar. Strengur milli þéttbýllanna myndar hringtengingu, sjá Mynd 27.

Fitjalína 2, sem er 132 kV jarðstrengur á vegum Landsnets, liggur frá Fitjum meðfram Reykjanesbraut að Bergvík. Lítil hluti strengsins liggur innan Suðurnesjabæjar. Vegna aukinnar raforkunotkunar á Suðurnesjum er flutningskerfið á SV-horninu orðið þungt lestað. Á Reykjanesi gerir Raforkuspá ráð fyrir því að notkun muni aukast um 70%. Suðurnesjalína 2, sem ætlað er að auka afhendingargetu flutningskerfisins, er á framkvæmdaáætlun Kerfisáætlunar Landsnets. Nákvæm lega liggur ekki fyrir.

Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Helgunarsvæði háspennulína er skv. ÍST EN 50341-1:2001 og EN 50341-3-12:2001 og ákvarðast af kennistærðum línunnar. Innan helgunarsvæðis háspennulína gildir byggingarbann sem felst í að á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Allar framkvæmdir eru bannaðar innan öryggissvæðis jarðstrengja.

Stofnkerfi rafmagns með spennustig 132 kV eða meira er auðkennt á skipulagsupprætti.



Skýringar

- Oliulögn
- Stofnlögn hitaveitu
- Stofnlögn fráveitu
- Stofnlögn vatnsveitu
- Stofnlögn rafveitu
- Fyrirhuguð rafmagnslína skv. gildandi ASK
- Þéttbýli
- Afmörkun Keflavíkurflugvallar

Mynd 27 Stofnkerfi veitulagna í Suðurnesjabæ (Fitjalínu 2 vantar á myndina).

16.3 VATNSVEITA

Suðurnesjabæ fær neysluvatn úr vatnsbóli við Árnarétt í Garði og sameiginlegu vatnstökusvæði fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum í Lágum í Grindavík. Í eldri aðalskipulögum eru landsvæði skilgreint sem vatnsverndarsvæði. HS veitur á dreifikerfi á neysluvatni í Garði, en Suðurnesjabæ á dreifikerfið í Sandgerði. Kaldavatnsborholur eru staðsettar við Árnarétt og Skálareykjaveg og miðlunartankur er einnig á kerfinu.

Utan þéttbýlis eru einkaveitur við flesta bæi og sumarhús.

Í lögum nr. 93/1995 um matvæli og neysluvatnsreglugerð nr. 536/2001 er fjallað um starfsleyfi vegna vatnsveitu. Lagning vatnsveitu um langan veg er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

Stofnæð vatnsveitu er auðkennd á skipulagsupprætti. Sjá einnig á Mynd 27.

16.4 HITAVEITA

Í Suðurnesjabæ er dreifikerfi hitaveitu í eigu og rekstri HS veitna. Hitaveitulögn liggur frá dælustöð á Fitjum í Reykjanesbæ meðfram Miðnesheiðarvegi og Sandgerðisvegi að Sandgerði annars vegar og frá Sandgerðisvegi meðfram Rockville að Garði.

Stofnæð hitaveitu er auðkennd á skipulagsupprætti. Sjá einnig á Mynd 27.

16.5 FRÁVEITA

Fráveitukerfi er í Sandgerði og Garði sem rekið er af Suðurnesjabæ. Unnið er að sameiningu útrása í Garði og byggingu skolpdælustöðvar norðan hafnar í Sandgerði. Utan þéttbýlis eru rotprær við flesta bæi og sumarhús.

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp hefur það markmið að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum skólps, en einnig að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðabyggð og tilteknum atvinnurekstri. Skólphreinsivirki frá íbúðarbyggð

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

eða atvinnustarfsemi, þ.m.t. stöðvum með þaulnýtnum landbúnaði með afkastagetu a.m.k. 2.000 persónueiningar upp að 150.000 persónueiningum er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Það á einnig við um sams konar framkvæmdir á verndarsvæðum og þar sem losað er í viðkvæman viðtaka ef afkastageta nemur a.m.k. 100 persónueiningum.

Stofnæð fráveitu er auðkennd á skipulagsupprætti.

16.6 FJARSKIPTI

Ljósleiðarastrengur liggur meðfram vegum frá Bergvík að Garðskaga og þaðan um Sandgerði að Stafnesi. Suðurnesjabær vinnur að ljósleiðaravæðingu dreifbýlisins, en sveitarfélagið fékk styrk úr Fjarskiptasjóði til að vinna að verkefninu.

Fjarskiptaveitur eru ekki auðkenndar á skipulagsupprætti.

16.7 OLÍULAGNIR

Olíulögn liggur milli Keflavíkurflugvallar og Helguvíkur skv. auglýsingu um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða nr. 964/2021. Lögnin er sýnd á aðalskipulagsupprætti og um hana gildir 10 m helgunarsvæði, þ.e. 5 m til beggja hliða.

16.8 MARKMIÐ OG STEFNA – VEITUR OG FJARSKIPTI

Markmið

- ♦ Tryggja samkeppnishæft afhendingaröryggi raforku þannig að hægt verði að mæta aukinni orkuþörf.
- ♦ Tryggja nægt og öruggt aðgengi að neysluvatni.
- ♦ Stuðla að orkuskiptum í samgöngum við uppbyggingu rafveitna.
- ♦ Grænir innviðir, svo sem sjálfbærar ofanvatnslausnir, verði innleiddir í þéttbýli.

- ♦ Fráveita tryggi heilnæmi umhverfis og verði byggð upp í samræmi við þarfir samfélagsins.
- ♦ Viðkvæmir innviðir verði staðsettir m.t.t. flóðahættu.
- ♦ Við skipulag byggðar verði tekið tillit til viðkvæmra fjarskiptainnviða.
- ♦ Við uppbyggingu veitulagna verði tekið tillit til verðmætra náttúru- og menningarminja.

Útfærsla stefnu

- ♦ Til að framfylgja markmiðum aðalskipulagsins verður næg raforka tryggð og afhendingaröryggi aukið með lagningu Suðurnesjalínu 2.
- ♦ Skilgreint verður varúðarsvæði umhverfis viðkvæma fjarskiptainnviði við Keflavíkurflugvöll.
- ♦ Til að framfylgja markmiði um græna innviði í þéttbýli verður m.a. áhersla á blágrænar ofnavatnslausnir, þ.e. leitast verði við að veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn, í stað þess að veita því eingöngu í hið hefðbundna fráveitukerfi. Einnig verði á skipulagstímabilinu skoðaðar umhverfisvænar lausnir fyrir fráveitu sem gætu hentað staðbundið, í staðinn fyrir hefðbundnar útrásir.
- ♦ Við deiliskipulag verði, eftir því sem við á, gert ráð fyrir innviðum fyrir hleðslustöðvar fyrir bíla og hjól.
- ♦ Á skipulagstímabilinu verði unnið að því að tryggja vatnsöflun frá Árnarétt sem nýtt verður áfram ásamt öflun neysluvatns frá Lágum í Grindavík. Tryggðar verði viðeigandi lagnaleiðir og vatnsverndarsvæði skilgreint.
- ♦ Allt skólp í fráveitukerfi í þéttbýli fari í gegnum hreinsistöð áður en því er veitt út í sjó.

Stefnan um veitur er útfærð með markmiðum ásamt því að setja stofnleiðir veitulagna inn á skipulagsupprætt og almenn ákvæði og sértæk ákvæði (kafli 22.22). Í almennum skilmálum fyrir mismunandi landnotkunarflokka

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

eru einnig settar fram frekari kvaðir fyrir veitur. Einnig er sett fram afmörkun fyrir varnar- og öryggissvæði á skipulagsupprætti og almenn ákvæði og sértæk (kafla 22.19).

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í eldri aðalskipulögum. Áfram er lögð rík áhersla á uppbyggingu veitna, þ.e. endurnýjun veitukerfa og í tengslum við nýja byggð. Einnig er áhersla á að taka mið af áhrifum loftlagsbreytinga svo sem í tengslum við orkuskipti og flóðahættu hvað varðar staðsetningu viðkvæmra innviða.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa veruleg jákvæð áhrif á samfélag og atvinnu og einnig er um að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og það hefur jákvæð áhrif á loftslagsmál og viðbrögðum við loftlagsbreytingum. Innviðauppbýgging og viðhald innviða hefur óhjákvæmilega einhver umhverfisáhrif, en kappkostað er að taka tillit til verðmætra nátt- og menningarminja við uppbyggingu á Ásbrú norður.

17 SAMGÖNGUR

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um samgöngumál og helstu áhrifaþætti, s.s. megin gatnakerfi, ný samgöngumannvirki, almenningssamgöngur og vistvæna samgöngumáta.

17.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM SAMGÖNGUR

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu. Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga. Fækka ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma með fyrirbyggjandi aðgerðum og stuðla að geðheilbrigði og vellíðan.

Landsskipulagsstefna

Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.

Samgönguáætlun

Samgöngukerfi landsins myndi eina samþætta heild sem þjóni íbúum og atvinnulífi sem best. Aðgengi fólks að þjónustu og vörum verði aukið og hreyfanleiki bættur. Öryggi verði haft til hliðsjónar við allar ákvarðanir, áherslur og aðgerðir í samgöngumálum óháð ferðamáta.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Áætlunin skilgreinir m.a. tíu aðgerðir sem eru settar fram til að stuðla að breyttum ferðavenjum og orkuskiptum í vegasamgöngum.

Í ljósi loftslagsvár - Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum

Áhrif og afleiðingar loftslagsbreytinga á uppbyggingu, viðhald og rekstur samgöngukerfisins séu þekkt, þ.e. vegna vega, flugvalla og hafna.


Svæðisskipulag Suðurnesja

Öryggi, greiðfærni og fjölbreytni í samgöngum og ferðamáta verði höfð að leiðarljósi. Vistvænar samgöngur fái aukið vægi og verði raunhæfur kostur á milli sveitarfélaganna og til höfuðborgarsvæðisins.

17.2 GÖNGU-, HJÓLA- OG REIÐLEIÐIR

Í Suðurnesjabæ er net gönguleiða innan þéttbýlis og í dreifbýli, sbr. meðfylgjandi kort (Mynd 28). Hægt er að ganga á milli þéttbýlisstaðanna í Garði og Sandgerði. Nýr upplýstur og malbikaður göngustígur er þar á milli og hefur hann verið vel nýttur af íbúum og gestum.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga



Mynd 28 Núverandi göngu- og hjólaeiðir í Suðurnesjabæ og fornar gönguleiðir.

Göngustígur með bundnu slitlagi eru með ströndinni frá Garðskaga að Útskálum í Garði og í undirbúningi er framhald af þeim göngustíg að Gerðavegi í Garði. Þá eru göngustígar víða innan þéttbýlis í Garði og Sandgerði.


Eftir er að byggja upp göngu-og hjólastíga frá Sandgerði að stígum sem tengjast Keflavíkflugvelli og Reykjanesbæ annars vegar og hins vegar frá Garði með Garðvegi til Reykjanesbæjar.

Gamlar gönguleiðir og þjóðleiðir liggja víða með ströndinni og um Miðnesheiði, en eru ekki lagðir bundnu slitlagi.



Mynd 29 Garðskagaviti.

Reiðleiðir í Suðurnesjabæ eru sýndar á meðfylgjandi korti, sbr. Mynd 30. Þær tengjast neti reiðstíga á Suðurnesjum. Helstu reiðleiðir eru sýndar á aðalskipulagsupprætti.



Skýringar

- Reiðleiðir
- Þéttbýli

Mynd 30 Núverandi reiðleiðir í Suðurnesjabæ.

17.3 VEGIR OG GATNAKERFI


Í vegaskrá er yfirlit yfir núverandi þjóðvegi í Suðurnesjabæ. Vegagerðin er veghaldari þjóðvega, en í Suðurnesjabæ eru það stofnvegir, tengivegir og héraðsvegir, sbr. Mynd 31.

Reykjanesbraut (41) er stofnvegur frá sveitarfélagsmörkum við Reykjanesbæ og að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Garðskagavegur (45) er stofnvegur frá Reykjanesbraut og frá sveitarfélagsmörkum við Reykjanesbæ í Garð og í Sandgerði. Sandgerðisvegur (429) er einnig stofnvegur frá Reykjanesbraut í Sandgerði. Auk þess er Miðnesheiðarvegur (423) leggur milli Sandgerðisvegar og Garðskagavegar. Einn tengivegur er í Suðurnesjabæ, þ.e. Garðskagavegur (45) frá Sandgerði um Stafnes og yfir mörk við Reykjanesbæ í Hafnarveg.

Í Suðurnesjabæ eru 14 héraðsvegir, þ.e. Hólabrekkuvegur (4111), Ásgarðsvegur (4116), Hafurbjarnarstaðavegur (4121), Þóroddsstaðavegur (4126), Arnarhólsvegur (4131), Norður-Flankastaðavegur (4136), Klapparvegur (4141), Flankastaðavegur (4146), Setbergsvegur (4156), Lyngselsvegur (4161), Norðurkotsvegur (4166), Hvalsnesvegur (4181), Nýlenduvegur (4186) og Stafnesvegur (4187).

Í Suðurnesjabæ er í gildi umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið. Markmið með gerð áætlunar er að auka vitund um umferðaröryggismál, auk þess að leggja fram tillögur til úrbóta og forgangsraða verkefnum á sviði umhverfisöryggismála. Við gerð umferðaröryggisáætlunar er lögð áhersla á að rödd allra fái að heyrast og að hagsmunir allra vegfarendahópa séu teknir með. Áætlað er að umferðaröryggisáætlunin verði endurnýjuð á fjögurra ára fresti.

Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega er fjallað í vegalögum nr. 80/2007. Nýbygging og breytingar á eldri samgöngumannvirkjum eru í mörgum tilvikum háðar umhverfismati sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 m.s.br.



Skýringar


- Stofnvegir
- Tengivegir
- Héraðsvegir
- Almennir vegir
- Þéttbýli
- Afmörkun Keflavíkflugvallar

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega.
Undir þjóðvegi falla eftirfarandi vegir: Stofnvegir, stofnvegir um hálendi, tengivegir, héraðsvegir og landsvegir.

Mynd 31 Núverandi vegir í Suðurnesjabæ.

17.4 VALKOSTIR UM LEGU OFANBYGGÐAVEGAR Í GARÐI

Í tengslum við greiningu valkosta um þróun byggðar í þéttbýlinu voru skoðaðar aðgerðir til að létta á umferð í gegnum Garð. Um var að ræða aðgerðir til að hægja og létta á umferðinni um Garðskagaveg (45), eða Garðbraut, þar sem hann fer um þéttbýlið í Garði. Í því sambandi er vísað til reynslunnar af ofanbyggðavegi í Sandgerði.



Mynd 32 Valkostir um legu ofanbyggðavegar við Garð.

Skoðaðir voru í umhverfismati tveir valkostir um staðsetningu hringtorgs og legu ofanbyggðavegar auk núllkosta, sbr. meðfylgjandi kort (Mynd 32). Helstu niðurstöður þeirrar greiningar eru eftirfarandi.

Núll-kostur. Hann felur í sér að ekki verði af aðgerðum til að hægja og létta á umferðinni um Garðskagaveg. Það hefur m.a. í för með sér

neikvæð eða mjög neikvæð áhrif á gangandi umferð, umferðaröryggi og hljóðvist. Einnig er óbreytt ástand ekki líklegt til að styðja við lýðheilsusjónarmið, þ.e. hreyfingu innan þéttbýlis.

Valkostur 1. Hann felur í sér gerð vegtengingar í hringtorgi á Garðskagavegi við lðngarða og þaðan með jaðri byggðarinnar móts við Heiðarholt og allt að Garðskagavegi sunnan byggðar, sbr. leið 1 og 3 á Mynd 32. Greining á helstu áhrifum eru eftirfarandi:

- Vegagerðinni fylgir að einhverju leyti talsverð röskun á grónu landi, losun jarðvegs og losun gróðurhúsalofttegunda af þeim völdum.
- Valkosturinn er ekki líklegur til að hafa mikil áhrif á atvinnulíf á svæðinu að því gefnu að megin þorri ferðamanna fari áfram um Garðskagaveg, en um er að ræða aukið þol samfélagsins gagnvart auknum straumi ferðamanna þar sem hægir á umferð inn í Garð úr suðri og umferðin dreifist á fleiri vegi.
- Valkosturinn er líklegur til að efla nærþjónustu í göngufæri og gönguhæfi byggðar, þar sem umferðahraðinn lækkar og öryggi eykst á Garðskagavegi.
- Hljóðvist kann að versna á afmörkuðu svæði í jaðri byggðar meðfram nýjum vegi. En á móti er umferðin hæg.
- Nýr vegur er líklegur til að falla vel að landslagi og því gatnaneti sem er til staðar.
- Nýr vegur mun rjúfa tengsl byggðarinnar við útivistarsvæði sunnan og suðvestan byggðar og mögulega eru neikvæð áhrif á útivist og hreyfingu.
- Ólíklegt er að valkosturinn hafi neikvæð áhrif á fornleifar, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.

Valkostur 2. Hann felur í sér gerð vegtengingar í hringtorgi á Garðskagavegi við aðkomuna að Garði í suðri og þaðan að jaðri byggðarinnar móts við Heiðarholt og allt að Garðskagavegi sunnan

byggðar, sbr. leið 2 og 3 á Mynd 32. Greining á helstu áhrifum eru eftirfarandi:

- Vegagerðinni fylgir talsverð röskun á grónu landi, losun jarðvegs og losun gróðurhúsalofttegunda af þeim völdum.
- Valkosturinn er ekki líklegur til að hafa mikil áhrif á atvinnulíf á svæðinu að því gefnu að megin þorri ferðamanna fari áfram um Garðskagaveg, en um er að ræða aukið þol samfélagsins gagnvart auknum straumi ferðamanna þar sem að einhverju marki hægir á umferð inn í Garð úr suðri og umferðin dreifist á fleiri vegi. Staðsetning hringtorgsins gerir það að verkum að ekki dregur eins úr umferðarhraða á Garðskagavegi á miðsvæðinu.
- Valkosturinn er að einhverju marki líklegur til að efla nærþjónustu í göngufæri og gönguhæfi byggðar þar sem umferðahraðinn lækkar að ákveðnu marki og öryggi eykst á Garðskagavegi.
- Hljóðvist kann að versna á afmörkuðu svæði í jaðri byggðar meðfram nýjum vegi. Á móti er umferðin, á stórum hluta leiðarinnar, í talsverðri fjarlægð frá íbúðarbyggð.
- Nýr vegur er ekki líklegur til að falla vel að landslagi og því gatnaneti sem er til staðar.
- Nýr vegur mun rjúfa tengsl byggðarinnar við útivistarsvæði sunnan og suðvestan byggðar og mögulega eru neikvæð áhrif á útivist og hreyfingu.
- Vegur á þessum stað er líklegur til að hafa neikvæð áhrif á fornleifar, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.

Heildarniðurstaðan er að valkostur 2 er talin álitlegri, þar sem að í samráðsferlinu komu athugasemdir og ábendingar um að hann hentaði betur með tillits til rýmis fyrir tengingar við Garðskagaveg. Grípa þarf til mótvægisáðgerða til að tryggja göngutengsl við útivistarsvæði utan þéttbýlismarka og gæta að náttúru- og menningarminjum við framkvæmdir auk vistheimtar í stað þess gróðurlendis sem tapast.

17.5 KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR


Í Suðurnesjabæ er Keflavíkurflugvöllur og undanfarin ár og áratugi hafa umsvif þar orðið mikilvægasti þátturinn í atvinnulífi Suðurnesjabæjar (Mynd 33). Á flugvallarsvæðinu gildir aðalskipulag Keflavíkurflugvallar. Flugvöllurinn er skilgreindur sem hluti af grunnneti samgangna samkvæmt samgönguáætlun.



Mynd 33 Keflavíkurflugvöllur og Sandgerði í baksýn.⁴³

Á Keflavíkurflugvelli eru í gildi skipulagsreglur. Um það gilda skilmálar með takmörunum vegna hindrana, sbr. meðfylgjandi mynd (Mynd 34). Skilmálarnir fela í sér hæðartakmarkanir á hverskonar mannvirkjum eða gróðri innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifasvæði flugvallarins.

⁴³ Mynd: OZZO.



Mynd 34 Yfirlit yfir skilgreind hindranasvæði/-fleti skv. skipulagsreglum Keflavíkurflugvallar.

Með áhrifasvæði flugvallar og nágrenni flugvallar er átt við svæði undir hindranafötum. eru hindranafletir þessir og skilgreiningar þeirra í samræmi

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

við lög um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð nr. 75/2016 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008. Samkvæmt skilmálunum er óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranafleti flugvallarins sem gerð er grein fyrir á uppdráttum, nema að fengnu samþykki Samgöngustofu að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins. Hindranafletirnir sem um ræðir eru aðflugsfletir, flugtaksfletir, skáfletir, innri láréttur flötur, keiluflötur og ytri láréttur flötur, sbr. Mynd 34.

- **Aðflugsfletir (ljósbláar línur á Mynd 34).** Hallandi fletir framan við flugbrautarþröskuld. Upphafsbreidd 280 m sem byrjar 60 m frá þröskuldi og gleikkar 15% (1:6,67) út til hliðar. Halli flatarins er 2% (1:50) fyrstu 3.000 m síðan 2,5% (1:40) næstu 3.600 m eða þar til hann sker lárétt plan í 150 m yfir landhæð þröskulds. Síðan kemur láréttur flötur sem nær að 15.000 m fjarlægð frá upphafi aðflugsflata.
- **Flugtaksfletir (fjólubláar línur).** Hallandi fletir út frá flugbrautarenda. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar að lágmarki 60 m frá brautarenda eða við enda hindranalauss klifursvæðis og gleikkar 12,5% (1:8) út til hliðar þar til breidd hans er orðin 1.200 m. Þá eykst breiddin ekki frekar, en heildarlengd flatarins er 15.000 m. Halli flatarins er 2,0% (1:50).
- **Skáfletir (grænar línur).** Liggja samsíða öryggissvæðum brauta og hluta hliða aðflugsflata og ná upp að innri láréttum fleti. Halli skáflata er 14,3% (1:7) frá neðri brún þeirra og upp að innri lárétta fletinum.
- **Keiluflötur (dökkblá lína).** Hallandi flötur, 5% (1:20), upp frá útbrún innra lárétta flatarins og nær 100 m upp fyrir hann.
- **Innri láréttur flötur (dökkgrár fláki).** Svæði 45 m ofar lægsta flugbrautarþröskuldi flugvallarins eða 78,2 m y.s. sem nær í 4.000 m radíus út frá brautarendum og til hliðar við flugbrautir.

- **Ytri láréttur flötur (ljósgrár fláki).** Svæði 150 m ofar viðmiðunarhæðarkóta (AGL, hér á ARP) flugvallarins eða 201,5 m y.s. sem nær frá útbrún keiluflatar í 15.000 m radíus út frá brautarendum og til hliðar við flugbrautir.

17.6 ALMENNINGASAMGÖNGUR

Strætó gengur um Suðurnesjabæ, en leið 89 gengur til og frá Suðurnesjabæ í gegnum báða þéttbýlisstaðina, Garð og Sandgerði, með tengingu við m.a. leiðir 55 og 88 til Keflavíkur og Reykjavíkur. Einnig gengur strætó að Leifsstöð.

17.7 „VEGIR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS“

Í samræmi við ákvæði reglugerðar um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018, sem sett er skv. lögum um náttúruvernd skal gera grein fyrir vegum og slóðum í Suðurnesjabæ, utan þjóðvegakerfisins.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar skulu sveitarfélög flokka vegina á eftirfarandi hátt:

- | | |
|----|--|
| F0 | Greiðfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. |
| F1 | Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. |
| F2 | Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vél-hjólum. |
| F3 | Torfær vegur, einungis fær stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjepum og vélhjólum. |

Vegina skal einnig flokka eftir heimild til notkunar í opna vegi og vegi með takmarkaða notkun.

Í viðauka, sbr. þ.e. 25.2Viðauki 2. Vegir í náttúru Íslands, er sýnd kortlagning vega í náttúru Íslands í Suðurnesjabæ, þ.e. tillaga Suðurnesjabæjar sem unnin er í tengslum við gerð aðalskipulagsins.

17.8 MARKMIÐ OG STEFNA – SAMGÖNGUR

Markmið

- ♦ Fjölbreyttar, áreiðanlegar, greiðar, hagkvæmar og umhverfisvænar samgöngur sem stuðla að hreyfanleika og styðja við lýðheilsusjónarmið.
- ♦ Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.
- ♦ Styrkja umgjörð almenningssamgangna til að mæta þörfum samfélagsins og ferðamanna.
- ♦ Stuðla að auknu gönguhæfi byggðar og umferðaröryggi í þéttbýli.
- ♦ Áfram verði byggt upp net göngu- og hjólastíga til útivistar með sérstakri áherslu á strandsvæðin í og við þéttbýlið.

Útfærsla stefnu

- ♦ Unnið verði að samhfæingu samgangna í Suðurnesjabæ með það fyrir augum að almenningssamgöngur verði raunhæfur og hagkvæmur valkostur.
- ♦ Unnið verði að því að auka umferðaröryggi í umhverfi stofnvega í þéttbýlinu, svo sem með lækkun umferðarhraða og öðrum aðgerðum. Sérstaklega verði, í samstarfi við Vegagerðina, unnið að endurhönnun stofnvega í gegnum þéttbýlið með það fyrir augum að auka öryggi og búa til bæjarrými og umferðarrými sem nýtist öllum notendum óháð því hvort þeir eru gangandi, hjólandi eða akandi.
- ♦ Byggður verði ofanbyggðavegur í Garði til að létta á umferð um þéttbýlið og er hann sýndur á aðalskipulagsupprætti.
- ♦ Flokkun vega og slóða í Suðurnesjabæ, utan þjóðvegakerfisins er sett fram á korti samhliða gerð aðalskipulags, sjá Viðauki 2. Vegir í náttúru Íslands.

- ♦ Unnið verði að því á skipulagstímabilinu að til verði heilstætt net göngu- og hjólaleiða til útivistar við ströndina í og við þéttbýlið. Um verði að ræða hágæða göngustíga sambærilega við stíginn sem lagður var milli Sandgerðis og Garðs, þ.e. uppbyggður malbikaður stígur með lýsingu og áningarstöðum.
- ♦ Rík áhersla er á uppbyggingu göngu- og hjólastíga í sveitarfélaginu og stofnstígar eru settir fram á sérstökum skýringarupprætti í viðauka, þ.e. Viðauki 3. Göngu- og hjólaleiðir. Gert er ráð fyrir heilsustíg meðfram ströndinni frá höfninni í Garði og til norðurs að Garðskaga, þ.e. stígur með hreystitækjum.
- ♦ Unnið verði að endurskoðun á heiti þjóðvega í vegaskrá á skipulagstímabilinu.

Stefna um vegi er útfærð með því að sýna vegi, götur og stíga á skipulagsupprætti (stofnbrautir, tengibrautir og safngötur og húsagötur eru sýndar sem aðrar götur) og flugvelli. Einnig almenn ákvæði og sérákvæði fyrir vegi, götur og stíga (kafli 22.21) og flugvelli (kafli 22.20). Í almennum skilmálum fyrir mismunandi landnotkunarflokka eru einnig settar fram frekari kvaðir fyrir vegi, götur og stíga. Vegir í náttúru Íslands eru sýndir á þemaupprætti í viðauka/vefsjá.

Helstu stefnubreytingar

Áfram er unnið að uppbyggingu þjóðvegakerfisins í Suðurnesjabæ, en megin breytingin felst í að gert er ráð fyrir aðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum af aukinni umferð í gegnum þéttbýlið. Einnig er áfram áhersla á almenningssamgöngur og uppbyggingu vandaðra göngu- og hjólaleiða sem er ætlað að auka lífsgæði íbúa og gesta.

Umhverfisáhrif stefnu

Áhersla aðalskipulagsins á almenningssamgöngur, göngu- og hjólastíga og aðgerðir til að bæta umferðaröryggi er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag, og atvinnulíf, svo sem auka jöfnuð og seiglu samfélagsins, styðja við lýðheilsuþætti og stuðla að loftlagsvænni byggð. Að einhverju marki kunna framkvæmdir í samgöngum að valda aukinni losun gróðurhúsalofttegunda til skamms tíma vegna losunar jarðvegs. Einnig væri um að ræða framkvæmdir á svæðum, svo sem gerð göngustíga, þar sem eru náttúru- og menningarminjar sem njóta verndar samkvæmt lögum. Þau áhrif eru háð útfærslu framkvæmda.

18 SORPHIRÐA OG ENDURVINNSLA

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um úrgangsmæðhöndlun, endurvinnslu og skipulag landnotkunar með tillit til þess.

18.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM SORPHIRÐU OG ENDURVINNSLU

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs. Sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda. Draga verulega úr soun með forvörnum, minni úrgangi, aukinni endurvinnslu og -nýtingu. Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga.

Landsskipulagsstefna

Skipulagsgerð stuðli að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi úrgangsmæðhöndlun. Áhersla er lögð á að huga að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu. Einnig kemur fram að huga þurfi að nýjum leiðum varðandi úrgangsmæðhöndlun og nýtni við auðlindanotkun.

Í átt að hringrásarhagkerfi

Markmiðið er að draga úr myndun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda og bæta nýtingu auðlinda, m.a. með áherslu á græna nýsköpun. Einnig að draga úr hráfnisnotkun samhliða minni umhverfisáhrifum og minnka dreifingu á efnunum sem eru skaðleg heilsu og umhverfi.

Aðgerðaáætlun í loftlagsmálum

Áætlunin skilgreinir m.a. þrjár aðgerðir til að draga úr losun frá úrgangi.

Svæðisskipulag Suðurnesja

Efling þeirrar sameiginlegu þjónustu sem er fyrir hendi, s.s. sorpförgun.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi

Fyrir liggur tillaga að nýrri svæðisáætlun en meginmarkmiðið með endurskoðun hennar er innleiðing hringrásarhagkerfisins, sem krefst breyttrar meðhöndlunar úrgangs og lágmarkunar á urðun.

18.2 ÚRGANGSMÆÐHÖNDLUN

Skv. lögum nr. 55/2003 bera sveitarfélög ábyrgð á flutningi heimilisuðrgangs og skulu sjá til þess að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Samkvæmt reglugerð um meðhöndlun úrgangs er sveitarstjórnnum skylt að gera og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála og aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun. Jafnframt skal greina frá því hvernig sveitarfélagið hyggst ná markmiðum sínum um meðhöndlun úrgangs og úrgangsvarnir.

Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020 fyrir Suðvesturhornið er í gildi. Suðurnesjabær er aðili að áætluninni sem tekur til starfssvæðis fjögurra sorpsamlaga og sveitarfélaga á suðvesturluta landsins. Áætlunin er í endurskoðun sem fyrr er getið og í endurskoðaðri áætlun er gert grein fyrir hvernig sveitarfélögin á svæðinu hyggjast ná markmiðum stjórnvalda á landsvísi í úrgangsmálum.

18.3 SORPHIRÐA OG ENDURVINNSLA

Suðurnesjabær er aðili að Kölku sorpeyðingarstöð sem annast þjónustu á sviði sorphirðu, móttöku og endurvinnslu úrgangs á Suðurnesjum. Kalka rekur m.a. móttökustöð í Helgúvík, en grenndarstöðvar í Suðurnesjabæ eru staðsettar við Strandgötu í Sandgerði og Gerðavegi í Garði. Losunarstaður fyrir garðaúrgang er á tveimur stöðum, þ.e. sunnan við Teiga- og

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Klapparhverfi í Garði og austan við gryfju ofan Byggðavegar í Sandgerði. Með breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs 2021 er skylt að safna sérstaklega lífúrgangi (lífrænum úrgangi) og meðhöndla hann með moltugerð og/eða gasvinnslu, vinna úr honum áburð, eða nota efni sem eru framleidd úr honum. Samkvæmt lögunum er óheimilt að urða úrgang sem safnað hefur verið sérstaklega.

Samþykkt var í Framkvæmda- og skipulagsráði Suðurnesjabæjar þann 18. desember 2018 að heimila landnotkun undir jarðgerð hjá Djúpavík sunnan við Stafnes skv. fyrirhuguðum áætlunum Íslenska Gámafélagsins til reynslu í þrjú ár. Í Suðurnesjabæ eru ekki skilgreind svæði fyrir sorpurðun eða sorpurðunarsvæði.

18.4 MARKMIÐ OG STEFNA – SORPHIRÐA OG ENDURVINNSLA

Markmið

- ♦ Vinna með sveitarfélögum á Suðurnesjum að innleiðingu hringrásarhagkerfisins.
- ♦ Stuðlað verði að endurvinnslu og endurnýtingu og dregið úr myndun úrgangs.
- ♦ Meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft. Tryggt verði að spilliefni berist ekki út í umhverfið.

Útfærsla stefnu

Stefnan um sorphirðu og endurvinnslu er útfærð með markmiðum um iðnaðar- og athafnasvæði, sbr. stefnu aðalskipulagsins iðnaðar- og athafnasvæði og afmörkun svæða fyrir umhverfisstöðvar á aðalskipulagsupprætti og iðnaðarsvæðis sunnan Stafness fyrir jarðgerð. Einnig er vísað til stefnu um efnislosunarsvæði varðandi garðaúrgang.

Helstu stefnubreytingar

Í aðalatriðum er hér um að ræða sömu stefnu og í eldri aðalskipulögum en stefnan aðlöguð að nýjum kröfum um innleiðingu hringrásarhagkerfisins.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan stuðlar að endurvinnslu og endurnýtingu til langs tíma litið, en talsverður hagur er af því fyrir samfélagið að minnka umfang á úrgangi sem fluttur er í Kólku. Til lengri tíma ætti það að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda og minna land fer undir urðun sorps.

VEL MENNTAÐ OG HEILBRIGT SAMFÉLAG

19 SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um samfélagsþjónustu og fyrirkomulag byggðar með tilliti til mikilvægrar grunnþjónustu.

19.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Markmið um að skipulag byggðar og þróun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélagsins.

Stefnumótandi byggðaaætlun 2018-2024

Framtíðarsýnin er m.a. að grunnþjónusta verði veitt íbúum sem mest í nærsamfélagi.

Svæðisskipulag Suðurnesja

Markmið/áherslur um öfluga nærþjónustu í hverju sveitarfélagi og að búa í haginn fyrir félagslegan fjölbreytileika, almenna menningarstarfsemi og tækifæri fyrir alla aldurshópa.

⁴⁴ Alþingi. 2018.

19.2 GRUNNÞJÓNUSTA

Í stefnumótandi byggðaaætlun 2018-2024⁴⁴ er eitt af markmiðum að jafna aðgengi að þjónustu, sbr. markmið a í byggðaaætlun, og skilgreiningu opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis, sbr. aðgerð A.18. Drög að skilgreiningu grunnþjónustu⁴⁵ hafa verið unnin af Bygðastofnun og þar er að finna almenna skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu og einnig greining á henni eftir því hvort og hvernig hún er skilgreind í lögum og reglum. Í skilgreiningunni er jafnframt gengið út frá jafnræðissjónarmiði, þ.e. að allir íbúar landsins eigi jafnan rétt til grunnþjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að skipulag þjónustunnar taki mið af búsetumynstri, m.a. því hversu brýn þjónustan er og hversu tíð hún þarf að vera. Í skilgreiningu Bygðastofnunar á grunnþjónustu ekki er um að ræða tæmandi upptalningu á þjónustupáttum.

Á meðfylgjandi kortum (Mynd 35) er yfirlit yfir grunnþjónustu í Sandgerði og Garði, þ.e. stofnanir sem sinna grunnþjónustu á vegum ríkis og Suðurnesjabæjar, byggt á fyrirliggjandi upplýsingum, en ekki er um að ræða tæmandi upplýsingar um allar stofnanir.


19.3 SKÓLAR OG ÍPRÓTTAHÚS

Í Suðurnesjabæ starfa tveir leikskólar, Sólborg við Sólheima í Sandgerði og Gefnarborg við Sunnubraut í Garði. Þeir eru sjálfstætt starfandi með þjónustusamninga við sveitarfélagið sem leggur til rekstrarfé. Auk þess er unnið að uppbyggingu leikskóla á vegum Suðurnesjabæjar í Sandgerði. Í nýju deiliskipulagi Teiga-og Klapparhverfis í Garði er gert ráð fyrir leikskóla.

Í Suðurnesjabæ eru tveir grunnskólar, Gerðaskóli og Sandgerðisskóli. Við báða þessa skóla er fullbúið íþróttahús og sundlaug.

Tveir tónlistarskólar eru í Suðurnesjabæ, Tónlistarskóli Sandgerðis og Tónlistarskólinn í Garði. Skólarnir bjóða báðir uppá fjölbreytt nám fyrir nemendur á öllum aldri

⁴⁵ Bygðastofnun. 2022.



Mynd 35 Svæði fyrir samfélagsþjónustu skv. eldra aðalskipulagi og dæmi um staðsetningu núverandi og fyrirhugaðrar grunnþjónustu í þéttbýli.

Í Reykjanesbæ er rekinn framhaldsskóli, þ.e. Fjölbautaskóli Suðurnesja. Á Ásbrú í Reykjanesbæ er Keilir og þar er rekin háskólabrú, flugakadema, íþróttaakadema og Menntaskólinn á Ásbrú. Í Grindavík er rekinn Fisktækniskóli Íslands. Auk þess er Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum í Reykjanesbæ.

19.4 MENNINGAR- OG ÞEKINGARSTARFSEMI

Byggðasafn er á Garðskaga sem er alhliða byggða- og sjóminjasafn. Það er í eigu Suðurnesjabæjar og hlutverk þess er að miðla, rannsaka, safna skrásetja, varðveita, og kynna menningarsögulegar minjar úr Suðurnesjabæ.⁴⁶

Náttúrustofa Suðvesturlands er staðsett í Sandgerði, en hún er í eigu sveitarfélaga á Suðurnesjum.⁴⁷ Hún starfar skv. lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992.

Þekkingarsetur Suðurnesja er starfrækt í Sandgerði og byggir á þekkingargrunni Fræðaseturs í Sandgerði, Botndýrastöðvarinnar, Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum og Náttúrustofu Suðvesturlands. Þekkingarsetrið er sjálfseignarstofnun rekin af opinberum framlögum ríkis og sveitarfélaga.⁴⁸

Bókasafn Suðurnesjabæjar er staðsett við Skólastræti í Sandgerði, en er einnig með afgreiðslu í Gerðaskóla. Allir íbúar Suðurnesjabæjar eiga rétt á bókasafnskorti og geta nýtt sér bækur í eigu sveitarfélagsins.⁴⁹

19.5 FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISMÁL

Suðurnesjabær og Vogar mynda saman eitt félagsþjónustusvæði þar sem íbúum sveitarfélaganna er veitt félagsþjónusta sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það felst m.a. í ráðgjöf um félagsleg réttindamál og stuðning

vegna félagslegs og persónulegs vanda. Félagsþjónustan veitir einnig þjónustu á sviði málefna barna og ungmenna, aldraðra og fólks með fötlun eins og nánar er tilgreint í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um málefni aldraðra og lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Hjúkrunarheimili aldraðra er í Reykjanesbæ. Í könnun Gallup árið 2020⁵⁰ kemur m.a. fram að 52% íbúa séu ánægðir með þjónustu við eldri borgara í Suðurnesjabæ. Íbúakönnun landshlutanna 2020⁵¹ sýnir einnig að íbúar Suðurnesjabæjar eru marktækt óánægðari en aðrir íbúar landsins með dvalarheimili aldraðra og aðgengi að heilsugæslu. Dagdvöl fyrir aldraða hefur starfsemi í Suðurnesjabæ í febrúar 2022.

Íbúar í Suðurnesjabæ sækja sér heilbrigðisþjónustu í Reykjanesbæ, þ.e. fyrsta- og annars stigs heilbrigðisþjónustu í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu og Heilbrigðisstefnu til ársins 2030⁵². Á árum áður voru heilsugæslustöðvar bæði í Garði og Sandgerði. Í íbúakönnun landshlutanna 2020 kemur einnig fram að íbúar Suðurnesjabæjar eru marktækt óánægðari en aðrir íbúar landsins með aðgengi að heilsugæslu.

19.6 KIRKJUR OG KIRKJUGARÐAR

Kirkja og kirkjugarður eru að Útskálum í Garði. Í eldra aðalskipulagi (Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030) er gert ráð fyrir stækkun kirkjugarðsins og er það svigrúm ekki að fullu nýtt. Kirkja og kirkjugarður eru einnig á Hvalsnesi og talin er þörf á stækkun hans fyrir lok skipulagstímabilsins auk þess að bæta aðkomu að kirkjunni og kirkjugarðinum.

⁴⁶ Suðurnesjabær. 2022A.

⁴⁷ Náttúrustofa Suðvesturlands. 2022.

⁴⁸ Þekkingarsetur Suðurnesja. 2022.

⁴⁹ Suðurnesjabær. 2022B.

⁵⁰ Gallup. 2020.

⁵¹ Vífill Karlsson og Helga María Pétursdóttir. 2021.

⁵² Heilbrigðisráðuneytið. 2019.

19.7 MARKMIÐ OG STEFNA – SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA

Markmið

- ♦ Öflug opinber grunnþjónusta sem styður við fjölskylduvænt samfélag, tryggir öryggi íbúa og tekur mið af þörfum íbúa óháð aldri og þjóðfélagsstöðu.
- ♦ Staðsetja grunnþjónustu í nálægð við notendur, en samnýta þjónustu með nágrannasveitarfélögum ef þess gerist þörf.
- ♦ Aðgengi fyrir alla verði tryggt að byggingum þar sem veitt er opinber þjónusta.
- ♦ Umhverfi skóla verði heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og eflir þroska allra nemenda.
- ♦ Nýta nálægð Skóla við náttúru til útiveru og fræðslu, en einnig til listrænnar vinnu.
- ♦ Efla safna- og menningarstarfsemi með áherslu á sérstöðu svæðisins og sjálfbærni.
- ♦ Kirkjum og kirkjugörðum verði viðhaldið og gott aðgengi að þeim tryggt.

Útfærsla stefnu

- ♦ Suðurnesjabær, í samstarfi við yfirvöld heilbrigðismála, vinni að því að skapa í skipulagi svigrúm fyrir uppbyggingu heilsugæslu í sveitarfélaginu. Heilsugæsla verði skilgreind sem nærþjónusta og henni verði fundur staður í Suðurnesjabæ.
- ♦ Við deiliskipulagsgerð og við hönnun lóða við opinberar stofnanir verði sérstök áhersla á að vinna að aðgengismálum í og við opinberar byggingar. Einnig verði áhersla á útfærslu hjóla- og gönguvæns umhverfis, svo sem með hjólastöndum við innganga og möguleikum til hleðslu rafhjóla.

- ♦ Á skipulagstímanum verði greind þörfin fyrir stækkun grunnskóla og eftir atvikum skoðuð staðsetning nýs grunnskóla m.t.t. þróunarmöguleika og uppbyggingu í sveitarfélaginu.
- ♦ Á skipulagstímabilinu verði metin þörf fyrir stækkun kirkjugarða að Útskálum og í Hvalsnesi með tilliti til þarfa samfélagsins til framtíðar. Jafnframt verði unnið að endurhönnun garðanna með tilliti til aðgengis.

Stefnan um samfélagsþjónustu er útfærð nánar með afmörkun fyrir samfélagsþjónustu á skipulagsupprætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum (sjá kafla 22.4). Einnig er stefna um kirkjugarða útfærð með afmörkun fyrir kirkjugarða og grafreiti á skipulagsupprætti, almennum ákvæðum og sérákvæðum (sjá kafla 22.11). Einnig er vísað til skilgreindra varúðarsvæða á tilgreindum svæðum fyrir samfélagsþjónustu. Auk þess er vísað til stefnu um útivist, íþróttir og opin svæði (kafla 20).

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan um samfélagsþjónustu er sú sama og í fyrri aðalskipulögum. Aukin áhersla er á öfluga grunnþjónustu í nærumhverfinu innan þéttbýlis, en samnýting þjónustu með nágrannasveitarfélögum ef þess gerist þörf. Einnig er rík áhersla á að uppbygging samfélagsþjónustu taki mið af heilsueflandi samfélagi svo sem hvað varðar umhverfi skóla og íþróttastöðu og hið byggða umhverfi og staðsetning grunnþjónustu hvetji til hreyfingar og bættrar lýðheilsu. Afmörkun fyrir samfélagsþjónustu á aðalskipulagsupprætti hefur verið uppfærð.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum, eflir menntun, þekkingarstarfsemi og nærþjónustu. Hún er líkleg til að stuðla að bættri lýðheilsu og vellíðan íbúa óháð þjóðfélagshópum. Stefnan viðheldur eða styrkir mikilvæga samfélagslega innviði, en hefur óveruleg áhrif á náttúru og menningarminjar eða losun gróðurhúsalofttegunda.

20 ÚTIVIST, ÍÞRÓTTIR OG OPIN SVÆÐI

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Suðurnesjabæjar um útivist, íþróttir og opin svæði með tilliti til lífsgæða íbúa og heilsuefningar samfélagsins.

20.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA UM ÚTIVIST, ÍÞRÓTTIR OG OPIN SVÆÐI

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Markmið um að skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og möguleikum til fjölbreyttrar útiveru.

Svæðisskipulag Suðurnesja

Markmið/áherslur um ábyrga nýtingu og gott aðgengi að útivistarsvæðum til afþreyingar, fræðslu og ferðamennsku.

Heilsueflandi samfélag

Suðurnesjabær er Heilsueflandi samfélag, þ.e. verkefni á vegum Embættis landlæknis sem leggur m.a. áherslu á að heilsa og líðan allra íbúa sé höfð í fyrirrúmi í allri stefnumótun. Verkefnið tekur jafnt til hins manngerða og félagslega umhverfis.

20.2 TÆKIFÆRI TIL ÚTIVERU OG SJÁLFBÆRNI DAGLEGS LÍFS

Í skipulagi eru m.a. teknar ákvarðanir um hvar gera skuli ráð fyrir svæðum til útivistar og nánari útfærslu þeirra. Þekkt er að útfærsla og gæði byggðar og aðgengi að útivistarsvæðum getur haft bein áhrif á lýðheilsu og vellíðan.



Mynd 36 Tilbúin mynd sem vísar til umfjöllunar um gild útivistar og hreyfingar.

Samkvæmt könnun Gallup árið 2020 eru um 75% íbúa í Suðurnesjabæ ánægðir með gæði umhverfis í nágrenni við heimili sitt og um 86% íbúa eru ánægðir með sveitarfélagið sem stað til að búa á.⁵³ Um 70% íbúa eru ánægðir með aðstöðu til íþróttaiðkunar. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gaf árið 2021 út skýrslu um rannsókn um lífsgæði, líðan og viðhorf íbúa á Suðurnesjum. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að afla þekkingar á þeim sviðum sem helst þarf að efla eða breyta áherslum til að stuðla að auknum lífsgæðum íbúa. Niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir íbúa

⁵³ Gallup. 2020.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Suðurnesja og rýnihópa meðal íbúa sýndu að þátttakendur lýstu mikilli ánægju með að búa á Suðurnesjum. Niðurstöður sýna einnig að skýr tengsl eru á milli virkni íbúa og líðan, þ.e. þeim mun virkari sem íbúar eru þeim mun betur líður þeim og þeim mun líklegri eru þeir til frekari virkni.⁵⁴


Heimsmarkmið 3.4 kveður á um að eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan. Í *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* er rík áhersla á samspil skipulags byggðar og lífsgæða sem felast í aðgengi að náttúrunni og möguleikum til útivistar. Hér eru tilgreindir sérstaklega þeir þættir sem í skipulagi þarf að líta til í þessu samhengi, auk uppbyggðrar íþróttastöðu.

Gönguhæfi byggðar og ferðatími

Gönguhæfi byggðar tekur til eðlisrænna þátta í umhverfinu sem taldir eru ráðandi um það hve líklegt er að fólk ferðist um gangandi eða hjólandi. Í samhengi Suðurnesjabæjar koma til álita þættir eins og göngufjarlægðir innan þéttbýlis, framboð á þjónustu í göngufæri, göngutengingar, yfirbragð byggðar og landslag, skjólmyndun og gæði opinna svæða og öryggi vegfaranda. Samkvæmt greiningu á korti, sbr. kafla 3.6, er verulegur hluti núverandi íbúða/íbúðarhúsa í Garði og Sandgerði í 10 mínútna göngufjarlægð frá matvöruverslun (um 1 km), og meginþorri íbúða á báðum stöðum er innan 20 mínútna göngufjarlægðar (um 2 km) frá matvöruverslun. Með tilkomu tveggja nýrra leikskóla er megin þorri íbúa á þessum stöðum í 10 mínútna göngufjarlægð frá leikskóla.

Heilnæmi umhverfis

Mikilvægt er að skipulagsgerð stuðli að heilnæmu umhverfi með tilliti til loftgæða, grunnvatns og hljóðvistar. Í því samhengi getur verið tilefni til að skoða möguleika á svokölluðum sjálfbærum eða blágrænum ofanvatnslausnum, þ.e. að vatn sem fellur sem úrkoma eigi leið um gegndræpt yfirborð í jarðveg.



Skýringar

- Íþróttasvæði
- Opin svæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Vegir

Mynd 37 Opin svæði og íþróttasvæði samkvæmt eldri aðalskipulögum.

⁵⁴ Ásdís A. Arnalds o.fl. 2021.

Við skipulagsgerð skal hljóðstíga vegna umferðar ökutækja, flugumferðar og atvinnustarfsemi vera undir skilgreindum mörkum í viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Skv. reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir nr. 1000/2005 skal sveitarstjórn gera hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði en veghaldarar og rekstraraðilar flugvalla fyrir stóra vegi og flugvelli.

Lýsing og myrkurgæði

Lýsing innan þéttbýlis er mikilvægur þáttur í að hvetja til hreyfingar og útivistar innan þess. Vönduð lýsing stuðlar einnig að öryggistilfinningu gangandi og hjólandi vegfarenda. Á opnum svæðum og almenningsrýmum er hægt að skapa áhugaverða upplifun með lýsingarhönnun, með lágstemmdri og glýjulausri lýsingu en jafnframt tryggja öryggi vegfarenda.

Myrkrið er ekki síður mikilvægt en dagsbirtan. Í myrkrinu felast ákveðin gæði sem ættu að vera sjálfsagður þáttur náttúruverndar og líta ber á náttúrulegt myrkur sem umhverfisþátt sem bæði menn og dýr eigi að geta notið.⁵⁵ Þegar talað er um ljósmengun er átt við óheppileg hliðaráhrif sem gjarnan fylgja manngerðri lýsingu. Þá er lýsing notuð á rangan hátt, hún of mikil eða algerlega óþörf. Ljósmengun myndast þannig þegar að birtan dreifist umfram það sem óskað er eftir. Oft er hægt að greina ljósmengunina yfir þéttbýli sem birtuhjúp.

20.3 ÚTIVIST OG ÚTIÞRÓTTIR

Í Sandgerði er íþróttasvæði Reynis ásamt félagsheimili við Stafnesveg, þ.e. grasvöllur sem einkum er nýttur til knattspyrnuíðkunar. Í Garði er íþróttavöllur Víðis ásamt vallarhúsi við Sandgerðisveg.

Í Suðurnesjabæ eru tveir 18 holu golfvöllir, þ.e. golfvöllir ásamt aðstöðu í klúbbhúsum. Strandvöllur er að Vallarhúsum (Kirkjubólsvöllur), miðja vegu milli Sandgerðis og Garðs. Einnig er strandvöllur í Leiru sunnan Garðs.

Í aðalskipulagi hefur verið gert ráð fyrir nýrri hesthúsabyggð í Útgarði í Garði, þ.e. með möguleika á hestaleigu og uppbyggingu í tengslum við ferðapjónustu.

20.4 OPIN SVÆÐI

Í aðalskipulagi eru skilgreind opin svæði, leiksvæði og garðar innan þéttbýlis og rík áhersla hefur verið á að halda þessum svæðum tiltölulega óskertum þrátt fyrir breytta stefnu um byggð og þéttingu byggðar. Á Mynd 37 eru sýnd núverandi opin svæði og íþróttasvæði samkvæmt eldri aðalskipulögum.

Í dreifbýli eru skilgreind opin svæði við Langholt sunnan Garðs og við Þóroddsstaði norðan Sandgerðis. Einnig útivistarsvæði við Básenda sunnan Stafness og austan Rósaselstorgs við mörk Reykjanesbæjar.

20.5 MARKMIÐ OG STEFNA – ÚTIVIST, ÍÞRÓTTIR OG OPIN SVÆÐI

Markmið

- ♦ Skipulag byggðar stuðli að heilsueflingu og lífsgæðum fólks með góðu aðgengi að opnum svæðum og útivist.
- ♦ Allir íbúar sveitarfélagsins eigi möguleika á skipulagðri íþróttaiðkun.
- ♦ Tryggja aðgengi að íþrótt- og útivistarsvæðum.
- ♦ Stuðla að auknum möguleikum til útivistar á opnum svæðum, svo sem með eflingu gróðurs og skjólmyndun, stígagerð, merkingum og vandaðri lýsingu.
- ♦ Opin svæði og almenningsrými skulu vera upplýst með lágstemmdri lýsingu og nýta skal lýsingu til að styrkja áhugaverða upplifun.
- ♦ Aðstaða verði eflað á leiksvæðum og þeim fjölgað.

⁵⁵ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2013.

Útfærsla stefnu

- ◆ Svæði milli Sandgerðis og Garðs er gefið auki vægi með skilgreiningu sem opið svæði á aðalskipulagi. Í deiliskipulagi verði svæðið þróað frekar m.t.t. skjólmyndunar og tækifæra til útivistar.
- ◆ Við deiliskipulag opinna svæða innan þéttbýlis verði útfærð stefna með tilliti til heilsueflingar, svo sem hvað varðar staðsetningu og þéttleika hreysti- og leiktækja.
- ◆ Í aðalskipulagi er afmarkað nýtt íþróttasvæði austan Kirkjubólsvallar þar sem skapað er svigrúm fyrir uppbyggingu íþróttaaðstöðu sem gæti nýst íbúum Suðurnesjabæjar sem og gestum.
- ◆ Í aðalskipulagi er afmarkað nýtt íþróttasvæði sunnan Bergvíkur þar sem skapað er svigrúm fyrir uppbyggingu hesthúsa og aðstöðu fyrir hestamennsku.

Stefnan um opin svæði og íþróttasvæði er útfærð nánar með afmörkun fyrir opin svæði og íþróttasvæði á skipulagsupprætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum (sjá kafla 22.12 og 22.10).

Helstu stefnubreytingar

Mörkuð er sérstök stefna með aukinni áherslu á heilsueflingu og gæði opinna svæða með tilliti til skjólmyndunar, gróðurs og lýsingar. Breyting er varðandi tjaldstæði sem nú falla undir afþreyingar- og ferðaþjónustusvæði skv. skipulagsreglugerð. Tjaldstæðið við íþróttamiðstöðina í Garði fellur út. Skilgreind eru umfangsmikil ný opin svæði, svo sem milli þéttbýlisstaðanna, sunnan Keflavíkurflugvallar og vestan Bergvíkur.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á samfélag, þ.e. eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum og stuðlar að bættri lýðheilsu og vellíðan íbúa og gesta. Stefnan stuðlar að heilnæmu umhverfi og hefur einnig jákvæð áhrif á samfélagið. Stefnan hefur að einhverju marki jákvæð áhrif á atvinnulíf og innviði vegna styrkingu opinna svæða í þéttbýli og dreifbýli. Einnig eru að einhverju marki jákvæð áhrif á náttúru og menningarminjar, og leiðir til minni losun gróðurhúsalofttegunda vegna styrkingu gróðurs.

STEFNA UM LANDNOTKUN

21 ALMENN ATRIÐI

Í þessum hluta greinargerðarinnar er fjallað um skipulagsákvæði aðalskipulags Suðurnesjabæjar.

Tilgreindir eru almennir skilmálar fyrir hvern landnotkunarflokk og sértæk ákvæði fyrir hvern reit. Skipulagsuppdráttur sýnir þessa skiptingu með lituðum reitum og auðkenni fyrir hvern reit. Séu reitir ekki merktir sérstaklega, eins og óbyggð svæði, veghelgunarsvæði og sum opin svæði, gilda um þá almennir skilmálar viðkomandi landnotkunarflokks. Afmörkun landnotkunarreita fylgir ekki endilega lóða- og eignamörkum, heldur miðast við miðlínu aðliggjandi gatna og jaðar veghelgunarsvæða stofnbrauta. Flatarmál reita er því brúttóstærð sem felur í sér gatnakerfið.

22 LANDNOTKUN

22.1 ÍBÚÐARBYGGÐ (ÍB)

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Skipulagsákvæði fyrir íbúðarbyggð

Almenn ákvæði

Rík áhersla er lögð á hagkvæmt byggðamynstur, mótun bæjarrýmis og vandað yfirbragð hverfa og bygginga með vönduðu deiliskipulagi og hönnun.

Rík áhersla er lögð á sjálfbærni dagslegs lífs íbúa. Í deiliskipulagi skal útfæra íbúðarbyggð m.t.t. sjálfbærni- og lýðheilsusjónarmiða, svo sem aðgengi fyrir alla, öruggum göngu- og hjólaleiðum, skjólmyndun og nálægð við útivistarsvæði.

Í deiliskipulagsvinnu skal áhersla lögð á að undirstrika og efla sérstöðu, staðaranda og búsetulandslag.

Á eða við íbúðarsvæði er gert ráð fyrir grenndarleiksvæðum, leik- og sparkvöllum.

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir annarri starfsemi sem þjónar íbúðarhverfunum og ekki veldur óþægindum vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar eða dregur að sér óeðlilega mikla umferð.

Á íbúðarsvæðum er svigrúm fyrir heimagistingu (flokkur I, 3. gr. í reglugerð nr. 1277/2016) og íbúðir til útleigu tengdar ferðaþjónustu. Heimild er fyrir minni gistiheimili með allt að 5 herbergjum (flokkur II, 3. gr. í reglugerð). Til staðar þarf að vera eitt bílastæði á hvert herbergi. Starfsemin má ekki valda íbúum óþægindum, s.s. vegna hávaða, lyktar og lýsingar. Sjá nánar í reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Á nýjum íbúðarsvæðum í þéttbýli og við endurbætur á eldri hverfum verði blágrænar ofanvatnslausnir nýttar, þ.e. lausnir sem miða að því að veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn, í stað þess að veita því eingöngu í hið hefðbundna fráveitukerfi.

Sértæk ákvæði			
Auðkenni	Heiti	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
ÍB-1	Íbúðarsvæði vestan Útskála (Skagabyggð) í Garði	5,1	Taka þarf tillit til fornleifa við allar framkvæmdir á svæðinu og horfa til heildarmyndarinnar, þar sem oft á tíðum er um að ræða mikilvægar búsetuminjar. Mikilvægt er að tryggja að minjar og útgerðarsaga þeirra glatist ekki og verði haldið til haga með þar til gerðum ráðstöfunum. Svæði nýtur hverfisverndar og um það gildir verndarsvæði í byggð og uppbygging og verndun skal haldast í hendur. Ólíkum byggingartímabilum sé sýndur sómi og sérkennum bygginga hvers tímaskeiðs haldið til haga. Uppbygging og endurgerð húsa og mannvirkja skal stuðla að heildaryfirbragði á svæðinu um leið og dregin er fram sérstaða þess. Viðbyggingar styrki götumynd og umhverfi, nýti lóðir vel. Viðbyggingar falli vel að fyrirliggjandi byggð og umhverfi og taki mið af svipmóti byggðar og hlutföllum. Lagfæringar og endurbætur verði gerðar með hliðsjón af upphaflegri gerð. Ómeðhöndluð opin náttúrusvæði verði varðveitt eins ósnortin og kostur er. Fornleifar verði nýttar á lifandi hátt inn í umhverfið. Svæðið er innan hverfisverndarsvæða HV-5 og HV-7 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar. Svæðið er að mestu fullbyggt. Heimild fyrir allt að 30 íbúðum alls, en á svæðinu eru nú 26 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-2	Byggð við Norðurgötu, Klapparstíg, Uppsálaveg og Bjarmaland í Sandgerði	3,2	Heimild fyrir allt að 40 íbúðum alls, en á svæðinu eru nú 29 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-3	Íbúðarsvæði austan Útskála að Gerðavegi	3,6	Taka þarf tillit til fornleifa við allar framkvæmdir á svæðinu og horfa til heildarmyndarinnar, þar sem oft á tíðum er um að ræða mikilvægar búsetuminjar. Ákveðið götumynstur er samsíða og sunnan Garðbrautar sem styrkja má með stökum 1 - 2ja hæða húsum. Heimild fyrir allt að 45 íbúðum alls, en á svæðinu eru nú 19 íbúðir (öll byggingarstig). Svæðið er innan hverfisverndarsvæða HV-5 og HV-7 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar.
ÍB-4	Íbúðarsvæði austan Strandgötu og norðan Sandgerðisveg	22,8	Blönduð og gróin íbúðarbyggð þar sem gert er ráð fyrir að óbyggðar lóðir verði byggðar, en ný hús falli að eldri byggð. Svæðið er að mestu fullbyggt. Heimild fyrir allt að 300 íbúðum alls, en á svæðinu eru nú 290 íbúðir (öll byggingarstig).

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Stærð (ha)</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
ÍB-5	Íbúðarsvæði við Heiðarbraut í Garði	23,7	Blönduð og gróin íbúðarbyggð þar sem gert er ráð fyrir að óbyggðar lóðir verði byggðar, en ný hús falli að eldri byggð. Svæðið er að mestu fullbyggt. Heimild fyrir allt að 160 íbúðum, en á svæðinu eru nú 141 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-6	Byggð suður að Bárugerði við Stafnesveg, Norðurtún og Miðtún í Sandgerði	4,9	Blönduð og gróin íbúðarbyggð þar sem gert er ráð fyrir að óbyggðar lóðir verði byggðar, en ný hús falli að eldri byggð. Heimild fyrir allt að 56 íbúðum, en á svæðinu eru nú 46 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-7	Íbúðarsvæði við Rafnkelsstaði / Réttarholt í Garði	1	Heimild fyrir allt að 10 íbúðum, en á svæðinu eru nú 5 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-8	Hólahverfi í Sandgerði	12,8	Blönduð nýleg íbúðarbyggð þar sem gert er ráð fyrir að óbyggðar lóðir verði byggðar, en ný hús falli að þeirri byggð sem fyrir er. Heimild fyrir allt að 115 íbúðum, en á svæðinu eru nú 99 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-9	Íbúðarsvæði Klapparhverfi og Teigahverfi í Garði	22,2	Heimild fyrir allt að 390 íbúðum í einbýlis- og parhúsum, en á svæðinu eru nú 82 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-10	Sunnan Sandgerðisvegur í Sandgerði	10,3	Lágrest íbúðarbyggð með fjölbreyttum íbúðargerðum með áherslu á sérbýli, þar sem kappkostað er að mynda sterkan heildarsvip til norðurs með formfastri byggð einbýlis- og keðjuhúsa. Heimild fyrir allt að 150 íbúðum, en á svæðinu eru nú 26 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-11	Íbúðarsvæði í Útgarði, norðvestan íþróttasvæðis í Garði	5,8	Eins til tveggja hæða íbúðarbyggð þar sem kappkostað er að mynda sterkan heildarsvip. Landkostir verði nýttir sem best, s.s. hvað snertir tengsl við náttúru og sjávarútsýni í skjólgóðri byggð. Heimild fyrir allt að 80 íbúðum, en á svæðinu eru nú 52 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-12	Uppsalahverfi í Sandgerði	26,7	Blönduð íbúðarbyggð. Miða skal við að bílastæði séu tvö á hverja íbúð í sérbýli og eitt og hálft í fjölbýli. Lögð skal áhersla á heildstæðan, samfelldan hverfisbrag. Við uppbyggingu á svæðinu skal taka tillit til náttúru- og menningarminja á svæðinu. Sérstaklega þarf að gæta að búsvæðum fugla við tjörnina og að þeim sé ekki raskað að óparfa. Í tengslum við deiliskipulag verði gerð sérstök könnun á fuglavarpi á og við fyrirhugað uppbyggingarsvæði og eftir atvikum gripið til mótvægisáðgerða á þeim svæðum þar sem áhrif uppbyggingarinnar eru neikvæð á fuglalíf. Heimild fyrir allt að 370 íbúðum, en á svæðinu eru nú 12 íbúðir (öll byggingarstig). Ekki er gert ráð fyrir verulegri uppbyggingu á skipulagstímabilinu en mögulegt er að bæta stökum lóðum við þegar byggða innviði. Um er að ræða framtíðarbyggingarland.

Sértæk ákvæði			
Auðkenni	Heiti	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
ÍB-13	Krókskotstún / Landakotstún í Sandgerði	9,6	Svæðið nýtur verndar samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð. Gert er ráð fyrir að þetta þá byggð sem fyrir er með áherslu á byggð næst Strandgötu svo styrkja megi miðbæjargötuna Strandgötu. Viðhaldið er sérstöðu svæðisins sem felst í túnum og yfirbragði byggðar. Um allt svæðið gildir verndarsvæði í byggð og hluti af svæðinu nýtur hverfisverndar. Uppbygging og verndun haldist í hendur. Ólíkum byggingartímabilum sé sýndur sómi og sérkennum bygginga hvers tímaskeiðs haldið til haga. Uppbygging og endurgerð húsa stuðli að heildaryfirbragði á svæðinu um leið og dregin er fram sérstaða þess. Nýbyggingar styrki götumynd og umhverfi og nýti lóðir vel. Lagfæringar og endurbætur húsa verði gerðar með hliðsjón af upphaflegri gerð. Ómeðhöndluð opin náttúrusvæði verði varðveitt eins ósnortin og kostur er. Heimild fyrir allt að 100 íbúðum, en á svæðinu eru nú 83 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-15	Íbúðarsvæði við Garðvang í Garði	2,9	Blönduð íbúðarbyggð þar sem heimilt er að þetta íbúðarbyggð. Heimild fyrir allt að 100 íbúðum, en á svæðinu eru nú 10 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-16	Íbúðarsvæði sunnan Gerðavegar í Garði	4,7	Taka þarf tillit til fornleifa við allar framkvæmdir á svæðinu og horfa til heildarmyndarinnar, þar sem oft á tíðum er um að ræða mikilvægar búsetuminjar. Ákveðið götumynstur er samsíða Garðbraut sem styrkja má með stökum 1 - 2ja hæða húsum. Heimild fyrir allt að 25 íbúðum, en á svæðinu eru nú 18 íbúðir (öll byggingarstig). Svæðið er innan hverfisverndarsvæða HV-5 og HV-7 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar.
ÍB-18	Íbúðarsvæði við Garðbraut og Gerðaveg í Garði	12,8	Blönduð íbúðarbyggð. Ákveðið götumynstur er meðfram Garðbraut og Gerðavegi sem styrkja má með stökum 1 - 2ja hæða húsum. Heimild fyrir allt að 100 íbúðum, en á svæðinu eru nú 73 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-20	Lækjarmót og Heiðarbraut í Sandgerði	5,8	Blönduð nýleg íbúðarbyggð þar sem gert er ráð fyrir að óbyggðar lóðir verði byggðar, en ný hús falli að þeirri byggð sem fyrir er. Heimild fyrir allt að 95 íbúðum, en á svæðinu eru nú 85 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-21	Íbúðarsvæði sunnan Skagabrautar í Garði	9,7	Blönduð íbúðarbyggð meðfram Skagabraut sem styrkja má með stökum húsum, allt að tveggja hæða. Ákveðið götumynstur verði til sem svipar til þess sem er austan við Skagabraut. Taka þarf tillit til fornleifa við allar framkvæmdir á svæðinu og horfa til heildarmyndarinnar, þar sem oft á tíðum er um að ræða mikilvægar búsetuminjar. Heimild fyrir allt að 35 íbúðum, en á svæðinu eru nú 17 íbúðir (öll byggingarstig). Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV-1 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Stærð (ha)</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
ÍB-22	Íbúðarsvæði austan íþróttahúss í Sandgerði	11,3	Ný blönduð íbúðarbyggð með heimild fyrir allt að 60 íbúðum, en á svæðinu eru nú engar íbúðir.
ÍB-23	Býjasker í Sandgerð	5,9	Gert er ráð fyrir möguleika á stórum lóðum sem rúmað getað eins til tveggja hæða byggð. Taka þarf sérstakt tillit til fornminja á svæðinu og laga sig að eldri byggð. Heimild fyrir allt að 30 íbúðum, en á svæðinu eru nú 10 íbúðir (öll byggingarstig).
ÍB-24	Nýtt íbúðarsvæði í Garði	38,2	Blönduð íbúðarbyggð með heimild fyrir allt að 360 íbúðum en á svæðinu eru nú engar íbúðir. Lögð skal áhersla á heildstæðan, samfelldan hverfisbrag og tryggja skal góð tengsl við opin svæði á Miðnesheiði. Við uppbyggingu á svæðinu skal taka tillit til náttúru- og menningarminja sem kunna að vera á svæðinu. Í tengslum við gerð deiliskipulags verði sérstaklega kannaður þéttleiki fuglavarps á svæðinu og eftir atvikum gripið til mótvægisáðgerða á þeim reitum sem þéttleiki varpsins er mikill.
ÍB-26	Íbúðarsvæði við Borgartún og Silfurtún í Garði	7,3	Blönduð nýleg íbúðarbyggð þar sem gert er ráð fyrir að óbyggðar lóðir verði byggðar, en ný hús falli að þeirri byggð sem fyrir er. Heimilt til að bæta við allt að 20 íbúðum. Heimild fyrir allt að 145 íbúðum, en á svæðinu eru nú 125 íbúðir (öll byggingarstig).

22.2 MIÐSVÆÐI (M)

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Skipulagsákvæði fyrir miðsvæði

Almenn ákvæði

Áhersla er á eflingu og þéttingu miðasvæðanna í Garði og Sandgerði fyrir fjölbreytta starfsemi, svo sem verslun, veitingahús, hótél og gistiheimili, ferðaþjónustu, söfn, menningarstofnanir, stjórnsýslu, skrifstofur, aðstöðu viðbragðsaðila, hjúkrunar- og dvalarheimila, auk íbúða. Einnig svigrúm fyrir hreinlega atvinnustarfsemi, svo sem matvælaframleiðslu og verkstæði sem styrkt geta uppbyggingu líflegs miðbæjar og falla vel að yfirbragði hans.

Rík áhersla er á að styrkja yfirbragði og ásýnd miðsvæða, svo sem hvað varðar hönnun gatna og starfsemi á jarðhæðum svo þar megi dafna lifandi bæjarumhverfi. Miða ber að því að miðsvæðin nýtist íbúum og gestum til samveru.

Uppbygging á miðsvæðum skal taka mið af byggingarhefð og varðveita ber byggingar með hátt verndargildi, byggðamynstur og götumynd í samræmi við hverfisverndarákvæði.

Í deiliskipulagi er leyfilegt að auka eða minnka nýtingarhlutfall á einstökum lóðum, svo framarlega sem heildarbyggingarmagn svæðis sé í samræmi við það sem fram kemur í aðalskipulagi.

Í deiliskipulagi skal byggðin skipulögð m.t.t. gangandi vegfaranda, svo sem hvað varðar rýmismyndun, græn svæði og skjólmyndun. Viðeigandi gönguleiðir og -tengingar skulu tryggðar, svo og öryggi hjólandi og gangandi vegfarenda. Áhersla er lögð á aðgengi fyrir alla þar sem því er viðkomandi.


Í deiliskipulagi verði skilgreind áberandi kennileiti við megin götur á miðsvæðum, svo sem í formi umhverfisverka, mannvirkja eða sérstakra húsa.

Nálgast skal lýsingu á miðsvæðinu á heildrænan hátt, þar sem öryggi og velferð fólks er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og valdi ekki ljósmengun. Fyrirkomulag lýsingar skal nánar ákveðið í deiliskipulagi.

Við endurskipulagningu miðsvæða verði blágrænar ofanvatnslausnir nýttar, þ.e. lausnir sem miða að því að veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn, í stað þess að veita því eingöngu í hið hefðbundna fráveitukerfi.

Sértæk ákvæði			
Auðkenni	Heiti	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
M-1	Bæjarmiðja í Sandgerði	10,1	Stefnt er að því að landnotkun þróist í blandaða byggð sérsverslana, veitingastarfsemi, léttu og lítt mengandi starfsemi, verslun og þjónustu sem tengist hafnarstarfsemi og ferðaþjónustu auk stjórnsýslu, menningar- og þjónustustofnana og íbúða á efri hæðum. Æskilegt er að farið verði í samkeppni um útfærslu skipulags á miðsvæðinu og taki samkeppnin til þátta eins og byggðamynstur og aðlögun að sögulegri byggð, staðsetning torgs sem verði andlit Sandgerðis við Strandgötu. Nákvæm staðsetning torgsins og fyrirkomulag verði hluti af samkeppnisforsendum, reiknað er með að það verði afmarkað með núverandi byggingum og eftir atvikum nýjum byggingum sem fylla götumyndina. Á þeim lóðum sem eru vestan Strandgötu er áfram gert ráð fyrir atvinnustarfsemi og verslunar- og þjónustustarfsemi, þ.e. hreinlegri athafnastarfsemi þar sem krafist er vandaðrar umgengi, í bland við verslunar- og þjónustustarfsemi. Starfsemi sem telst mengandi samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 er víkjandi. Framkvæmda- og skipulagsráð getur þó metið umsóknir um athafnastarfsemi/uppbyggingu m.t.t. landnotkunar á svæðinu, eðli og umfangs starfseminnar og með tilliti til nærliggjandi miðsvæðisstarfsemi. Telji ráðið að fyrirhuguð starfsemi fari ekki saman við starfsemi sem fyrir er eða nærliggjandi íbúðarbyggð, getur hún hafnað umsókninni eða bent á aðra lóð. Heimild fyrir allt að 100 íbúðum innan svæðisins og allt að 20.000 m² atvinnuhúsnæðis. Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma. Gæta skal að hæðarsetningu, og eftir atvikum sjóvörnum, fyrir væntanlegar byggingar vestan Strandgötu þannig að tekið sé tillit til hækkandi sjávarstöðu í framtíðinni.
M-2	Bæjarmiðja í Garði	5	Stefnt er að því að landnotkun þróist í blandaða byggð sérsverslana, veitingastarfsemi, léttu og lítt mengandi starfsemi, verslun og þjónustu sem tengist ferðaþjónustu auk stjórnsýslu, menningar- og þjónustustofnana og íbúða á efri hæðum. Æskilegt er að farið verði í samkeppni um útfærslu skipulags á miðsvæðinu og taki samkeppnin til þátta eins og byggðamynstur og aðlögun að sögulegri byggð, staðsetning torgs sem verði andlit þéttbýlisins í Garði. Nákvæm staðsetning torgsins og fyrirkomulag verði hluti af samkeppnisforsendum, reiknað er með að það verði afmarkað með núverandi byggingum og eftir atvikum nýjum byggingum sem fylla götumyndina. Heimild fyrir allt að 100 íbúðum innan svæðisins og allt að 10.000 m² atvinnuhúsnæðis. Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma.

22.3 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA (VP)



Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Skipulagsákvæði fyrir verslun og þjónustu

Almenn ákvæði

Gert er ráð fyrir að útfæra nánar stefnu í deiliskipulagi fyrir atvinnusvæði norðan Keflavíkurflugvallar og við Rósaselstorg þar sem nánar verður gerð grein fyrir starfsemi og eðli svæðisins. Á þessum svæðum verði áhersla á sjálfbæra innviði, þ.e. blágrænar ofanvatnslausnir, opin græn svæði og veitukerfi sem þjóna íbúum og atvinnulífi. Uppbygging á svæðinu taki jafnframt mið af náttúru svæðisins. Á nýjum verslunar- og þjónustusvæðum verði blágrænar ofanvatnslausnir nýttar, þ.e. lausnir sem miða að því að veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn, í stað þess að veita því eingöngu í hið hefðbundna fráveitukerfi.

Sértæk ákvæði			
Auðkenni	Heiti	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
VP-1	Við Skagabraut á Garðskaga í Garði	4,4	Svæði fyrir blandaða verslunar- og þjónustustarfsemi. Heimild fyrir allt að 14.000 m ² húsnæðis, en núverandi flatarmál húsnæðis (nóvember 2022) er um 1.250 m ² . Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma.
VP-4	Rósaselstorg NA	46,7	Svæði fyrir blandaða verslunar- og þjónustustarfsemi. Heimild fyrir allt að 90.000 m ² húsnæðis, en enginn hús eru á svæðinu (nóvember 2022). Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma. Einkum gert ráð fyrir rýmisfrekri verslunar- og þjónustustarfsemi, svo sem vöruhúsum, verslunum, bílaleigum, heildsölum og annarri sambærilegri þjónustu. Umfangsmiklar matvöruverslanir eru ekki heimilar. Ef ákveðið er að breyta aðalskipulagi vegna nýrrar matvöruverslunar skal meta áhrif hennar á matvöruverslun í nærliggjandi þéttbýlisstöðum.

			Nánari stefna um landnotkun og nýtingarhlutfall verður mörkuð í sérbreytingu á aðalskipulagi (rammahluti) og deiliskipulagi, með hliðsjón af niðurstöðum Þróunaráætlunar nærumhverfis Keflavíkurflugvallar og þegar endurskoðað svæðisskipulag Suðurnesja liggur fyrir. Taka skal mið af hindranaflötum vegna Keflavíkurflugvallar sem sýndir eru á aðalskipulagsuppdraetti. Hindranaflétirnir og skilgreiningar þeirra í samræmi við lög um loftferðir nr. 60/1998 og reglugerð nr. 75/2016 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008. Samkvæmt skilmálunum er óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranaflæti flugvallarins, nema að fengnu samþykki Samgöngustofu að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins.
VP-5	Rósaselsborg og vestan Reykjanesbrautar	18,9	Svæði fyrir blandaða verslunar- og þjónustustarfsemi. Heimild fyrir allt að 10.000 m² húsnæðis, en enginn hús eru á svæðinu (nóvember 2022). Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma. . Einkum gert ráð fyrir minni dagvöruverslunum, veitingastöðum, hótélum í flokki II, III og IV sbr. reglugerð nr. 1277/2016, skrifstofum, stofnunum, ýmsum ráðgjafar- og þjónustufyrirtækjum, hönnunarfyrirtækjum og handverki. Reiknað er með að bílastæði verði samnýtt innan svæðis. Við uppbyggingu á svæðinu skal taka sérstakt tillit til náttúru svæðisins. Óheimilt er að raska Rósaselsvötnum svo sem með losun eða að veita yfirborðsvatni í þau. Nánari stefna um landnotkun og nýtingarhlutfall verður mörkuð í sérbreytingu á aðalskipulagi (rammahluti) og deiliskipulagi, með hliðsjón af niðurstöðum Þróunaráætlunar nærumhverfis Keflavíkurflugvallar og þegar endurskoðað svæðisskipulag Suðurnesja liggur fyrir. Taka skal mið af hindranaflötum vegna Keflavíkurflugvallar sem sýndir eru á aðalskipulagsuppdraetti. Hindranaflétirnir og skilgreiningar þeirra í samræmi við lög um loftferðir nr. 60/1998 og reglugerð nr. 75/2016 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008. Samkvæmt skilmálunum er óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranaflæti flugvallarins, nema að fengnu samþykki Samgöngustofu að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins.
VP-6	Gauksstaðir	1,7	Gert er ráð fyrir gistingu í smáhýsum fyrir allt að 50 gesti. Leyfilegur fjöldi smáhýsa er allt að 15 og hámarksstærð hvers húss er 30 m². Heimild fyrir allt að 800 m² húsnæðis, en enginn hús eru á svæðinu (nóvember 2022). Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma. Samanlögð heildarstærð smáhýsa er allt að 500 m². Einnig er gert ráð fyrir móttöku og þjónustuhúsi allt að 300 m². Áhersla skal lögð á að ásynd

			uppbyggingar taki mið af aðliggjandi byggð og hverfisvernd á svæðinu. Svæðið er innan hverfisverndarsvæða HV-5 og HV-7 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar. Einnig ákvæði fyrir aðra náttúruvernd, þ.e. ÖN-1. Forðast skal að raska fornleifum og vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi á svæðinu. Við uppbyggingu á svæðinu skal taka mið af hættu af völdum sjávarflóða, svo sem hvað varðar hæðarsetningu.
VP-9	Rósaselstorg NV	32,5	Svæði fyrir blandaða verslunar- og þjónustustarfsemi. Heimild fyrir allt að 40.000 m² húsnæðis, en enginn hús eru á svæðinu (nóvember 2022). Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma. Einkum gert ráð fyrir rýmisfrekri verslunar- og þjónustustarfsemi, svo sem vöruhúsum, verslunum, bílaleigum, heildsölum og annarri sambærilegri þjónustu. Umfangsmiklar matvöruverslanir eru ekki heimilar. Ef ákveðið er að breyta aðalskipulagi vegna nýrrar matvöruverslunar skal meta áhrif hennar á matvöruverslun í nærliggjandi þéttbýlisstöðum. Nánari stefna um landnotkun og nýtingarhlutfall verður mörkuð í sérbreytingu á aðalskipulagi (rammahluti) og deiliskipulagi, með hliðsjón af niðurstöðum Þróunaráætlunar nærumhverfis Keflavíkurflugvallar og þegar endurskoðað svæðisskipulag Suðurnesja liggur fyrir. Taka skal mið af hindranaflötum vegna Keflavíkurflugvallar sem sýndir eru á aðalskipulagsupprætti. Hindranaflétirnir og skilgreiningar þeirra í samræmi við lög um loftferðir nr. 60/1998 og reglugerð nr. 75/2016 um kröfur og stjórnarsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008. Samkvæmt skilmálunum er óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranaflæti flugvallarins, nema að fengnu samþykki Samgöngustofu að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins.
VP-14	Hvalsnes	0,7	Svæði fyrir þjónustu við ferðamenn í tengslum við Hvalsneskirkju og aðliggjandi svæði. Heimild fyrir allt að 200 m² húsnæðis, en enginn hús eru á svæðinu (nóvember 2022). Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma. Öll uppbygging skal taka mið af yfirbragði staðarins, svo sem hvað varðar skala, ásýnd og yfirbragð. Þjónustunni verði valin staður í tengslum við heildarskipulag Hvalsnes og

			framtíðaraðkomu að svæðinu. Heimild er fyrir nýrri vegtengingu að svæðinu, enda falli hún vel að landslagi og menningarminjum í Hvalsnesi.
VP-15	Nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Garðskaga	1,5	Svæði fyrir byggingu heilsulindar eða baðlóns með búningsaðstöðu, veitingaaðstöðu og bílastæði. Stærð heilsulindar er um 1400 m² með stækkunarmöguleika upp í um 2500 m². Þar er einnig gert ráð fyrir um 300 m² útisvæði og lóð um 10.000 m². Á svæðinu er nú ekkert húsnæði. Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma. Við uppbyggingu á svæðinu verði tekið tillit til náttúruminja sem eru á svæðinu. Öll uppbygging skal vera hófstíllt og valdi sem minnstu riski á viðkvæmum fjörubúsvæðum. Í deiliskipulagi verði sérstaklega metin þörf á stýringu ferðafólks til að komast hjá því að umferð þeirra trufla fuglalíf. Öll hönnun mannvirkja og lóðar taki mið af hækkun sjávarborðs.

22.4 SAMFÉLAGSPJÓNUSTA (S)



Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem, óháð eignaraðild, veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Skipulagsákvæði fyrir samfélagsþjónustu

Almenn ákvæði

Þjónustustofnanir og þjónustufyrirtæki geta verið á svæðum sem skilgreind eru fyrir samfélagsþjónustu (S) en einnig getur slík þjónusta verið staðsett á miðsvæði (M) í Sandgerði og Garði. Minni þjónustufyrirtækjum sem ætlað er að þjóna viðkomandi íbúðarsvæði má staðsetja á íbúðarsvæði eins og fram kemur í kaflanum um íbúðarbyggð.

Í deiliskipulagi skal sérstaklega útfæra svæði fyrir samfélagsþjónustu m.t.t. gangandi vegfaranda, svo sem hvað varðar aðgengi fyrir alla, göngutengingar og öryggi hjólandi og gangandi vegfarenda.

Nálgast skal lýsingu á svæðum fyrir samfélagsþjónustu á heildrænan hátt, þar sem öryggi og velferð fólks er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin skapi öryggi og valdi ekki ljósmengun. Fyrirkomulag lýsingar skal nánar ákveðið í deiliskipulagi.

Sértæk ákvæði

Auðkenni	Heiti	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
S-1	Sandgerðisskóli og Bókasafn Suðurnesjabæjar	4,2	Svæði fyrir grunnskóla, bókasafn og íþróttamiðstöð. Svigrúm er fyrir stækkun skólans og íþróttamiðstöðvar.
S-2	Gerðaskóli	4,5	Svæði fyrir grunnskóla og íþróttamiðstöð. Svigrúm er fyrir stækkun skólans og íþróttamiðstöðvar.
S-4	Leikskólinn Gefnarborg	0,5	Svigrúm er fyrir stækkun og endurbætur eins og stærð lóðar gefur tilefni til.
S-5	Leikskólinn Sólborg	0,1	Svigrúm er fyrir stækkun og endurbætur eins og stærð lóðar gefur tilefni til.
S-6	Leikskóli í Skerjahverfi	0,5	Svigrúm fyrir uppbyggingu nýs leikskóla
S-7	Leikskóli norðan Byggðavegar	1,4	Svigrúm er fyrir stækkun og endurbætur eins og stærð lóðar gefur tilefni til.
S-9	Tónlistarskóli Sandgerðis	0,4	Svigrúm er fyrir stækkun og endurbætur eins og stærð lóðar gefur tilefni til.
S-11	Útskálakirkja	0,5	Svigrúm er fyrir uppbyggingu í tengslum við kirkjuna og bæjartorfunna
S-12	Hvalsneskirkja og bæjartorfan í Hvalsnesi	0,5	Svigrúm er fyrir uppbyggingu í tengslum við kirkjuna og bæjartorfunna. Einnig er svigrúm til að breyta aðkomu að kirkjunni og bæta aðstöðu.
S-13	Kirkja í Sandgerði	0,4	Svigrúm er fyrir stækkun og endurbætur eins og stærð lóðar gefur tilefni til.
S-14	Samkomuhúsið í Sandgerði	0,5	Svigrúm er fyrir stækkun og endurbætur eins og stærð lóðar gefur tilefni til.
S-15	Samkomuhúsið í Garði	0,4	Svigrúm er fyrir stækkun og endurbætur eins og stærð lóðar gefur tilefni til.
S-16	Miðhús	0,4	Svigrúm er fyrir stækkun og endurbætur eins og stærð lóðar gefur tilefni til.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Stærð (ha)</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
S-17	Byggðasafn Garðskaga	1,4	Svigrúm er fyrir stækkun og endurbætur eins og stærð lóðar gefur tilefni til. Öll uppbygging skal vera lágstemmd og taka mið af yfirbragði staðarins, svo sem hvað varðar skala, ásýnd og yfirbragð. Einnig skal taka mið af náttúru- og menningarminjum sem þar er að finna.
S-19	Björgunarsveitarhúsið í Garði	0,7	Svigrúm er fyrir stækkun og endurbætur eins og stærð lóðar gefur tilefni til.
S-21	Samfélagsþjónusta austan íþróttahúss í Sandgerði	4,6	Svigrúm fyrir uppbyggingu nærþjónustu.
S-22	Sjólyst - Unuhús	0,1	Svigrúm er fyrir stækkun og endurbætur í samræmi við stærð lóðar og sögulegt samhengi hússins.
S-24	Við Sandgerðisskóla	0,1	Svigrúm er fyrir stækkun og endurbætur eins og stærð lóðar gefur tilefni til.
S-25	Leikskóli í Klappa- og Teigahverfi	1,1	Svigrúm er fyrir stækkun og endurbætur eins og stærð lóðar gefur tilefni til.
S-26	Stafnesviti	0,3	Svigrúm er fyrir endurbætur og bætta aðstöðu. Öll uppbygging skal vera lágstemmd og taka mið af yfirbragði staðarins, svo sem hvað varðar skala, ásýnd og yfirbragð sem og náttúru.

22.5 ATHAFNASVÆÐI (AT)

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þunga-flutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

Skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði

Almenn ákvæði

Í deiliskipulagi er leyfilegt að auka eða minnka nýtingarhlutfall á einstökum lóðum, svo framarlega sem heildarbyggingarmagn svæðis sé í samræmi við það sem fram kemur í aðalskipulagi.

Starfsemi sem getur haft í för með sér mengun þarf starfsleyfi skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018. Í þeim tilfellum sem mengandi starfsemi er fyrirhuguð í nálægð við íbúðarbyggð skal framkvæmda- og skipulagsráð meta umsóknir um uppbyggingu athafnastarfsemi m.t.t. landnotkunar á svæðinu, eðli og umfang starfseminnar og með tilliti til nærliggjandi íbúðarbyggðar. Eftir því sem við á skal umhverfismat framkvæmda og/eða áætlaða lagt til grundvallar ákvörðun ráðsins. Telji ráðið að fyrirhuguð starfsemi fari ekki saman við starfsemi sem fyrir er eða nærliggjandi íbúðarbyggð, getur hún hafnað umsókninni eða bent á aðra lóð.

Einstaka framkvæmdir innan athafnasvæða gætu þurft mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021.

Miðað skal við að umgengni sé góð á athafnasvæðum og forðast skal að varningur safnist á lóðir og opin atvinnusvæði. Á jöðrum athafnasvæða skal nýta trjágróður til að draga úr sjónrænum áhrifum þar sem því verður við komið.

Lýsingu skal nálgast á heildrænan hátt þar sem öryggi og velferð íbúa og þeirra sem nýta svæðið er sett í forgrunn. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar, athafna- og vinnusvæði, þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og valdi ekki ljósmengun. Fyrirkomulag lýsingar skal nánar ákveðið í deiliskipulagi.

Á nýjum athafnasvæðum og við endurbætur á eldri athafnasvæðum verði blágrænar ofanvatnslausnir nýttar, þ.e. lausnir sem miða að því að veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn, í stað þess að veita því eingöngu í hið hefðbundna fráveitukerfi.

Sértæk ákvæði			
Auðkenni	Heiti	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
AT-1	Suðursvæði í Sandgerði	6,8	Svigrúm fyrir hreinlega athafnastarfsemi sem fellur vel að aðliggjandi byggð. Heimild fyrir allt að 17.000 m ² húsnæðis, en núverandi flatarmál húsnæðis (nóvember 2022) er um 1.900 m ² . Vísað er til gagna Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Stærð (ha)</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
AT-2	Skálareykjavegur, Útgarðar í Garði	2,1	Svigrúm fyrir hreinlega athafnastarfsemi sem fellur vel að aðliggjandi byggð. Heimild fyrir allt að 4.000 m ² húsnæðis, en núverandi flatarmál húsnæðis (nóvember 2022) er um 2.000 m ² . Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma.
AT-4	Athafnasvæði við Gerðaveg í Garði	0,4	Svæði fyrir matvælavinnslu. Heimild fyrir allt að 1.750 m ² húsnæðis, en núverandi flatarmál húsnæðis (nóvember 2022) er um 1.400 m ² . Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma.
AT-5	Umhverfismiðstöð Garði	0,6	Svæði fyrir umhverfismiðstöð og hreinlega athafnastarfsemi, þar sem krafist er vandaðrar umgengni og/eða að lóðir séu girtar af. Heimild fyrir allt að 1.500 m ² húsnæðis, en núverandi flatarmál húsnæðis (nóvember 2022) er um 420 m ² . Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma.
AT-6	Varir í Garði	2,8	Svigrúm fyrir hreinlega athafnastarfsemi sem fellur vel að aðliggjandi byggð. Heimild fyrir allt að 10.150 m ² húsnæðis, en núverandi flatarmál húsnæðis (nóvember 2022) er um 3.000 m ² . Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma.
AT-7	löngarðar í Garði	15,2	Svigrúm fyrir hreinlega athafnastarfsemi sem fellur vel að aðliggjandi byggð. Heimild fyrir allt að 13.000 m ² húsnæðis, en núverandi flatarmál húsnæðis (nóvember 2022) er um 4.000 m ² . Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma.
AT-8	Rockville-svæðið	52,3	Einkum gert ráð fyrir landfrekri starfsemi sem hefur óverulega mengunarhættu í för með sér, vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði. Lögð verði áhersla á þrífalega og umhverfisvæna starfsemi, s.s. léttan iðnað, nýsköpunarfyrirtæki, gagnaver, matvælaíðnað, vörugeymslur og umboðsverslanir og aðra umhverfisvæna iðnaðarstarfsemi. Íbúðir, hótél og gististaðir eru ekki heimil. Heimild fyrir allt að 240.000 m ² húsnæðis, en engin hús eru á svæðinu nú (nóvember 2022). Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma.
AT-9	Hólmsteinn, Von og Akurhús í Garði	0,5	Svigrúm fyrir hreinlega athafnastarfsemi sem fellur vel að aðliggjandi byggð. Heimild fyrir allt að 2.800 m ² húsnæðis, en vísað er til gagna Fasteignaskrár um núverandi flatarmál húsnæðis.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Stærð (ha)</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
AT-10	Athafnasvæði við Sjávarbraut og Strandgötu í Sandgerði	10,7	Svæði fyrir umhverfismiðstöð og hreinlega athafnastarfsemi, þar sem krafist er vandaðrar umgengni og/eða að lóðir séu girtar af. Heimild fyrir allt að 30.000 m ² húsnæðis, en núverandi flatarmál húsnæðis (nóvember 2022) er um 19.500 m ² . Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma.
AT-11	Athafnasvæði við Gerðaveg í Garði	1,3	Svæði fyrir matvælavinnslu. Heimild fyrir allt að 7.500 m ² húsnæðis, en núverandi flatarmál húsnæðis (nóvember 2022) er rúmlega 6.000 m ² . Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma.
AT-12	Athafnasvæði norðan Vitatorgs í Sandgerði	1,5	Svigrúm fyrir hreinlega athafnastarfsemi sem fellur vel að aðliggjandi byggð. Heimild fyrir allt að 4.500 m ² húsnæðis, en vísað er til gagna Fasteignaskrár um núverandi flatarmál húsnæðis.
AT-13	Fiskhjallar sunnan Garðs	6,3	Svigrúm fyrir hreinlega athafnastarfsemi, svo sem fiskhjalla, sem fellur vel að aðliggjandi svæðum. Ekki er gert ráð fyrir húsum á svæðinu.

22.6 IÐNAÐARSVÆÐI (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Skipulagsákvæði fyrir Iðnaðarsvæði

Almenn ákvæði

Í deiliskipulagi er leyfilegt að auka eða minnka nýtingarhlutfall á einstökum lóðum, svo framarlega sem heildarbyggingarmagn svæðis sé í samræmi við það sem fram kemur í aðalskipulagi.

Starfsemi á iðnaðarsvæðum sem getur haft í för með sér mengun þarf starfsleyfi skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018.

Einstaka framkvæmdir innan iðnaðarsvæða gætu þurft mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Íbúðarbyggð er ekki leyfð á iðnaðarsvæðum. Í þeim tilfellum sem mengandi starfsemi er fyrirhuguð í nálægð við íbúðarbyggð skal framkvæmda- og skipulagsráð meta umsóknir um uppbyggingu iðnaðarstarfsemi m.t.t. landnotkunar á svæðinu, eðli og umfang starfseminnar og með tilliti til nærliggjandi íbúðarbyggðar. Eftir því sem við á skal umhverfismat framkvæmda og/eða áætlana lagt til grundvallar ákvörðun ráðsins. Telji ráðið að fyrirhuguð starfsemi fari ekki saman við nærliggjandi íbúðarbyggð, getur hún hafnað umsókninni eða bent á aðra lóð.

Miðað skal við að umgengni sé góð á iðnaðarsvæðum og forðast skal að varningur safnist á lóðir og opin iðnaðarsvæði. Á jöðrum iðnaðarsvæða skal nýta landmótun, trjágróður eða skjólveggi til að draga úr sjónrænum áhrifum þar sem því verður við komið.

Lýsingu skal nálgast á heildrænan hátt þar sem öryggi og velferð íbúa og þeirra sem fara um svæðið er sett í forgrunn. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar, þannig að lýsingin skapi öryggi en valdi ekki ljósmengun. Fyrirkomulag lýsingar skal nánar ákveðið í deiliskipulagi.

Sértæk ákvæði

Auðkenni	Heiti	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
----------	-------	------------	-----------------

I-4	Iðngarðar í Garði	2,5	Svigrúm fyrir hreinlega starfsemi sem fellur vel að aðliggjandi byggð. Heimild fyrir allt að 7.000 m ² húsnæðis, en núverandi flatarmál húsnæðis (nóvember 2022) er rúmlega 4.000 m ² . Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma.
-----	-------------------	-----	---

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Stærð (ha)</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
I-5	Bergvík	113,7	Heimild fyrir allt að 228.000 m² húsnæðis, en núverandi flatarmál húsnæðis (nóvember 2022) er rúmlega 36.000 m². Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma. Einkum gert ráð fyrir grænum iðnaði, endurvinnslu, hátækniíðnaði og hafnsækinni iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Nánari stefna um landnotkun og nýtingarhlutfall verður mörkuð í sérbreytingu á aðalskipulagi (rammahluti) og deiliskipulagi, með hliðsjón af niðurstöðum Þróunaráætlunar nærumhverfis Keflavíkurflugvallar og endurskoðað svæðisskipulag Suðurnesja liggur fyrir. Við uppbyggingu á svæðinu skal taka sérstakt tillit til náttúru svæðisins og óheimilt er að raska Bergvötnum.
I-6	Skólpdælustöð í Sandgerði	0,3	Svigrúm fyrir skólpdælistöð, hreinsivirki og mannvirkjum þeim tengdum. Taka skal sérstakt tillit til náttúru svæðisins. Heimild fyrir allt að 150 m ² húsnæðis, en vísað er til gagna Fasteignaskrár um núverandi flatarmál húsnæðis.
I-7	Flæðigryfja í Selvík	3,8	Taka skal sérstakt tillit til náttúru svæðisins. Ekki er gert ráð fyrir húsum á svæðinu.
I-8	Skólphreinsistöð við Djúpavík	0,6	Svigrúm fyrir skólpdælistöð, hreinsivirki og mannvirkjum þeim tengdum. Taka skal sérstakt tillit til náttúru svæðisins. Heimild fyrir allt að 200 m ² húsnæðis, en núverandi flatarmál húsnæðis (nóvember 2022) er um 160 m ² . Vísað er til Fasteignaskrár um flatarmál húsnæðis á hverjum tíma.
I-10	Skólphreinsistöð í Garði	0,2	Svigrúm fyrir skólpdælistöð, hreinsivirki og mannvirkjum þeim tengdum. Taka skal sérstakt tillit til náttúru svæðisins. Heimild fyrir allt að 100 m ² húsnæðis, en vísað er til gagna Fasteignaskrár um núverandi flatarmál húsnæðis.
I-11	Jarðgerðarstöð við Djúpavík	0,6	Svæði fyrir jarðgerð, þar sem krafist er vandaðrar umgengni og góðrar ásýndar svæðisins og eftir því sem tök eru á verði dregið úr lyktarmengun frá svæðinu. Heimild fyrir allt að 50 m ² húsnæðis vegna starfsmannaaðstöðu, en vísað er til gagna Fasteignaskrár um núverandi flatarmál húsnæðis.

22.7 EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI (E)



S Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Skipulagsákvæði fyrir Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Almenn ákvæði

Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarminjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við efnistöku, efnisvinnslu og efnislosun.

Ganga skal snyrtilega um efnistökusvæði á meðan á vinnslu stendur, sérstaklega þar sem sýnileiki er mikill eða umhverfið er viðkvæmt.


Verði hlé á notkun efnistökusvæðis eða þegar efnistöku er lokið skal ganga snyrtilega frá framkvæmdasvæðinu eins fljótt og auðið er, þannig að það falli sem best að umhverfi.

Landeiganda er heimil efnistaka til eigin nota, allt að 150 m³ án framkvæmdaleyfis. Efnistöku skal tilkynna til Suðurnesjabæjar sem leiðbeinir um framkvæmd hennar.

Sértæk ákvæði

Auðkenni	Heiti	Gerð	Frágangur skv. námu-skrá Vegagerðarinnar	Umfang (ha)	Skipulagsákvæði
E-4	Austan Sandgerðis	Efnislosun	Ófrágengin	3,8	Efnislosun í samræmi við almenn ákvæði.
E-5	Kolbeinsstaðahæð	Efnislosun	Ófrágengin	0,7	Efnislosun í samræmi við almenn ákvæði.
E-6	Á Miðnesheiði	Efnislosun	Ófrágengin	9,2	Heimil er losun á jarðvegi, mól og grjóti, svo sem efni sem fellur til við framkvæmdir. Losun á mengandi efnum, svo sem úr byggingarúrgangi, er óheimil.

22.8 FRÍSTUNDABYGGÐ (F)



Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Tafla 22.1 Lágmarksfjarlægðir fyrir frístundahús vegna takmarkandi þátta.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð
Landamerki	50 m
Vötn, ár og sjór	50 m
Fornminjar	20 m
Verksmiðjur, loðdýra-, alifugla- og svínabú eða önnur starfsemi sem veldur óþægindum vegna hávaða eða lyktar	500 m
Stofnlagnir veitna	25 m
Stofn- og tengivegir	100 m
Aðrir vegir	50 m

Skipulagsákvæði fyrir frístundabyggð

Almenn ákvæði

Útlit frístundahúsa skal taka mið af umhverfinu, þ.e. náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi, þannig að sérstaða svæðisins skerðist ekki. Er þar átt við stærðarhlutföll, form og efnisnotkun, sem og staðsetningu.

Uppbygging frístundahúsa skal hvorki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum.


Við byggingu stakra frístundahúsa þar sem gömlu þéttbýlishverfin voru skal sérstaklega gætt að minjum um búsetulandslag. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir hvernig tekið er tilliti til þeirra minja.

Við uppbyggingu frístundahúsasvæða skal leitast við að samnýta nauðsynlega innviði eftir því sem kostur er, svo sem veitur, bílastæði, heimreiðar, stíga og útivistarsvæði.

Lýsing við frístundahús verði látlaust og eftir því sem mögulegt er miðar að því að viðhalda myrkurgæðum í dreifbýli.

Sértæk ákvæði			
Auðkenni	Heiti	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
F-1	Nátthagi	10,3	Heimild fyrir allt að þremur nýjum frístundahúsum, í samræmi við almenn ákvæði.
F-2	Frístundabyggð í landi Bala við Stafneshverfi	3,9	Heimild fyrir allt að fjórum nýjum frístundahúsum, í samræmi við almenn ákvæði.

22.9 AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI (AF)



Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Skipulagsákvæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði

Almenn ákvæði

Uppbygging falli vel að náttúru á viðkomandi svæði og raski sé haldið í lágmarki eins og kostur er.

Að vanda skal til mannvirkjagerðar svo sem m.t.t. útlits, varanleika, viðhalds og framtíðarlausna.

Á áfangastöðum ferðamanna verði að jafnaði gert ráð fyrir bílastæðum, upplýsingaskiltum, gönguleiðum og eftir atvikum borðum, bekkjum og salernisaðstöðu.


Lýsing verði látlaus og glýjulaus.

Algild hönnun verði útfærð á afþreyingar- og ferðapjónustusvæðum eftir aðstæðum.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Sértæk ákvæði		Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
Auðkenni	Heiti		
AF-1	Svæði umhverfis Byggðasafnið í Garði	5,7	Stækkað svæði. Á svæðinu er gert ráð fyrir rútubílastæði við aðalaðkomu sem mun nýtast svæði sunnan og norðan Skagabrautar. Þá er svigrúm fyrir tjaldsvæði til austurs ásamt litlu þjónustuhúsi. Ákvæði um ásynd svæðisins, gæði mannvirkja, lita- og efnisval og umgengni, skulu sett í deiliskipulagi. Þar verði einnig skýrð mörk milli einkalóðar og fjöru og annars bæjarlands og gerð grein fyrir legu stíga, gatna, bílastæða og annarra mannvirkja. Öll hönnun taki mið af hækkun sjávarborðs.
AF-2	Áningarstaður við Þórshöfn	1,2	Nýr áningarstaður ferðamanna þar sem gert er ráð fyrir aðkomu af þjóðvegi, bílastæðum og upplýsingaskiltum. Í deiliskipulagi skal auk þess gera grein fyrir göngutengslum við nærliggjandi svæði. Öll uppbygging innviða fyrir ferðapjónustu skal vera hófstíllt og valdi ekki raski á viðkvæmum fjörubúsvæðum. Í deiliskipulagi verði sérstaklega metin þörf á stýringu ferðafólks til að komast hjá að umferð þeirra trufla t.d. fugla á varptíma.
AF-3	Tjaldsvæði í Sandgerði	2,2	Öll uppbygging taki mið af nærliggjandi byggð.
AF-4	Áningarstaður við Gálgaklett og "Dive five"	3,3	Nýr áningarstaður ferðamanna þar sem gert er ráð fyrir aðkomu af þjóðvegi, bílastæðum og upplýsingaskiltum. Í deiliskipulagi skal auk þess gera grein fyrir göngutengslum við nærliggjandi svæði. Öll uppbygging innviða fyrir ferðapjónustu skal vera hófstíllt og valdi ekki raski á viðkvæmum fjörubúsvæðum. Í deiliskipulagi verði sérstaklega metin þörf á stýringu ferðafólks til að komast hjá að umferð þeirra trufla t.d. fugla á varptíma.
AF-5	Skagagarðurinn	0,2	Áningarstaður fyrir ferðamenn þar sem gert er ráð fyrir aðkomu af þjóðvegi, bílastæðum og upplýsingaskiltum o.fl.
AF-6	Áningarstaður sunnan við Hvalsnes	0,6	Nýr áningarstaður ferðamanna þar sem gert er ráð fyrir aðkomu af þjóðvegi, bílastæðum og upplýsingaskiltum. Í deiliskipulagi skal auk þess gera grein fyrir göngutengslum við nærliggjandi svæði. Öll uppbygging innviða fyrir ferðapjónustu skal vera hófstíllt og valdi ekki raski á viðkvæmum fjörubúsvæðum. Í deiliskipulagi verði sérstaklega metin þörf á stýringu ferðafólks til að komast hjá að umferð þeirra trufla t.d. fugla á varptíma.

22.10 ÍPRÓTTASVÆÐI (ÍP)



Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Skipulagsákvæði fyrir íþróttasvæði

Almenn ákvæði

Á íþróttasvæðum er gert ráð fyrir allri þeirri starfsemi sem tengist íþróttum og íþróttaiðkun þar sem m.a. er gert ráð fyrir aðstöðu og skipulagðri starfsemi íþróttafélaganna í Suðurnesjabæ.

Á íþróttasvæðum má gera ráð fyrir öllum mannvirkjum sem tengjast starfsemi viðkomandi svæðis s.s. golfvöllum, grasvöllum, gervigrasvöllum, stúkubyggingum, lýsingu, samkomusölum, félagsaðstöðu o.s.frv.

Nálgað skal lýsingu á íþróttasvæðum svæðum á heildrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð iðkenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun eða truflun í íbúðarbyggð.

Gera má ráð fyrir veitingaaðstöðu og íþróttavöruverslun á íþróttasvæðum.

Við hönnun íþróttasvæða verði, eftir því sem við á, stuðst við algilda hönnun eða aðgengi fyrir alla.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Stærð (ha)</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
Íp-1	Hestamannaaðstaða sunnan Bergvíkur	10,6	Svigrúm til uppbyggingar fyrir allt að 30 hús og mannvirki tengdri hestamennsku.
Íp-2	Íþróttasvæði í Garði	9,8	Svigrúm til uppbyggingar og endurbóta.
Íp-3	Golfvöllur í Leiru	64,3	Svigrúm til uppbyggingar og endurbóta í sátt við náttúru svæðisins.
Íp-4	Kirkjubólsvöllur	39,1	Svigrúm til uppbyggingar og endurbóta í sátt við náttúru svæðisins.
Íp-5	Íþróttavöllur í Sandgerði	3	Svigrúm til uppbyggingar og endurbóta.
Íp-6	Íþróttasvæði austan Kirkjubólsvallar	31,8	Nýtt íþróttasvæði þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu nýrrar íþróttaaðstöðu og íþróttatengdri starfsemi auk þess sem skapað er svigrúm fyrir stækkun Kirkjubólsvallar. Við framkvæmdir á svæðinu skal taka tillit til náttúru- og menningarminja sem kunna að vera á svæðinu. Áður en kemur til framkvæmda verði sérstaklega kannaður þéttleiki fuglavarps á svæðinu og eftir atvikum gripið til mótvægisáðgerða á þeim reitum sem þéttleiki varpsins er mikill.

22.11 KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR (K)



Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.

Skipulagsákvæði fyrir kirkjugarða og grafreiti

Almenn ákvæði

Við viðhald og endurbætur kirkjugarða og grafreita verði, eftir því sem mögulegt er, stuðst við algilda hönnun eða aðgengi fyrir alla.

Sértæk ákvæði

Auðkenni	Heiti	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
K-1	Kirkjugarður að Útskálum í Garði	2,3	Svigrúm er fyrir uppbyggingu og endurbætur í tengslum við kirkjuna.
K-2	Hvalsneskirkjugarður	0,9	Svigrúm er fyrir uppbyggingu og endurbætur í tengslum við kirkjuna og bæjartorfunu. Heimild er fyrir nýrri vegtengingu að svæðinu, enda falli hún vel að landslagi og menningarminjum í Hvalsnesi.

22.12 OPIN SVÆÐI (OP)

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Skipulagsákvæði fyrir opin svæði

Almenn ákvæði

Á opnum svæðum verði sköpuð góð skilyrði til útivistar, svo sem með göngustígum, dvalarsvæðum og leiktækjum. Á helstu viðkomustöðum skulu vera góðar tengingar við göngu- og hjólastíga og góð hjólastæði.

Rík áhersla er á vönduð opin svæði milli þéttbýlisstaðanna Sandgerðis og Garðs, sem lið í að skapa góðar göngutengingar og útivistarsvæði fyrir íbúa sveitarfélagsins og gesti.

Almennt er gert ráð fyrir að mannvirkjagerð sé haldið í haldið í lágmarki á opnum svæðum. Ef til skoðunar eru áform um mannvirki skal við ákvörðun meta hvort þau hafi áhrif á ásýnd svæðis, takmarki útivist, kunni að hafa mengunarhættu í för með sér á grunnvatn og hvort þau geti staðið innan afmarkaðra uppbyggingarsvæða.

Í deiliskipulagi opinna svæða skal sérstaklega hugað að því hvernig stígar falla að landslagi og náttúru.

Á hverfisvernduðum opnum svæðum gilda jafnframt ákvæði hverfisverndar.

Nálgast skal lýsingu á opnum svæðum á heildrænan hátt, þar sem öryggi og velferð fólks er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin skapi öryggi, auki upplifun af útivist og valdi ekki ljósmengun.

Sértæk ákvæði			
Auðkenni	Heiti	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
OP-1	Útivistarsvæði í þéttbýli Garðs	243	Svæði til útivistar í nærumhverfi. Svigrúm fyrir uppbyggingu vegna aðstöðu til leikja, dvalar og útivistar ásamt skjólmyndun með trjárækt. Áhersla á góðar göngutengingar með aðgengi fyrir alla.
OP-2	Útivistarsvæði í þéttbýli Sandgerðis	144,8	Svæði til útivistar í nærumhverfi. Svigrúm fyrir uppbyggingu vegna aðstöðu til leikja, dvalar og útivistar ásamt skjólmyndun með trjárækt. Áhersla á góðar göngutengingar með aðgengi fyrir alla.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Stærð (ha)</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
OP-3	Útivistarsvæði við Langholt	16,7	Svæði til útivistar í nærumhverfi. Svigrúm fyrir uppbyggingu vegna aðstöðu til leikja, dvalar og útivistar ásamt skjólmyndun með trjárækt. Áhersla á góðar göngutengingar með aðgengi fyrir alla.
OP-4	Rósaselsvötn	20,7	Við uppbyggingu á svæðinu skal taka sérstakt tillit til náttúru svæðisins. Óheimilt er að raska Rósaselsvötnum svo sem með losun eða að veita yfirborðsvatni í þau.
OP-5	Útivistarsvæði við Básenda	505,3	Í deiliskipulagi skal gera nánar grein fyrir nauðsynlegum innviðum á svæðinu, svo sem göngu- og hjólaleiðum og reiðleiðum. Öll uppbygging innviða fyrir ferðaþjónustu og útivist skal vera hófstíllt og valdi ekki raski á viðkvæmum fjörubúsvæðum. Í deiliskipulagi verði jafnframt metin þörf á stýringu ferðafólks til að komast hjá því að umferð þeirra trufla t.d. fugla á varptíma.
OP-6	Útivistarsvæði milli Garðs og Sandgerðis	196,9	Svæði til útivistar þar sem heimil er uppbygging vegna aðstöðu til útivistar og skjólmyndun með skógrækt.
OP-7	Krókskotstún-Landakotstún	3,6	Svæði til útivistar í nærumhverfi. Svigrúm fyrir uppbyggingu vegna aðstöðu til leikja, dvalar og útivistar ásamt skjólmyndun með trjárækt. Uppbyggingin taki mið af sérstöðu svæðisins sem felst í túnum og yfirbragði byggðar. Um allt svæðið gildir verndarsvæði í byggð og hluti af svæðinu nýtur hverfisverndar. Uppbygging og verndun haldist í hendur. Ómeðhöndluð opin náttúrusvæði verði varðveitt eins ósnortin og kostur er.
OP-8	Útivistarsvæði í Garði	1,9	Svæði til útivistar í nærumhverfi. Svigrúm fyrir uppbyggingu vegna aðstöðu til leikja, dvalar og útivistar ásamt skjólmyndun með trjárækt. Áhersla á góðar göngutengingar með aðgengi fyrir alla. Reiknað er með að á skipulagstímabilinu verði efnislosun hætt á svæðinu og landið mótað með tilliti til útivistar.
OP-9	Loftslagsgryfjan í Sandgerði	7,1	Fjölskyldusvæði með áherslu á útivist, trjárækt og skjólmyndun.
OP-10	Miðbæjargarður í Garði	0,4	Skrúðgarður í tengslum við miðbæ. Leiksvæði og dvalarsvæði. Trjárækt, skjólmyndun og góðar göngutengingar með áherslu á aðgengi fyrir alla.
OP-11	Vestan Bergvíkur	85,4	Svæði til útivistar þar sem heimil er uppbygging vegna aðstöðu vegna hestamennsku og til annarrar útivistar, svo og skjólmyndun með skógrækt.

22.13 HAFNIR (H)



Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

Skipulagsákvæði fyrir hafnir

Almenn ákvæði

Svigrúm er fyrir viðhald og endurbætur á hafnarmannvirkjum.

Nýjar byggingar skulu taka mið af einkennum núverandi byggðar á og við hafnarsvæðið.

Í deiliskipulagi er leyfilegt að auka eða minnka nýtingarhlutfall á einstökum lóðum, svo framarlega sem heildarbyggingarmagn svæðis sé í samræmi við það sem fram kemur í aðalskipulagi.

Ekki er leyfð íbúðabyggð á hafnarsvæðum, nema íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja.

Heimilt er að byggja upp aðstöðu tengda starfsemi á höfninni, svo sem veitingaþjónustu, hreinlætisaðstöðu og sturtur.

Starfsmannabústaðir eru háðir samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Ef um starfsleyfisskylda starfsemi er að ræða skal sérstaklega hugað að landnotkun aðliggjandi lóða og núverandi byggðar.

Lýsingu skal nálgast á heildrænan hátt þar sem öryggi og velferð íbúa og þeirra sem fara um svæðið er sett í forgrunn. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar og hafnarmannvirki, þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni hafnarsvæðisins en valdi ekki ljósmengun.

Sértæk ákvæði

Auðkenni Heiti

Stærð (ha)

Skipulagsákvæði

H-1

Sandgerðishöfn

10,3

Við framkvæmdir á hafnarsvæðinu, svo sem við stækkun hafnarinnar, skal huga að áhrifum stækkunar á mikilvæg fjörubúsvæði í og við hafnarsvæðið. Sérstaklega skal huga að áhrifum á viðkomustaði farfugla og vetrardvalarstöðvar sjaldgæfra vetragesta hér á landi, svo sem fjöruspóa.

Heimild er fyrir uppbyggingu á útsýnisstaða fyrir ferðamenn á hafnarsvæðinu og skulu þeir útfærðir á þann hátt að ekki valdi truflun á hefðbundinni starfsemi hafnarinnar.

22.14 LANDBÚNAÐARSVÆÐI (L)



Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Tafla 22.2 Takmarkandi þættir við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum.

Takmarkandi þáttur	Lágmarks fjarlægð	Undantekningar
Landamerki	50 m	Sameiginleg uppbygging aðliggjandi jarða Jarðhitaleitarholur
Vötn, ár og sjór	50 m	Smávatnsvirkjanir Jarðhitaleitarholur
Friðlýstar fornminjar	100 m	Uppbygging til verndar minjum
Friðaðar fornminjar	15 m	Uppbygging til verndar minjum
Veitulagnir	25 m	Byggingar tengdar veitum.
Stofn- og tengivegir	100 m	Jarðhitaleitarholur

Skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði

Almenn ákvæði

Gert er ráð fyrir landbúnaði og ekki er heimilt að ráðstafa landinu í aðra nýtingu. Leiðbeiningarnar Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins um flokkun landbúnaðarlands, og þau viðmið sem þar er að finna, verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu lands á landbúnaðarsvæðum. Í leiðbeiningunum eru sett fram viðmið fyrir flokkun landbúnaðarlands þar sem m.a. eru skilgreindir fjórir gæðaflokkar landbúnaðarlands:

- I. Mjög gott ræktunarland.
- II. Gott ræktunarland.
- III. Sæmilegt ræktunarland.
- IV. Lélegt ræktunarland.

Flokkun landbúnaðarlands skal framkvæmd við gerð deiliskipulags á landbúnaðarsvæðum og þegar land er tekið úr landbúnaðarnotum. Við breytingar á landnotkun á landbúnaðarsvæðum verði landbúnaðarland einnig flokkað með tilliti til hæfni til ræktunar.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Á skipulagstímabilinu verði hafin vinna við flokkun landbúnaðarlands í sveitarfélaginu með sérstaka áherslu á þau svæði þar sem eru tún eða land sem hentar sérstaklega vel til ræktunar sbr. gæðaflokka I og II skv. leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar. Einnig verði áhersla á svæði þar sem fyrirhuguð er uppbygging eða áform eru um skógrækt. Suðurnesjabær mun fara í ofngreinda vinnu við flokkun landbúnaðarlands á fyrri hluta skipulagstímabilsins, þ.e. 2024-2028. Gerður er fyrirvari á því að opinber grunngögn séu fullnægjandi til að byggja á við flokkunina. Þegar flokkun landbúnaðarlands er lokið skal aðalskipulaginu breytt með tilliti niðurstöðu flokkunarinnar.

Landeigendum er heimilt að nýta land sitt, s.s. með beit, útivist, dúntekju, veiðum og skógrækt.

Öll uppbygging og starfsemi taki mið af því að viðhalda landslagsgæðum og góðri ásýnd lands.

Heimilt er að byggja mannvirki sem tengjast landbúnaði á landbúnaðarsvæðum. Auk þess er heimilt að byggja allt að tveimur íbúðarhúsum á jörð á jörðum 30 ha eða stærri.

Á jörðum sem eru 30 ha eða stærri er heimild fyrir allt að þremur frístundahúsum á hverri jörð. Hámarksstærð nýrra frístundahúsa er 100 m² og skulu þau reist utan ræktaðs lands.

Minni háttar mannvirki eru heimil, svo sem fjarskiptamöstur (allt að 10 m há), litlar vindmyllur (að hámarki þrjár myllur á jörð, allt að 10 m háar og minnst 1 km frá íbúðar- eða frístundahúsi á aðliggjandi jörð), sólarcellur til eigin nota og mannvirki tengd fiskverkun. Öll slík mannvirki taki þó mið af almennum hæðartakmörkunum vegna Keflavíkurflugvallar og Veðurradars norðan flugvallar.

Ekki má skerða náttúruvirkni sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd.

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
L-1	Landbúnaðarsvæði milli Garðs og Sandgerðis, 125,9 ha	Svæðið er að hluta til innan hverfisverndarsvæðis HV-1 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar. Uppbygging skal vera í samræmi við almenn ákvæði.
L-2	Landbúnaðarland í þéttbýli Sandgerðis, 23,2 ha	Heimilt er að nýta land til ræktunar auk gróðrarstöðvar og mannvirki því tengt. Ný mannvirki taki mið af aðliggjandi íbúðarbyggð hvað varðar eðli og umfang starfseminnar, svo og losun og mengun sem hún kann að valda.
L-3	Landbúnaðarsvæði sunnan Sandgerðis, 299,9 ha	Svæðið er að hluta til innan hverfisverndarsvæðis HV-2 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar. Uppbygging skal vera í samræmi við almenn ákvæði.
L-4	Landbúnaðarsvæði austan við Garð, 28,4 ha	Svæðið er að hluta til innan hverfisverndarsvæðis HV-5 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar. Uppbygging skal vera í samræmi við almenn ákvæði.

22.15 SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI (SL)



Samkvæmt skipulagsreglugerð eru skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) svæði fyrir skógrækt, landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Tafla 22.3 Lágmarksfjarlægð á milli takmarkandi þátta og skógræktar.

<i>Takmarkandi þáttur</i>	<i>Lágmarks fjarlægð</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
Landamerki	-	Á þessu svæði skal landeigandi hafa samráð við landeiganda aðliggjandi jarðar vegna skógræktar.
Vötn, ár og sjór	-	Ekki þétt skógrækt við vatns-, árbakka og sjó. Heimilt að láta jaðar nærliggjandi skógræktar þynnast út í átt að vötnum, ám og sjó.
Friðlýstar fornminjar	100 m	Hvers konar röskun fornleifa er óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.
Friðaðar fornleifar	15 m	Hvers konar röskun fornleifa er óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.
Veitulagnir	Sjá kafla 22.22	Sjá töflur í kafla 22.22
Stofnvegir, tengivegir og aðrir vegir	15-30 m	Ekki skógrækt á 30 m breiðu svæði frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80 / 2007. Þar sem líkur er á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin. Sjá einnig kafla um samgöngur.

Skipulags ákvæði fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði

Almenn ákvæði

Meta skal hvort ný skógræktarsvæði hafi áhrif á varp mófugla og á vistgerðir með hátt verndargildi.

Svigrúm er fyrir skógrækt til útivistar, skjóls og landbóta. Einnig fyrir skilgreind trjáræktunarsvæði eða „tree nursey“.

Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
SL-2	Rósaselsvötn, skógrækt við Rósaselstorg, allt að 3 ha að stærð	Skógrækt á svæðinu skal taka sérstakt tillit til náttúru og landslags svæðisins, einkum við Rósaselsvötn. Einnig skal forðast að rýra kjörlendi mófugla.
SL-3	Langholt, skógrækt allt að 5 ha stærð	Svæði fyrir útivistarskóg.

22.16 ÓBYGGÐ SVÆÐI (ÓB)

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði

Almenn ákvæði

Mannvirkjum skal haldið í lágmarki.

Fjarskiptamannvirki (s.s. endurvarpsstöðvar) eru heimiluð á opnum óbyggðum svæðum í samræmi við deiliskipulag eða að undangenginni grenndarkynningu, þar sem það á við. Öll slík mannvirki skulu þó vera í samræmi við almennar hæðartakmarkanir vegna Keflavíkurflugvallar og Veðurradars norðan flugvallar.

Skógrækt er ekki heimil á óbyggðum svæðum.

Innviðir, svo sem gönguleiðir og veitur, eru sýndir með viðeigandi táknum á óbyggðum svæðum á skipulagsupprætti.

Á óbyggðum svæðum eru ýmsar takmarkanir sem m.a. tengjast náttúruvernd, vatnsvernd og minjavernd. Sjá nánar í kafla 23 um verndarákvæði.

Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við leyfisveitingar á óbyggðum svæðum.

Sértæk ákvæði

Auðkenni

Lýsing

Skipulagsákvæði

ÓB-1

Óbyggð svæði í Suðurnesjabæ, alls um 3887,3 ha

Um svæðið gilda almenn ákvæði fyrir óbyggð svæði auk ákvæða um takmörkun á landnotkun, þ.e. hverfisverndar, ákvæði varúðarsvæða (VA-1 til VA-3) og fjar-, nær- og brunnsvæði vatnsverndar (VF-1, VG-1 og VB-2) á afmörkuðum svæðum. Einnig varnar- og öryggissvæði (VÖ-3).

22.17 VÖTN, ÁR OG SJÓR (V)



Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.

Skipulagsákvæði fyrir vötn, ár og sjó

Almenn ákvæði

Ekki er heimilt að gera breytingar á vatnsflötum vatna og tjarna. Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki og varnir gegn ágangi sjávar og nær vötnum, ám og sjó en 50 m, sbr. 5.3.2.14. gr. í skipulagsreglugerð.

Óheimilt er að byggja á þekktum flóðasvæðum við vötn og sjó, nema byggðar séu sjóvarnir sem koma í veg fyrir flóðahættu.

Á lágsvæðum nálægt sjó skal hafa samráð við Vegagerðina um ákvörðun lægstu gólfhæða bygginga, sbr. 5.3.2.18. gr. í skipulagsreglugerð.

Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
V-1	Vötn í Suðurnesjabæ, alls um 25,2 ha	Vötn og tjarnir haldist í sem náttúrulegustu ástandi án inngripa mannsins.

22.18 STRANDSVÆÐI (ST)



Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

Skipulagsákvæði fyrir strandsvæði

Almenn ákvæði

Við uppbyggingu útivistaraðstöðu, sjóvarna og göngustíga á strandsvæðum skal gætt að álagi á lífríki og ástand viðkvæmra staða vaktað. Halda skal strönd, fjöllum og grunnsævi í náttúrulegu ástandi eins og kostur er og nýting auðlinda strandarinnar skal vera sjálfbær.

Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
ST-1	Strandsvæði í Suðurnesjabæ	Strandsvæði í Suðurnesjabæ eru um 592 ha og um það gilda almenn ákvæði fyrir strandsvæði. Strandsvæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV-1, HV-2, HV-3, HV-4 og HV-5 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar.

22.19 VARNAR- OG ÖRYGGISVÆÐI (VÖ)



Svæði innan sveitarfélags þar sem ráðherra sem fer með málefni varnar- og öryggissvæða fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála, sbr. 8. gr. skipulagslaga.

Skipulagsákvæði fyrir varnar- og öryggissvæði

Almenn ákvæði

Ráðherra er fer með málefni varnar- og öryggissvæða fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á varnar- og öryggissvæðum eins og þau eru skilgreind í varnarmálalögum og lögum um um svæðaskiptingu Keflavíkurflugvallar. Leita skal samráðs við ráðherra, þ.e. Landhelgisgæsluna vegna framkvæmda á og við varnar- og öryggissvæði. Skv. lögum um mannvirki, gefur Mannvirkjastofnun í umboði utanríkisráðherra út byggingar- og framkvæmdaleyfi á varnar- og öryggissvæðum.

Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
VÖ-1	Ratsjástöð á Miðnesheiði. Ratsjástöð Landhelgisgæslunnar H1	Umhverfis ratsjástöðina hefur verið markað u.þ.b. 13,8 ha svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir sérstökum framkvæmdum eða mannvirkjum. Leita ber umsagnar Landhelgisgæslunnar vegna mannvirkjagerðar í nánd við ratsjástöð H1. Hafa skal samráð við Landhelgisgæsluna áður en veitt eru byggingarleyfi fyrir mannvirkjum sem eru hærri en 45,42 m y.s. og fara því yfir sjónlínu ratsjástöðvarinnar. Byggingar sem ætlað er að málmklæða skulu vera bárujárnsklæddar, með sléttan flöt á milli klæðninga sem er minni en 8½". Takmarkaðar heimildir eru til notkunar annarra málmklæðninga.
VÖ-2	Olúbirgðastöð í Helguvík	Öryggissvæði í Helguvík, um 20 ha, sbr. varnarmálalög nr. 34/2008, lög um svæðaskiptingu Keflavíkurflugvallar 176/2006 og auglýsingu um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða nr. 964/2021.
VÖ-3	Olíulögn milli Keflavíkurflugvallar og Helguvíkur	Öryggissvæði í Helguvík, um 4,6 ha, sbr. varnarmálalög nr. 34/2008, lög um svæðaskiptingu Keflavíkurflugvallar 176/2006 og auglýsingu um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða nr. 964/2021. Helgunarsvæði olíulagnarinnar eru 10 m, þ.e. 5 m beggja vegna lagnarinnar.

22.20 FLUGVELLIR (FV)



Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Skipulagsákvæði fyrir flugvelli

Sértæk ákvæði

Auðkenni

Lýsing

Skipulagsákvæði

FV1

Svæði norðan Keflavíkurflugvallar. Fyrirhuguð stækkun á flugvallarsvæði A innan sveitarfélagsmarka Suðurnesjabæjar

Svæði vegna nýrrar N-S flugbrautar á Keflavíkurflugvelli, um 130,3 ha. Svæði fyrir aðflugsljósabúnað, flugleiðsögubúnað, öryggissvæði o.fl. við enda flugbrautarinnar. Uppbygging annarra mannvirkja er óheimil.

22.21 VEGIR, GÖTUR OG STÍGAR (VE)



Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.

Skipulagsákvæði fyrir vegi, götur og stíga

Almenn ákvæði

Mikilvægt er að vegir og stígar falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum og menningarminjum verði hlíft eins og kostur er. Ganga skal frá yfirborði lands og jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forms.

Forðast ber að skerða náttúruferðir sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjar skv. lögum um menningarminjar.

Við hönnun ofanbyggðarvegur í Garði skal tryggja öruggar og góðar þveranir um veginn fyrir gangandi og hjólandi umferð.

Virða skal helgunarsvæði vega á vegum Vegagerðarinnar. Byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu tengivega nema leyfi Vegagerðarinnar komi til. Tengingar við vegi í veghaldi Vegagerðarinnar eru háðar leyfi hennar.

Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
VE-SV-1	Reykjanesbraut (41)	Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar.
VE-SV-2	Garðskagavegur (45)	Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar. Sunnan Sandgerðis er svigrúm til endurbóta.
VE-SV-3	Miðnesheiðarvegur (423)	Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar.
VE-SV-4	Sandgerðisvegur (429)	Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar.
VE-SV-5	Nýr Þjóðvegur	Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar.
VE-TV-1	Byggðavegur í Sandgerði	Svigrúm er til endurbóta.
VE-TV-2	Skagabraut í Garði	Svigrúm er til endurbóta.
VE-TV-3	Gerðavegur í Garði	Svigrúm er til endurbóta.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

VE-TV-4	Ofanbyggðavegur í Garði	Nýr vegur í Garði sem ætlað er að léttu á umferð í gegnum þéttbýlið. Við framkvæmdir skal taka sérstakt tillit til náttúru- og menningarminja sem eru á svæðinu. Áður en kemur til uppbyggingar verði sérstaklega metin áhrif framkvæmda á viðkvæm gróðurlendi og fuglavarpi. Eftir atvikum verði gripið til mótvægisáðgerða sem gæti m.a. falist í vistheimt í stað þess gróðurlendis sem tapast. Við hönnun skal tryggja öruggar og góðar þveranir um veginn fyrir gangandi og hjólandi umferð.
VE-TV-5	Vegur norðan Keflavíkurflugvallar	Nýr vegur vegna þjónustu við mannvirki tengdum Keflavíkurflugvelli.
VE-TV-6	Á Miðnesi	Vegur vegna efnislosunar og umferð um Miðnes.
VE-TV-7	Garðskagavegur	Kafla Garðskagavegar. Svigrúm er til endurbóta.
VE-GH-1	Göngu- og hjólaleið í þéttbýli Sandgerðis	Nálgast skal lýsingu stíganna á heilðrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun eða truflun á nærliggjandi íbúðarbyggð.
VE-GH-2	Göngu- og hjólaleið milli Sandgerðis og Garðs	Nálgast skal lýsingu stíganna á heilðrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun eða truflun dýralífi.
VE-GH-3	Göngu- og hjólaleið í þéttbýli Garðs	Nálgast skal lýsingu stíganna á heilðrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun eða truflun á nærliggjandi íbúðarbyggð.
VE-GH-4	Göngu- og hjólaleið frá Garði að Rósaselstorgi	Nálgast skal lýsingu stíganna á heilðrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun.
VE-GH-5	Göngu- og hjólaleið frá Garði að Reykjanesbæ	Nálgast skal lýsingu stíganna á heilðrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun.
VE-GH-6	Göngu- og hjólaleið með Ofanbyggðavegi í Sandgerði	Nálgast skal lýsingu stíganna á heilðrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun.
VE-GH-7	Göngu- og hjólaleið frá flugvelli að Reykjanesbæ	Nálgast skal lýsingu stíganna á heilðrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun.
VE-GH-8	Sandgerðisstígur	Nálgast skal lýsingu stíganna á heilðrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun.

VE-GL-1	Strandstígur í þéttbýli Sandgerðis	Vanda skal hönnun og val á legu göngustíga við ströndina og forðast skal að raska verðmætum fjöruvistgerðum. Einnig skal forðast að hafa stíga of nálægt varp- og dvalarstöðum fugla. Heimild er fyrir staðsetningu hreystitækja við stíginn en hönnun þeirra og staðsetning skal falla að landslagi og valda sem minnstri truflun á búsvæðum við ströndina. Nálgast skal lýsingu stíganna á heilðrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð gangandi vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun eða truflun á dýralífi strandsvæðanna. Gönguleiðin er að hluta innan hverfisverndarsvæðis HV-3 og skulu allar framkvæmdir á þeim svæðum taka mið af ákvæðum hverfisverndar.
VE-GL-2	Strandstígur milli Sandgerðis og Garðs	Vanda skal hönnun og val á legu göngustíga við ströndina og forðast skal að raska verðmætum fjöruvistgerðum. Einnig skal forðast að hafa stíga of nálægt varp- og dvalarstöðum fugla. Nálgast skal lýsingu stíganna á heilðrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð gangandi vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun eða truflun á dýralífi strandsvæðanna. Gönguleiðin er innan hverfisverndarsvæðis HV-1 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar.
VE-GL-3	Strandstígur í þéttbýli Garðs	Vanda skal hönnun og val á legu göngustíga við ströndina og forðast skal að raska verðmætum fjöruvistgerðum. Einnig skal forðast að hafa stíga of nálægt varp- og dvalarstöðum fugla. Nálgast skal lýsingu stíganna á heilðrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð gangandi vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun eða truflun á dýralífi strandsvæðanna. Gönguleiðin er innan hverfisverndarsvæðis HV-5 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar.
VE-GL-4	Gönguleiðir í þéttbýli Sandgerðis	Nálgast skal lýsingu stíganna á heilðrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð gangandi vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun eða truflun á dýralífi strandsvæðanna. Gönguleiðin er að hluta til innan hverfisverndarsvæðis HV-4 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

VE-GL-5	Gönguleiðir í þéttbýli Garðs	Nálgast skal lýsingu stíganna á heildrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð gangandi vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun eða truflun á dýralífi strandsvæðanna. Gönguleiðin er að hluta til innan hverfisverndarsvæðis HV-5 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar.
VE-GL-6	Strandstígur frá Sandgerði að Ósi	Öll uppbygging innviða skal vera hófstíllt og valdi ekki raski á viðkvæmum fjörubúsvæðum. Í deiliskipulagi verði metin þörf sé á stýringu til að komast hjá að umferð fólks valdi ekki truflun. Vanda skal hönnun og val á legu göngustíga við ströndina og forðast skal að raska verðmætum fjöruvistgerðum. Einnig skal forðast skal að hafa stíga of nálægt varp- og dvalarstöðum fugla. Nálgast skal lýsingu stíganna á heildrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð gangandi vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun eða truflun á dýralífi strandsvæðanna. Gönguleiðin er innan hverfisverndarsvæðis HV- 2 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar.
VE-GL-7	Göngustígar milli Sandgerðis og Garðs	Nálgast skal lýsingu stíganna á heildrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð gangandi vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun eða truflun.
MP-1	Undir nýjan þjóðveg til móts við Golfvöll	Undirgöng gönguleiðar undir þjóðveg. Huga skal að öryggi og velferð gangandi vegfarenda við leiðarval og hönnun mannvirkis. Tryggja skal aðgengi fyrir alla. Miða ber að því að lýsing valdi ekki ljósmengun.
MP-2	Undir nýjan þjóðveg við Sandgerðisveg	Undirgöng gönguleiðar undir þjóðveg. Huga skal að öryggi og velferð gangandi vegfarenda við leiðarval og hönnun mannvirkis. Tryggja skal aðgengi fyrir alla. Miða ber að því að lýsing valdi ekki ljósmengun.
MP-3	Undir Garðskagaveg við Golfvöll	Undirgöng gönguleiðar undir þjóðveg. Huga skal að öryggi og velferð gangandi vegfarenda við leiðarval og hönnun mannvirkis. Tryggja skal aðgengi fyrir alla. Miða ber að því að lýsing valdi ekki ljósmengun.
VE-RL-1	Reiðleiðir	Uppbygging í samræmi við almenn ákvæði.

22.22 VEITUR OG HELGUNARSVÆÐI (VH)



Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.

Tafla 22.4 Helgunarsvæði strengja.

Línustærð	Helgunarsvæði	Skipulagsákvæði
Jarðstrengir almennt	Öryggissvæði miðast við skurðbreidd 3,5 m athafnasvæði til beggja hliða	Innan öryggissvæðis er óheimilt að byggja, grafa eða raska jarðvegi. Á landbúnaðarsvæðum er jarðvinna á efstu 0,30 m þó heimil. Óheimilt að reisa mannvirki innan athafnasvæðis. Eftirfarandi takmarkanir gilda um þau svæði: Öryggissvæði: - Byggingarbann gildir. - Öll röskun er óheimil að frátöldum efstu 30 cm á ræktuðu landbúnaðarlandi. - Hafa þarf samráð við Landsnet um lagningu hvers kyns lagna- eða vegslóða sem þvera strengleið. - Plöntun hvers kyns trjágróðurs er óheimil. - Rætur trjágróðurs mega ekki ná inn á svæðið. - Niðurrekstur girðingastaura er óheimill innan svæðis. Athafnasvæði: - Byggingarbann gildir. - Öll röskun lands að frátöldum efstu 30 cm á ræktuðu landbúnaðarlandi þarf að vera í samráði við Landsnet. - Þar sem girðingar þvera strengleiðina, eru girðingastaurar heimilir innan athafnasvæðisins í samráði við Landsnet. - Plöntun trjáplantna með djúpstæðar og/eða ágengar rætur er óheimil, t.d. aspir, greni, lerki og furur.
Jarðstrengir 132 kV	4 m öryggissvæði ofan á streng og utan við það athafnasvæði 3,5 m til beggja handa. Helgunarsvæði samtals 11 m	

Línustærð	Helgunarsvæði	Skipulagsákvæði
		Aðgengi til viðgerða á strengnum þarf að vera tryggt en umferð tækja til viðgerða í bilanatilfellum er í samráði við landeigenda.

Tafla 22.5 Lágmarksfjarlægð framkvæmdasvæða frá veitulögnum.

Takmarkandi þáttur	Lágmarks fjarlægð	Skipulagsákvæði
Skógrækt	<i>Háspennulínur</i> Breytilegt sbr. Tafla 22.4 <i>Aðrar veitulagnir</i> 1,5 m <i>Háspennulínur</i> Breytilegt sbr. Tafla 22.4	Skógrækt er ekki heimil innan uppgefinna marka, sbr. kafla um Skógræktar- og landgræðslusvæði.
Frístundahús	<i>Aðrar veitulagnir</i> 4 m	Taka skal tillit til lágmarksfjarlægðar við staðsetningu frístundahúsa, sbr. kafla um Frístundahús.
Uppbygging á landbúnaðar-svæðum	<i>Háspennulínur</i> Breytilegt sbr. Tafla 22.4 <i>Aðrar veitulagnir</i> 4 m	Taka skal tillit til lágmarksfjarlægðar við alla uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum. Undantekning eru byggingar tengdar veitum, sbr. kafla um Landbúnaðarsvæði.

Skipulagsákvæði fyrir veitur og helgunarsvæði

Almenn ákvæði

Allar raflínur í þéttbýli verði jarðstrengir.

Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Ganga skal frá yfirborði lands og allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forms.

Forðast ber að skerða náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjar skv. lögum um menningarminjar.

Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið við framkvæmdir.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Innan öryggissvæðis jarðstrengja er trjárækt og allar framkvæmdir bannaðar. Meðfram öryggissvæðinu er athafnasvæði og þar gildir byggingarbann. Virða skal öryggissvæði jarðstrengja og annarra lagna og tryggja nægt athafnasvæði utan við það.

Við staðarval fráveitu og umfang þarf að taka tillit til umhverfispáttá s.s. lífríki sjávar og strandlengju og ásýndar.

Áform um uppbyggingu fráveitu á Ásbrú norður skal vinna í samráði við Reykjanesbæ, Keflavíkurflugvöll og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Uppfæra þarf framkvæmdaáætlun um fráveitu í sveitarfélaginu. Ráðgert er að sú endurskoðun fari fram á fyrri hluta skipulagstímabilsins.

Framkvæmdaáætlun mun gera grein fyrir nauðsynlegum framkvæmdum, umfangi og forgangs röðun þeirra.

Blágrænar ofanvatnslausnir verði innleiddar í þéttbýlinu í Garði og Sandgerði, þ.e. lausnir sem miða að því að veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn, í stað þess að veita því eingöngu í hið hefðbundna fráveitukerfi. Mótað verði heildarskipulag slíkra lausna fyrir þéttbýlið.

Auðkenni	Heiti	Skipulagsákvæði
VH-HV-1	Stofnlögn hitaveitu í Garði	Svigrúm til endurbóta og viðhalds. Við framkvæmdir á svæðinu skal hafa samráð við umráðanda veitunnar.
VH-HV-2	Stofnlögn hitaveitu í Sandgerði	Svigrúm til endurbóta og viðhalds. Við framkvæmdir á svæðinu skal hafa samráð við umráðanda veitunnar.
VH-VV-1	Stofnlögn vatnsveitu í Garði	Svigrúm til endurbóta og viðhalds. Við framkvæmdir á svæðinu skal hafa samráð við umráðanda veitunnar.
VH-VV-2	Stofnlögn vatnsveitu í Sandgerði	Svigrúm til endurbóta og viðhalds. Við framkvæmdir á svæðinu skal hafa samráð við umráðanda veitunnar.
VH-FV-1	Útrás í Djúpavík	Útrás Isavia frá Keflavíkurflugvelli í Djúpavík sunnan Stafnes. Svigrúm er fyrir endurbætur, en gæta skal að áhrifum framkvæmda á verðmæt fjörusvæði.
VH-FV-2	Útrás við Norðurgarð í Sandgerði	Útrás norðan hafnarsvæðisins í Sandgerði. Svigrúm er fyrir endurbætur, en gæta skal að áhrifum framkvæmda á verðmæt fjörusvæði.
VH-FV-3	Útrás við Býsker í Sandgerði	Útrás á móts við Býsker í Sandgerði. Svigrúm er fyrir endurbætur, en gæta skal að áhrifum framkvæmda á verðmæt fjörusvæði.
VH-FV-4	Útrás við Útskála í Garði	Útrás við Útskála í Garði. Svigrúm er fyrir endurbætur, en gæta skal að áhrifum framkvæmda á fjörusvæði og ásýnd lands á framkvæmdatímanum.
VH-FV-6	Útrás sunnan hafnarsvæðis í Garði	Útrás sunnan við gamla hafnarsvæðið í Garði. Svigrúm er fyrir endurbætur, en gæta skal að áhrifum framkvæmda á fjörusvæði og ásýnd lands á framkvæmdatímanum.
VH-FV-7	Útrás við Leiruhólma	Útrás við Leiruhólma á móts við Leiru. Svigrúm er fyrir endurbætur, en gæta skal að áhrifum framkvæmda á fjörusvæði og ásýnd lands á framkvæmdatímanum.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

VH-RN-1	33 kV háspennulínur frá Uppsalahæð að Sandgerði	Svigrúm til endurbóta og viðhalds. Við framkvæmdir á svæðinu skal hafa samráð við umráðanda veitunnar.
VH-RN-2	33 kV háspennulínur frá Uppsalahæð að Garði	Svigrúm til endurbóta og viðhalds. Við framkvæmdir á svæðinu skal hafa samráð við umráðanda veitunnar.
VH-RN-3	33 kV háspennulínur frá Uppsalahæð að ratsjástöð H1	Svigrúm til endurbóta og viðhalds. Við framkvæmdir á svæðinu skal hafa samráð við umráðanda veitunnar.
	Fitjalína 2 – 132 háspennustrengur frá Fitjum að Bergvík/Helguvík í eigu og rekstri Landsnets	Svigrúm til endurbóta og viðhalds. Við framkvæmdir á svæðinu skal hafa samráð við umráðanda veitunnar.
	Suðurnesjalína 2	Uppbygging línunnar taki mið af umhverfimati framkvæmdarinnar.
	Olíulögn milli Keflavíkurflugvallar og Helguvíkur	10 m helgunarsvæði, þ.e. 5 m á báða vegu. Svigrúm til endurbóta og viðhalds. Við framkvæmdir á svæðinu skal hafa samráð við umráðanda veitunnar.

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

23 VERNDARÁKVÆÐI

Auk þeirrar stefnu um landnotkun sem fram kemur með reitaskiptingu í kafla um landnotkun, gilda takmarkanir af ýmsum ástæðum. Um er að ræða friðun og verndun hvers konar vegna náttúrufars, menningarminja og auðlinda og ákvæði vegna hættu af hugsanlegri náttúruvá.

Svæði þar sem takmarkanir gilda eru sýnd með punktum og/eða mismunandi yfirstrikuðum reitum á skipulagsuppdraetti. Hættusvæði vegna ofanflóða eru sýnd með hættumatslínunum Veðurstofunnar.

23.1 NÁTTÚRUVÁ (NV)

Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

Viðbótarákvæði vegna náttúruvár

Almenn ákvæði

Byggð svæði og svæði þar sem til staðar eru dýrmæt mannvirki eða menningarminjar skulu að jafnaði njóta forgangs við gerð sjóvarna, segir í lögum um sjóvarnir nr. 28/1997.

Heimilt er að viðhalda og gera endurbætur á sjóvörnum, en þó í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um lífríki og landslag og menningar- og búsetuminjar og ákvæði um hverfisvernd.

Sértæk ákvæði

Auðkenni	Heiti	Stærð(ha)	Skipulagsákvæði
NV-1	Stafnes	9,1	Landnotkun og nýting lands taki mið af hættu vegna sjávarflóða. Ekki er gert ráð fyrir íbúðarbyggð innan svæðisins.
NV-2	Nesjar	13,3	Landnotkun og nýting lands taki mið af hættu vegna sjávarflóða. Ekki er gert ráð fyrir íbúðarbyggð innan svæðisins.
NV-3	Setberg	18,5	Landnotkun og nýting lands taki mið af hættu vegna sjávarflóða. Ekki er gert ráð fyrir íbúðarbyggð innan svæðisins.
NV-4	Fitjar	8,2	Landnotkun og nýting lands taki mið af hættu vegna sjávarflóða. Ekki er gert ráð fyrir íbúðarbyggð innan svæðisins.
NV-5	Þóroddsstaðir	11,7	Landnotkun og nýting lands taki mið af hættu vegna sjávarflóða. Ekki er gert ráð fyrir íbúðarbyggð innan svæðisins.
NV-6	Kirkjuból	2,8	Landnotkun og nýting lands taki mið af hættu vegna sjávarflóða. Ekki er gert ráð fyrir íbúðarbyggð innan svæðisins.

Sértæk ákvæði			
Auðkenni	Heiti	Stærð(ha)	Skipulagsákvæði
NV-7	Nýlenda og Hvalsnes	16,9	Landnotkun og nýting lands taki mið af hættu vegna sjávarflóða. Ekki er gert ráð fyrir íbúðarbyggð innan svæðisins.
VG-SJ-1	Sjóvörn í Garði		Leitast skal við að halda raski á viðkvæmum fjörubúsvæðum í lágmarki. Tryggja skal að framkvæmir valdi sem minnstum truflunum í umhverfinu. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar og náttúruverndar.
VG-SJ-2	Sjóvörn í Sandgerði		Leitast skal við að halda raski á viðkvæmum fjörubúsvæðum í lágmarki. Tryggja skal að framkvæmir valdi sem minnstum truflunum í umhverfinu. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar og náttúruverndar.
VG-SJ-3	Sjóvörn milli Garðs og Sandgerðis		Leitast skal við að halda raski á viðkvæmum fjörubúsvæðum í lágmarki. Tryggja skal að framkvæmir valdi sem minnstum truflunum t.d. fugla á varptíma. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar og náttúruverndar.
VG-SJ-4	Sjóvörn frá Garði að Reykjanesbæ		Leitast skal við að halda raski á viðkvæmum fjörubúsvæðum í lágmarki. Tryggja skal að framkvæmir valdi sem minnstum truflunum t.d. fugla á varptíma. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar og náttúruverndar.
VG-SJ-5	Sjóvörn frá Sandgerði að Stafnesi		Leitast skal við að halda raski á viðkvæmum fjörubúsvæðum í lágmarki. Tryggja skal að framkvæmir valdi sem minnstum truflunum t.d. fugla á varptíma. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar og náttúruverndar.

23.2 VARÚÐARSVÆÐI (VA)

Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun.

Viðbótarákvæði vegna varúðarsvæða

Almenn ákvæði

Gæta skal sérstakrar varúðar við nýtingu lands og framkvæmdir á varúðarsvæðum.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Stærð (ha)</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
VA-1	Gamalt sorpurðunarsvæði við Djúpavík	9	Gamlir sorphaugar og svæði þar sem var urðað asbest og gæta skal varúðar við landnotkun og nýtingu lands m.a. vegna mögulegrar grunnvatnsmengunar og asbestryks. Óheimilt er að raska landi eða hreifa jarðvegi á svæðinu, nema með leyfi yfirvalda.
VA-2	Veðursjá á Miðnesheiði.	50,3	Hafa skal samráð við Veðurstofu Íslands áður en veitt er byggingarleyfi fyrir mannvirkjum sem eru í beinni sjónlínu og hærri en 46,8 m.y.s. frá veðursjá (veðurradar). Starfsemi er ekki heimiluð innan 400 m radíusar frá veðursjá.
VA-3	Gamalt sorpurðunarsvæði á Miðnesheiði	12	Gæta skal varúðar við landnotkun og nýtingu lands vegna mögulegrar grunnvatnsmengunar.

23.3 MINJAVERNÐ (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Viðbótarákvæði vegna minjaverndar

Almenn ákvæði

Allar ákvarðanir/framkvæmdir sem mögulega geta haft áhrif á fornleifar (minjar) skulu vera í samráði um við Minjastofnun.

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Öll svæði sem staðfest hverfisvernd gildir um skulu deiliskipulögð ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Í deiliskipulagi er landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni nánar útfærð í samræmi við reglur settar í aðalskipulagi. Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu svæði/hverfi skal samhliða gerð bæja- og húsakönnun sem höfð skal til hliðsjónar.

Sértæk ákvæði			
Auðkenni	Heiti	Lýsing	Skipulagsákvæði
MV-1	Tóft	Hlaðin tóft íshúss sem íslensk-færeyska félagið lét reisa skammt ofan flæðarmáls í Fúlu 1908.	Sjá almenn ákvæði.
MV-2	Gamla Sandgerði	(Tjarnargata 7, Gamla Sandgerði frá 1883.)	Sjá almenn ákvæði.
MV-3	Efri Flankastaðir	Efri Flankastaðir, bygging frá 1893.	Sjá almenn ákvæði.
MV-4	Hvalsneskirkja	Hvalsneskirkja vígð árið 1887. Friðuð árið 1918.	Sjá almenn ákvæði.
MV-5	Básendar	Leifar Básendakaupstaðar, austan Stafness.	Sjá almenn ákvæði.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
MV-6	Lögrétta	Lögrétta, forn hringur í Stafnestúni norðan bæjar.	Sjá almenn ákvæði.
MV-7	Útskálar	Útskálar. Íbúðarhús Útskála er frá árinu 1890.	Sjá almenn ákvæði.
MV-8	Kirkjustaðurinn Útskálar	Kirkjan friðuð 1. jan. 1990. Timburkirkjan er reist árið 1861 – 1862, hönnuður Einar Jónsson forsmiður frá Brúarhrauni. Kirkjan var lengd til austurs 1895 og smíðuð við hana forkirkja, stækkuð árið 1975.	Sjá almenn ákvæði.
MV-9	Garðskagaviti eldri	Garðskagaviti eldri var friðaður 1. desember 2003 skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001. Byggingarár vitans er 1897 og var hann hannaður af verkfræðingum dönsku Vitamálastofnunarinnar. Vitinn er úr steinsteypu og áfast við hann varðhús. Umhverfis er pallur úr tilhöggnu grjóti. Vitinn var tekinn úr notkun árið 1944.	Sjá almenn ákvæði.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
MV-10	Bærinn Skálareykir og Skagagarðurinn	Bærinn Skálareykir Skagagarðurinn og aðrir hlaðnir garðar, ásamt fornum akurlöndum eru friðlýstar minjar., Akurreinar sem friðlýstar voru 1930, eftir lýsingu Brynjúlfs Jónssonar. Ógreinilegar og mest til horfnar.	Sjá almenn ákvæði.
MV-11	Minjasvæði í Sandgerði	Svæði um 0,7 ha afmarkað á uppdrætti.	Sjá almenn ákvæði.
MV-12	Brekustígur og Tjarnargata - Götumynd	Svæði um 1,4 ha. Nokkur hús frá 19. og 20. öld sem mynda heildstæða götumynd við Brekkustíg og Tjarnargötu. Elsta bæjargatan í Sandgerði.	Sjá almenn ákvæði.

23.4 VATNSVERNDARSVÆÐI OG VATNSBÓL (VF, VG, VB)

Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.

 *Vatnsból (VB):*
Svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar.

Viðbótarákvæði vegna vatnsverndar

<i>Almenn ákvæði</i>			
Rík áhersla er á að ávallt sé til staðar nýtanleg vatnsból sem getur þjónað vatnsþörf íbúum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu ef vatnsöflun þrýtur frá vatnsbólinu í Grindavík.			
<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Stærð (ha)</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
VB-2	Árnarétt	Ótilgreind stærð	Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli. Umgengni er í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.
VG-1	Árnarétt	167,6	Grannsvæði. Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti. Umgengni er í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

Sértæk ákvæði			
Auðkenni	Heiti	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
VF-1	Svæði á Miðnesi milli Sandgerðis og Garðs og norðan Rockville svæðisins	256	Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja. Umgengni er í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

23.5 HVERFISVERND (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Viðbótarákvæði vegna hverfisverndar

Almenn ákvæði			
Öll svæði sem staðfest hverfisvernd gildir um skulu deiliskipulögð ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Í deiliskipulagi er landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni nánar útfærð í samræmi við reglur settar í aðalskipulagi. Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi/svæði skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru með gerð húsakönnunar. Könnunin verður höfð til hliðsjónar við ákvörðun um réttindi, skyldur og kvaðir samfara hverfisvernd. Í gildi er friðlýsing æðarvarps í Ásgarði, Melabergi, Fuglavík, Norðurkoti og Bæjarskerjum. Í reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. segir m.a.: „Friðlýsing æðarvarps gildir á tímabilinu frá 15.apríl til og með 14.júlí ár hvert. Friðlýsingin felur það í sér að öll skot eru bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli. Jafnframt felur friðlýsingin í sér að innan friðlýstra svæða er öll óviðkomandi umferð og röskun bönnuð, svo og óþarfa hávaði af völdum manna og véla, nema með leyfi varpeiganda. Friðlýst æðarvörp skal auðkenna með áberandi hætti, þar sem því verður við komið. Í óbyggðum eyjum og ólmum á þetta ekki við. Ákvörðun um friðlýsingu æðarvarps gildir í 10 ár frá birtingu auglýsingar í Lögbirtingarblaðinu.“			
Sértæk ákvæði			
Auðkenni	Heiti	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
HV-1	Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi. Strandlengjan milli Garðs og Sandgerðis. Hafurbjarnastaðir ásamt gömlu þjóðleiðinni	207,6	Hverfisvernd á fjörum og tjörnum vegna einstaks lífríkis og fjölskrúðugs fuglalífs. Ef ráðast á í framkvæmdir skulu þær deiliskipulagðar. Taka þarf tillit til þeirra nota sem strandlengjan hefur á viðkomandi stað s.s. vistkerfi, útivist og minjar. Ekki er gert ráð fyrir byggð eða öðrum mannvirkjum í fjörum og við tjarnir nema með heimild bæjarstjórnar og skal þá landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni útfærð nánar í deiliskipulagi. Umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð í fjörum, nema með sérstöku leyfi bæjaryfirvalda. Hverfisvernd gamalla gönguleiða felur í sér að vörðum og kennileitum sem þeim tengjast sé ekki raskað og að leiðir séu opnar og færar göngufólki.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Stærð (ha)</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
HV-2	Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi. Strandlengja sunnan Sandgerðis. Þar eru margir minjastaðir og gamla þjóðleiðin	894,6	Hverfisvernd á fjörum og tjörnum á vegna einstaks lífríkis og fjölskrúðugs fuglalífs. Ef ráðast á í framkvæmdir skulu þær deiliskipulagðar. Taka þarf tillit til þeirra nota sem strandlengjan hefur á viðkomandi stað s.s. vistkerfi, útivist og minjar. Umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð í fjörum, nema með sérstöku leyfi bæjaryfirvalda. Ekki er gert ráð fyrir byggð eða öðrum mannvirkjum í fjörum og við tjarnir nema með heimild bæjarstjórnar og skal þá landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni útfærð nánar í deiliskipulagi. Framkvæmdir taki mið af æðarvarpi á svæðinu. Hverfisvernd gamalla gönguleiða felur í sér að vörðum og kennileitum sem þeim tengjast sé ekki raskað og að leiðir séu opnar og færar göngufólki.
HV-3	Bæjarskerseyri (strandlengja)	34,2	Hverfisvernd á fjörum og tjörnum á vegna einstaks lífríkis og fjölskrúðugs fuglalífs og menningarminja. Hverfisvernd gamalla gönguleiða felur í sér að vörðum og kennileitum sem þeim tengjast sé ekki raskað og að leiðir séu opnar og færar göngufólki. Ekki er gert ráð fyrir byggð eða öðrum mannvirkjum í fjörum og við tjarnir nema með heimild bæjarstjórnar og skal þá landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni útfærð nánar í deiliskipulagi. Framkvæmdir taki mið af æðarvarpi á svæðinu.
HV-4	Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi. Sandgerðistjörn ásamt fjöru innan Sandgerðis	20,2	Hverfisvernd á fjörum og tjörnum á vegna einstaks lífríkis og fjölskrúðugs fuglalífs. Skipulag göngu- og hjólastíga taki mið af búsvæðum fugla á svæðinu.
HV-5	Strandlengjan frá Garðhúsavík að Selsvík	260,1	Hverfisvernd á fjörum vegna einstaks lífríkis og fjölskrúðugs fuglalífs. Ekki er gert ráð fyrir byggð eða öðrum mannvirkjum í fjörum nema með heimild bæjarstjórnar og skal þá landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni útfærð nánar í deiliskipulagi. Taka þarf tillit til þeirra nota sem strandlengjan hefur á viðkomandi stað s.s. vistkerfi, útivist og minjar. Umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð í fjörum, nema með sérstöku leyfi bæjaryfirvalda.
HV-6	Forn þjóðleið við Sandgerðisveg	33,2	Hverfisvernd gamalla gönguleiða felur í sér að vörðum og kennileitum sem þeim tengjast sé ekki raskað og að leiðir séu opnar og færar göngufólki.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

<i>Sértæk ákvæði</i>			
<i>Auðkenni</i>	<i>Heiti</i>	<i>Stærð (ha)</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
HV-7	Svæðið norðvestan Gerðavegar að Skagatá og suðaustan Gerðavegar	51,7	Hverfisvernd á fjörum og tjörnum á vegna einstaks lífríkis og fjölskrúðugs fuglalífs. Hverfisvernd á búsetulandslagi og menningarminja. Taka þarf tillit til fornleifa við allar framkvæmdir á svæðinu og horfa til heildarmyndarinnar, þar sem oft á tíðum er um að ræða mikilvægar búsetuminjar. Uppbygging og endurgerð húsa og mannvirkja skal stuðla að heildaryfirbragði á svæðinu um leið og dregin er fram sérstaða þess. Viðbyggingar styrki götumynd og umhverfi. Viðbyggingar falli vel að fyrirliggjandi byggð og umhverfi og taki mið af svipmóti byggðar og hlutföllum. Lagfæringar og endurbætur verði gerðar með hliðsjón af upphaflegri gerð. Ómeðhöndluð opin náttúrusvæði verði varðveitt eins ósnortin og kostur er. Fornleifar verði nýttar á lifandi hátt inn í umhverfið.
HV-10	Nýi vitinn á Garðskaga	0,5	Hverfisvernd vitans og næsta nágretnis vegna einstaks landslags. Allar framkvæmdir skulu taka mið af landslagi og ásýndar lands á svæðinu.

23.6 NÁTTÚRUVERNÐ (ÖN)

Önnur náttúruvernd (ÖN)

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Viðbótarákvæði vegna annarrar náttúruverndar

Almenn ákvæði

Forðast ber að raska svæðinu sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd og/eða eru á náttúruminjaskrá.

Áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmdum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar.

Sértæk ákvæði

Auðkenni	Heiti	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
ÖN-1	Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi Aðrar náttúruminjar (C-hluti Náttúruminjaskrár)	390,8,6	Verndun fjöru og sjávarfitja frá Stafnesi að Rafnkelsstaðabergi, m.a. Sandgerðistjörn, Gerðasíki, Miðhúsasíki og Útskálasíki. Verndun fjölbreytts strandgróðurs og ýmissa fjöruvistgerða, lífauðugra sjávertjarna og fuglalífs. Öll uppbygging á svæðinu skal vera hófstíllt og valdi ekki raski á viðkvæmum búsvæðum.
ÖN-2	Ósar Aðrar náttúruminjar (C-hluti Náttúruminjaskrár)	591	Verndun vogsins með strandlengju, fjörum og grunnsævi. Verndun mikils og sérstæðs botndýralífs, fjölbreyttra fjara og vetrarstöðva ýmissa fuglategunda. Öll uppbygging á svæðinu skal vera hófstíllt og valdi ekki raski á viðkvæmum fjörubúsvæðum.

23.7 HINDRANAFLETIR FLUGVALLA (HF).

Svæði í nágrenni flugvallarsvæðis og á áhrifasvæði flugvallar sem háð er tak-mörkunum á hæð mannvirkja og gróðurs vegna flugtaks og lendingu sem settar eru í skipulagsreglum flugvalla, sbr. lög um loftferðir.

Viðbótarákvæði vegna hindranaflata

Almenn ákvæði

Hindranafletir og skilgreiningar þeirra í samræmi við lög um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð nr. 75/2016 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008. Hindranafletirnir sem um ræðir eru aðflugsfletir, flugtaksfletir, skáfletir, innri láréttur flötur, keiluflötur og ytri láréttur flötur.

- **Aðflugsfletir (ljósbláar línur á Mynd 34).** Hallandi fletir framan við flugbrautarþröskuld. Upphafsbreidd 280 m sem byrjar 60 m frá þröskuldi og gleikkar 15% (1:6,67) út til hliðar. Halli flatarins er 2% (1:50) fyrstu 3.000 m síðan 2,5% (1:40) næstu 3.600 m eða þar til hann sker lárétt plan í 150 m yfir landhæð þröskulds. Síðan kemur láréttur flötur sem nær að 15.000 m fjarlægð frá upphafi aðflugsflata.
- **Flugtaksfletir (fjólubláar línur).** Hallandi fletir út frá flugbrautarendu. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar að lágmarki 60 m frá brautarendu eða við enda hindranalauss klífursvæðis og gleikkar 12,5% (1:8) út til hliðar þar til breidd hans er orðin 1.200 m. Þá eykst breiddin ekki frekar, en heildarlengd flatarins er 15.000 m. Halli flatarins er 2,0% (1:50).
- **Skáfletir (grænar línur).** Liggja samsíða öryggissvæðum brauta og hluta hliða aðflugsflata og ná upp að innri láréttum fleti. Halli skáflata er 14,3% (1:7) frá neðri brún þeirra og upp að innri lárétta fletinum.
- **Keiluflötur (dökkblá lína).** Hallandi flötur, 5% (1:20), upp frá útbrún innra lárétta flatarins og nær 100 m upp fyrir hann.
- **Innri láréttur flötur (dökkgrár fláki).** Svæði 45 m ofar lægsta flugbrautarþröskuldi flugvallarins eða 78,2 m y.s. sem nær í 4.000 m radíus út frá brautarendum og til hliðar við flugbrautir.
- **Ytri láréttur flötur (ljósgrár fláki).** Svæði 150 m ofar viðmiðunarhæðarkóta (AGL, hér á ARP) flugvallarins eða 201,5 m y.s. sem nær frá útbrún keiluflatar í 15.000 m radíus út frá brautarendum og til hliðar við flugbrautir.

Sértæk ákvæði

Auðkenni Heiti

Skipulagsákvæði

HF-1 Hindranafletir við Keflavíkurflugvöll

Óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranafleti flugvallarins sem gerð er grein fyrir á uppdráttum, nema að fengnu samþykki Samgöngustofu að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins.

24 HEIMILDIR

Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024A. *Greinargerð*. Nóvember 2010.

Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024B. *Péttbýlisuppráttur*. Nóvember 2010.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030A. *Greinargerð*. Janúar 2015.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030B. *Péttbýlisuppráttur*. Janúar 2015.

Alþingi. 2021. *Tillaga til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015–2026*. 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 1184 — 705. mál. Stjórnartillaga. Sótt 15. des. 2021 af <https://www.althingi.is/>

Alþingi. 2018. Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018–2024. Samþykkt á Alþingi 11. júní 2018. Sótt 18. janúar 2021 af <https://www.althingi.is/>

Andrés Arnalds. 1988. *Græðum Ísland. Landgræðslan í 80 ár 1907–1987*. Sótt 14. mars 2022 af <https://land.is/>

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. 2021. *Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar. Samstarfsverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Skipulagsstofnunar og Landbúnaðarháskóla Íslands*. Sótt 20. nóvember 2021 af <https://www.stjornarradid.is>

Ásdís A. Arnalds, Ari Klængur Jónsson, Guðný Gústafsdóttir og Ævar Þórolfsson. 2021. *Samfélagsgreining á Suðurnesjum: Lifsgæði, líðan og viðhorf íbúa*. Reykjavík: Félagvísindastofnun Háskóla Íslands.

Byggðastofnun. 2022. *Opinber grunnþjónusta*. Sótt 18. janúar 202 af <https://samradsgatt.island.is/>

Byggðastofnun. 2021. *Vinnu- og skólasóknarsvæði og almenningssamgöngur*. Sótt 25. janúar 2022 af <https://www.byggdastofnun.is/>

Efla. 2022. *Sjóvarnargreining*. Suðurnesjabær 28. 01.2022.

Gallup. 2020. *Þjónusta sveitarfélaga 2020. Suðurnesjabær*. Sótt 4. júní 2021 af <https://www.sudurnesjabaer.is/>

Hafnarreglugerð fyrir Sandgerðishöfn nr. 638/2014.

Hagstofa Íslands. 2022A. *Gistinætur á hótelum og gistiheimilum 1998–*. Sótt 29. janúar 2022 af <https://hagstofa.is/>

Hagstofa Íslands. 2022B. *Afli og aflaverðmæti eftir fisktegund, löndunarhöfn og mánuðum 1982-2020*. Sótt 29. janúar 2022 af <https://hagstofa.is/>

Hagstofa Íslands. 2021. *Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010-2021*. Sótt 22. nóvember 2021 af <https://hagstofa.is/>

KPMG. 2017. *Sameining sveitarfélaga. Sviðsmyndir um mögulega framtíðarskipan sveitarfélaganna*. Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Garður | Ráðgjafarsvið KPMG, ágúst 2017.

Halldór Björnsson, Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson, Trausti Jónsson 2018. *Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands.

Heilbrigðisráðuneytið. 2019. *Heilbrigðisstefna; Stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030*. Sótt 18. janúar 2022 af <https://www.stjornarradid.is/>

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Lög um málefni aldraðra og lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lög um sjóvarnir nr. 28/1997.

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021A. Náttúruminjaskrá. Desember 2020. Sótt 17. ágúst 2021 af <https://natturuminjaskra.ni.is/>

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021B. Mikilvæg fuglasvæði. Rosmhvalanes. Sótt 17. ágúst 2021 af <https://www.ni.is/node/14446>

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021C. Jarðfræðikort. Sótt 17. ágúst 2021 af <https://jardfraedikort.ni.is/>

Náttúrustofa Suðvesturlands. 2022. *Um stofnunina*. Sótt 18. janúar 2022 af <http://www.natturustofa.is/>

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun. 2019. *Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu; Loftslag, landslag, lýðheilsa. Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015–2026*. Sótt 20. september 2021 af <https://www.landsskipulag.is>

SORPA bs, Sorpstöð Suðurlands bs, Kalka sorpeyðingarstöð sf og Sorpurðun Vesturlands hf. 2022. Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033.

Stjórnarráðið. 2021. Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs. Sótt 30. nóvember 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Suðurnesjabær. 2022A. *Byggðasafnið á Garðskaga*. Sótt 18. janúar af <https://www.sudurnesjabaer.is/>

Suðurnesjabær. 2022B. *Bókasafn Suðurnesjabæjar*. Sótt 18. janúar af <https://www.sudurnesjabaer.is/>

Suðurnesjabær. 2021. *Húsnæðisáætlun 2021-2025*. VSÓ RÁÐGJÖF. 1. útgáfa, Október 2021.

Suðurnesjabær. 2019A. Útgarður. Verndarsvæði í byggð. Tillaga í október 2019. Greinargerð. Sótt 20. desember 2021 af <https://www.sudurnesjabaer.is/>

Suðurnesjabær. 2019B. Krókskotstún – Landakotstún Sandgerði. *Verndarsvæði í byggð. Tillaga. Greinargerð*. Nóvember 2018. Sótt 20. desember 2021 af <https://www.sudurnesjabaer.is/>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2021. Í ljósi loftslagsvár - Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum. Sótt 30. nóvember 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. Útgáfa. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030 Sótt 20. september 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Umhverfisráðuneytið. 2013. *Myrkurgæði á Íslandi. Greinargerð starfshóps um myrkurgæði og ljósmengun ásamt tillögum um úrbætur og frekari athugun*. Sótt 30. nóvember 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Umhverfisstofnun. 2019. *Loftgæði á Íslandi. Ársskýrsla 2010*.

Veðurstofa Íslands. 2021. Veðurfarsgögn fyrir Keflavíkurflugvöll og Garðskagavita. Dags. 28. ágúst 2021.

Vegagerðin. 2020. *Umferðartölur 2020*. Vegagerðin, Umferðardeild.

Vegagerðin. 2018. Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð. Sótt 20. september 2021 af <https://www.vegagerdin.is/>

Vegagerðin og Isavia. 2017. *Kortlagning hávaða samkvæmt tilskipun EU 2002/49/EC. Reykjanesbraut og Keflavíkurvegur í gegnum Reykjanesbæ. Keflavíkurflugvöllur*. Sótt 20. nóvember 2021 af <https://ust.is/>

Vegalög nr. 80/2007.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Vinnumálastofnun. 2022. Atvinnuleysi – tölulegar upplýsingar. Nánari greining sveitarfélaga í landinu. Sótt. 27. janúar 2022 af <https://vinnumalastofnun.is/>

Vífill Karlsson og Helga María Pétursdóttir. 2021. Íbúakönnun landshlutanna 2020: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða. Samantekt á niðurstöðum. Deigla, Rit atvinnuþróunarfélaganna, Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna. Nr. 1 2021. Janúar 2021 Sótt 22. júní 2021 af <https://www.ssne.is/>

Þekkingarsetur Suðurnesja. 2022. *Markmið og hlutverk*. Sótt 18. janúar 2022 af <https://thekkingarsetur.is/>

Þjóðskrá Íslands. 2021. *Fjöldi íbúða*. Sótt 30. nóvember 2021 af <https://www.skra.is/gogn>

Þjóðskrá Íslands. 2020. *Lögbýlaskrá 2020*. Sótt 14. mars 2022 af <https://www.skra.is/gogn>

25 VIÐAUKAR

25.1 VIÐAUKI 1. FRIÐLÝST OG FRIÐUÐ HÚS OG HÚS SEM VERÐA ELDRI EN 100 ÁRA Á SKIPULAGSTÍMABILINU

Tafla 25.1 Hús í Suðurnesjabæ sem eru friðlýst, friðuð, verða eldri en 100 ára á skipulagstímabilinu eða leita þarf álits um hjá Minjastofnun vegna aldurs. (Þjóðskrá, 2021)

Bygging	Byggingarár og aldurskipting			
	Friðlýst	Friðað	Leita þarf álits MÍ	Verður 100 ára á tímabili
Akurhús (Íbúð)				1932
Akurhús (bílskúr og fiskhús)				1934
Akurhús 1		1912		
Brekkustígur 8		1922		
Brekkustígur 10				1927
Brekkustígur 12				1928
Efri-Flankastaðir		1893		
Fuglavík				1930
Garðbraut 33				1932
Garðskagaviti eldri (gamli) - Friðaður 2003	1897			
Gauksstaðavegur 6a		1920		
Gauksstaðavegur 10 (Gauksstaðir)		1920		
Gerðavegur 6				1934
Gerðavegur 25		1920		
Gerðavegur 28a		1890		
Gerðavegur 30				1930
Gerðavegur 33		1912		
Hlíðargata 33				1929
Hvalsnes				1929
Hvalsneskirkja Friðuð 1990	1866			

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Bygging	Byggingarár og aldursskipting			
	Friðlýst	Friðað	Leita þarf áhlits Mí	Verður 100 ára á tímabili
Jaðar		1905		
Kothúsavegur 10		1897		
Kothúsavegur 12		1897		
Lónshús		1906		
Meiðastaðavegur 7				1928
Miðhús				1926
Neðri-Flankastaðir		1920		
Norðurkot				1930
Nýlenda í Hvalsnesi			1925	
Rafnkelsstaðavegur 8		1910		
Réttarholtsvegur 17		1912		
Setberg				1930
Skagabraut 6		1905		
Skagabraut 15				1931
Skagabraut 34				1934
Skagabraut 44A		1911		
Skagabraut 48				1930
Skagabraut 72		1905		
Skagabraut 72A				1927
Skagabraut 76		1920		
Skagabraut 86		1920		
Skuld			1924	
Sólbakki				1926
Sólheimar 9			1925	
Stóri Hólmur				1930
Strandgata 1A		1900		
Strandgata 2A		1915		

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Bygging	Byggingarár og aldursskipting			
	Friðlýst	Friðað	Leita þarf áhlits Mí	Verður 100 ára á tímabili
Strandgata 2B		1915		
Strandgata 2C		1915		
Suðurgata 29				1929
Tjarnargata 2		1922		
Tjarnargata 4				1934
Tjarnargata 7		1883		
Tjarnargata 17				1928
Túngata 21				1932
Uppsálavegur 8				1932
Útskálar		1890		
Útskálakirkja Friðuð 1990	1861			
Vararvegur 9				1926
Vararvegur 14		1920		
Víkurbraut 1b				1934
Víkurbraut 9				1929
Víkurbraut 9b				1930
Víkurbraut 15		1920		
Víkurbraut 17 (Sunnuhvoll)				1932

25.2 VIÐAUKI 2. VEGIR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS

Tillaga að vegum í náttúru Íslands í Suðurnesjabæ er unnin af starfsmönnum bæjarins og við það verk var nýtt sérstök vefsja þar sem vegirnir og flokkun þeirra var skráð. Leitað var álits staðkunnugra við vinnsluna.

Drög að tillögu að skránni var kynnt samhlíða kynningu á vinnslutillögu Aðalskipulags Suðurnesjabæjar 2022-2034 frá 22. mars til og með 14. apríl 2022. Vinnslutillagan var kynnt og birt á vef Suðurnesjabæjar 22. mars 2022 og auglýsing um tillöguna var birt í Víkurfréttum. Á vef sveitarfélagsins, þ.e. í auglýsingunni, var hlekkur á sérstaka vefsja með drögum að tillögu að vegum í náttúru Íslands. Jafnframt var tillagan aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins. Kynningarfundur var haldinn 5. apríl 2022 í Samkomuhúsinu í Sandgerði og þar var kort yfir vegi í náttúru Íslands jafnframt kynnt, m.a. á stóru korti á vegg. Vinnslutillaga aðalskipulagsins var send stofnunum til umsagnar 22. mars 2022. Á kynningartímanum komu ekki fram formlegar athugasemdir um þá vegi sem voru í drögum að tillögu að vegum í náttúru Íslands.

Að lokinni kynningu á vinnslu stigi var svo gerð tillaga að vegum í náttúru Íslands í Suðurnesjabæ, þar sem tekið var tillit til athugasenda Skipulagsstofnunar og annara ábendinga sem komu fram í samráðsferlinu. Tillagan er hér sett fram í töflu og korti, en auk þess eru landupplýsingar sem innihalda skrána.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

Nr	Vegheiti	Lýsing vegar
1	Djúpivogur	Vegur sunnan Keflavíkurvegar við Djúpavog
2	Við Þórshöfn	Vegur sunnan Garðskagavegar við Þórshöfn
3	Gálgar	Vegur norðan Garðskagavegar að áningarstað við Gálgaklett
4	Stafnesvegur	Vegur í Stafnesi
5	Stafnes	Vegtenging í Stafnesi
6	Glaumbær	Vegtenging við Stafnes
7	Vinabær	Vegtenging við Stafnes
8	Bali	Vegtenging við Stafnes
9	Bali - Garðshorn	Vegtenging við Stafnes
10	Bali - Hafurstaðir	Vegtenging við Stafnes
12	Bali - sumarhús	Vegtenging við Stafnes
13	Strandstaður Wilson Muga	Vegtenging að áningarstað sunnan við Hvalsnes
14	Smiðshús	Vegtenging af Garðskagavegi sunnan við Hvalsnes að Gerðakoti og Smiðshúsum
15	Vegur að aðflugsstefnuvita	Vegur austan Garðskagavegar skammt sunnan Hvalsness að aflugsstefnuvita Isavia
16	Vegur við Hvalsneskirkju	Vegtenging af Hvalsnesvegi að Hvalsneskirkju
17	Vegur við Hvalsneskirkjugarð	Vegtenging af Hvalsnesvegi að þjónustuhúsi Hvalsneskirkjugarðs
18	Bursthús	Vegtenging af Garðskagavegi til vesturs að Bursthúsum norðan við Hvalsnes
19	SkinnaLönd	Vegtenging af Garðskagavegi til vesturs að Skinnalöndum norðan við Hvalsnes
20	Lönd	Vegtenging af Garðskagavegi til vesturs að Löndum norðan við Hvalsnes
21	Nesjar	Vegtenging af Garðskagavegi til vesturs að Nesjum norðan við Hvalsnes
22	Melaberg	Vegtenging af Garðskagavegi til austurs við Melaberg sunnan Sandgerðis
23	Lindarsandur	Vegtenging af Garðskagavegi norðan við Melberg til vesturs að ströndinni við Lindarsand sunnan Sandgerðis
24	Fuglavík	Vegtenging af Garðskagavegi til vesturs við Fuglavík sunnan Sandgerðis

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga


25	Bjarghús	Vegtenging af Garðskagavegi til austurs við Bjarghús sunnan Sandgerðis
27	Lyngselsvegur	Vegtenging af Garðskagavegi til austurs við Bæjarsker 2 sunnan Sandgerðis
28	Miðkot	Vegtenging af Garðskagavegi til vesturs við Setberg og Miðkot sunnan Sandgerðis
30	Austan Byggðavegar	Vegur austan Byggðavegar í Sandgerði
31	Vegur að efnislosunarsvæði	Vegtenging af Byggðavegi að gömlum fiskhjöllum og efnislosunarsvæði austan Sandgerðis
32	Norðurgata 52	Vegtenging að Norðurgötu 52 norðan Sandgerðis
33	Norður-Flakastaðavegur	Vegtenging að Norður-Flakastaðavegi norðan Sandgerðis
34	Vegur austan Arnarhóls	Vegur austan Garðskagavegar norðan Sandgerðis sem tengist nýtingu lands til landbúnaðar
36	Vegur austan Nátthaga	Vegur austan Garðskagavegar móts við Nátthaga, þ.e. vegur að beitarhólfi
37	Fitjar	Vegtenging af Útgarðsvegi sunnan Nátthaga og að Fitjum
38	Útgarðsvegur	Vegur austan Nátthaga, þ.e. syðsti hluti Útgarðsvegar
39	Nátthagi	Vegtengingar um frístundabyggð í Nátthaga
40	Kolbeinsstaðir	Vegtenging af Útgarðsvegi til vesturs við Kolbeinsstaði
41	Ásgarður 1	Vegtenging af Útgarðsvegi sunnan Garðs til austurs við Ásgarð 1
42	Vegur sunnan Skagabrautar	Vegtenging við athafnasvæði sunnan Skagabrautar í Garði
43	Útskálar	Vegur frá Útskálum að ströndinni í Garði
44	Austan Kolbeinsstaða	Vegtenging af Garðskagavegi vestan Garðs að gömlu efnistökusvæði
45	Vegir vestan þéttbýlis í Garði	Vegtenging af Garðskagavegi skammt vestan byggðarinnar í Garði
46	Vegir sunnan þéttbýlis í Garði	Vegtenging af Garðskagavegi skammt sunnan byggðarinnar í Garði
47	Rockville	Vegur um gamalt varnarsvæði með vegtengingu við Sandgerðisveg
48	Veðurratsjá	Vegtenging til norðurs af Sandgerðisvegi við Veðurratsjá
49	Vegur austan Bergvíkur	Vegur að kartöflugörðum austan Bergvíkur

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034; Greinargerð - Tillaga

50	Línuvegur á Miðnesi	Línuvegur með kaldavatnslögn
51	Austan Rockville	Vegtenging til norðurs af Sandgerðisvegi austan Rockville
52	Helguvíkurvegur	Línuvegur" með olíulögn að Helguvík
53	Vegur að golfskála í Leiru	Vegtenging til austurs af Garðskagavegi að golfskálanum í Leiru
54	Stórhólmsvegur	Vegtenging til austurs af Garðskagavegi að Stóra-Hólmi og golfvelli
55	Litlahólmsvegur	Vegtenging til austurs af Garðskagavegi að Litla-hólmi
56	Langholtsvegur	Vegtenging til vesturs af Garðskagavegi sunnan Garðs móts við Langholt að fiskhjöllum og gömlu efnistökusvæði
57	Hádegisholtsvegur	Vegtenging til austurs af Garðskagavegi sunnan Garðs við Hádegisholt
58	Gufuskálavegur	Vegtenging til austurs af Garðskagavegi sunnan Garðs við eyðibýlið Gufuskála
59	Kirkjuból	Vegtenging til vesturs af Útskálavegi að Kirkjubóli og Kirkjubólsvelli
60	Ratsjárstöð	Vegtenging til suðurs af Sandgerðisvegi austan Sandgerðis að H1 Ratsjárstöð



Skýringauppráttur 2
Vegir í náttúru Íslands
Mkv.: 1:50.000



Flokkun vega í náttúru Íslands skv. reglugerð nr. 260/2018.


- F0 Greiðfær vegur, fær allri almenntri umferð að sumarlagi.
- F1 Seinfær vegur, fær allri almenntri umferð að sumarlagi.

- Annað samgöngunet
- Þéttbýlismörk
- Önnur sveitarfélög

25.3 VIÐAUKI 3. GÖNGU- OG HJÓLALEIÐIR



Skýringauppráttur 1
Göngu- og hjólaleiðir
Mkv.: 1:50.000



Göngu- og hjólaleiðir

- VE-GH-1 Þéttbýli Sandgerðis
- VE-GH-2 Milli Sandgerðis og Garðs
- VE-GH-3 Þéttbýli Garðs
- VE-GH-4 Frá Garði að Rósaselstorgi
- VE-GH-5 Frá Garði að Reykjanesbæ
- VE-GH-6 Ofanbyggðavegur í Sandgerði
- VE-GH-7 Flugvöllur að Reykjanesbæ
- VE-GH-8 Sandgerðisstígur milli Sandgerðis og flugvallar

Gönguleiðir

- VE-GL-1 Strandstígur í þéttbýli Sandgerðis
- VE-GL-2 Strandstígur milli Sandgerðis og Garðs
- VE-GL-3 Strandstígur í þéttbýli Garðs
- VE-GL-4 Þéttbýli Sandgerðis
- VE-GL-5 Þéttbýli Garðs
- VE-GL-6 Strandstígur frá Sandgerði að Ósi.
- VE-GL-7 Milli Sandgerðis og Garðs

- Reiðleið
- Vegir
- Þéttbýlismörk
- Önnur sveitarfélög

